# FRÉTTABLAÐIÐ

271. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. NÓVEMBER 2015




**Tölvugerð mynd af stórflóði í Reykjavík** Aftakaflóð í ætt við stærsta sjávarflóð Íslandssögunnar, að teknu tilliti til landsigs og hækkandi sjávarstöðu næstu áratuga, myndi sökkva Kvosinni í Reykjavík, stórum svæðum við gömlu höfnina og Örfirisey í heild sinni. Þótt íbúum sé ekki mikil hætta búin af slíkum atburði eru yfirvöld hvött til þess að gera strax ráðstafanir til að verjast þeirri ógn sem sjávarflóð verða í framtíðinni. Ef brugðist er við í tíma er hægt að koma í veg fyrir mikil og óþörf fjárútlát síðar. Sjá síðu 10 MYND/STUDIO GRANDA

## Áætlun Alþingis heldur ekki

**ALÞINGI** Þar sem fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar berst ekki fjárlaganefnd í tæka tíð nær önnur umræða um frumvarpið ekki að fara fram á Alþingi næsta fimmtudag eins og áætlun þingsins gerði ráð fyrir.

Oddný Harðardóttir, þingkona Samfylkingarinnar, segir lítið að gerast í þinginu og því sé það skandall að fresta þurfi umræðu um fjárlög vegna seinagangs. – sa / sjá síðu 6

# Skurðstofa lokuð og hundruð bíða aðgerðar

**Nú bíða 275 konur eftir grindarbotnsaðgerð. Ein af þremur skurðstofum er lokuð vegna skorts á skurðhjúkrunarfræðingum. Biðtími er allt að tvö ár.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ein af þremur skurðstofum kvensjúkdómadeildar Landspítalans er lokuð vegna skorts á skurðhjúkrunarfræðingum. Nú bíða 275 konur eftir grindarbotnsaðgerð. Af þeim eru 238 með blöðrusig eða legsig og 37 með þvagleka. Biðin eftir aðgerð getur í sumum tilfellum verið nær tvö ár. Alls bíða 180 konur eftir greiningu á göngudeild.

„Við höfum einungis getað haldið tveimur skurðstofum af þremur opnum frá því í vor vegna skorts á skurðhjúkrunarfræðingum. Verkföll settu strik í reikninginn í vor og svo komu sumarfrí. Við vonuðumst til að geta opnað þriðju skurðstofuna aftur í haust en það tókst ekki og þá lengist biðlistinn,“ segir Kristín Jónsdóttir, yfirlæknir á kvensjúkdómadeildinni.

Konurnar sem bíða eftir aðgerð eru á öllum aldri, að sögn Kristínar. „Við fæðingu barns verða oft skaðar, fyrst og fremst á vöðvafestum og bandvef sem við erum að gera við. Algengara er að yngri yngri konur fari í þvaglekaaðgerðir en aðgerðir vegna sigs. Þær bíða skemur, eða sex til sjö mánuði. Lengsti biðtíminn hjá konum sem þurfa sigaðgerð er nær tvö ár.“

**238**
konur bíða eftir aðgerð vegna blöðrusigs eða legsigs

**37**
konur bíða eftir aðgerð vegna þvagleka

**180**
konur bíða eftir greiningu

Kristín getur þess að kvensjúkdómalæknar á Landspítalanum geri ekki aðgerðir vegna hægðaleka, heldur almennir skurðlæknar. „Þetta er yfirleitt ekki stór hópur. Við greinum þær en sendum þær síðan áfram.“

Bæði þvagleki og hægðaleki er mikið feimnismál, að því er Kristín greinir frá. „Konurnar segja ekki frá þessu og þær koma oft ekki til læknis fyrr en mörgum árum eftir að vandamálið byrjar. Eftir að hafa fengið bata virðist mér þær geta rætt þetta við vinkonur og þá kemur stundum í ljós að fleiri glíma við þetta.“

Fjöldi fyrrgreindra aðgerða var áður gerður á St. Jósefsspítala. Þegar honum var lokað fyrir um fjórum árum fluttust þessar grindarbotnsaðgerðir yfir á Landspítalann. „Áður var í raun enginn biðlisti vegna slíkra aðgerða hjá kvennadeild Landspítalans. En ef við fengjum vinnufrið í svolítinn tíma og gerðum átak í þessum aðgerðum kæmist jafnvægi á. Núna er eins og við séum að hlaupa á eftir skottinu á okkur,“ tekur yfirlæknirinn fram. ibs@frettabladid.is

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um ferðakostnað þingmanna. 20-24

**SPORT** Systurnar í körfuboltalandsliðinu. 26

**MENNING** Ragnhildur Thorlacius hefur skrásett ævi Brynhildar Georgíu Björnsson. 46-48

**LÍFIÐ** Mammút snýr heim eftir Evróputúr. 56-62

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




**Köld norðlæg átt** og víða éljagangur, en þurrt suðvestanlands. Frost 2 til 11 stig, en kólnar síðan enn frekar annað kvöld og stefnir í hörkufrost víða um land aðfaranótt föstudags. SJÁ SÍÐU 34

# Fara fram á að dómarar víki sæti

**KJARAMÁL** Verkalýðsfélag Akraness (VLFA) fer fram á að dómarar sem Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hafa skipað í Félagsdóm víki sæti þegar stefna VLFA verður tekin fyrir í dóminum. Málið var þingfest í gær.

Verkalýðsfélag Akraness telur að rammasamkomulag SALEK-hópsins, hóps helstu stéttarfélaga landsins, atvinnurekenda, sveitarfélaga og ríkisins, skerði umtalsvert samningsrétt frjálsra stéttarfélaga og sé því brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

„Hugsunin á bak við það að ASÍ og SA skipi sinn fulltrúa í dóminn er sú að skapa jafnvægi á milli hagsmunaaðila [...] í þessu tilfelli er það Verkalýðsfélag Akraness sem er að stefna Sambandi íslenskra sveitarfélaga en hins vegar eru ASÍ og Samtök atvinnulífsins hluti af þessu rammasamkomulagi eins og áður sagði og því eðlileg krafa að þeir dómarar víki og skipaðir verði nýir,“ segir í tilkynningu VLFA. **– þea**

# Allir fái framfærslu

**STJÓRNMÁL Þingflokkur Pírata hefur lagt fram þingsályktunartillögu þar sem félags- og húsnæðismálaráðherra er falið að þróa tillögu að kerfi utan um skilyrðislausa grunnframfærslu eða svokölluð borgaralaun.**

Tillagan felur í sér að tryggja öllum borgurum ákveðna grunnframfærslu með það að markmiði að styrkja efnahagsleg og félagsleg réttindi fólks auk þess að útrýma fátækt.

Ráðherra verði falið að stofna starfshóp utan um hugmyndina og leita samráðs við helstu hagsmunaaðila á vinnumarkaði, Félag eldri borgara, Öryrkjabandalagið og fleiri samtök.

Píratar lögðu fram sömu þingsályktunartillögu á síðasta þingi en þá náði hún ekki fram að ganga. **– srs**

# Þjóðfundarstemning



Um 200 ungmenni úr 8. til 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur komu saman á stórfundi í ráðhúsi borgarinnar í gær til að ræða framtíð frístundastarfs í borginni. Ungmennin komu með ótal hugmyndir um hvernig þróa mætti frístundastarfið, hvað væri gott og hvað mætti bæta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vilja fleiri ódýrar íbúðir í Garðabæ

**HÚSNÆÐISMÁL** „Við þurfum skýra aðgerðaráætlun um það hvernig og hvenær við ætlum að bjóða upp á raunhæfa húsnæðiskosti fyrir ungt fólk og barnafólk,“ segir í tillögu Bjartrar framtíðar í bæjarstjórn Garðabæjar um fjölgun lítilla og ódýrra íbúða í bænum.

„Tillaga sem lögð var fram á þar síðasta bæjarstjórnarfundi um hugmyndasamkeppni um rammaskipulag á Lyngássvæðinu er góð og gild en hún er einnig tímafrek. Margt má gera í millitíðinni. Björt framtíð hvetur bæjaryfirvöld til að taka meðal annars vel í nýlegar umsóknir verktaka sem hafa óskað eftir lóðum til að byggja ódýrar íbúðir. Hefja á samtalið strax við þessa aðila og einnig að bjóða enn fleiri verktökum og byggingarfélögum að borðinu,“ segir Björt framtíð. Tillögunni var vísað til skipulagsnefndar. **– gar**

# Smíðar hraðbáta fyrir ríkasta fólk í heimi

Vikal International hefur smíðað 55 báta fyrir 300 ríkustu fjölskyldur heims.

**VIÐSKIPTI** Gunnar Þór Gunnarsson, eða Gunnar Víkingur, hefur síðustu þrjátíu árin smíðað hraðbáta fyrir ríkustu fjölskyldur heims. Gunnar fluttist til Perth í Ástralíu fimmtán ára gamall árið 1969 og hóf að nema bátasmíði ári síðar. Árið 1982 stofnaði hann skipasmíðastöðina Vikal International sem sérhæfir sig í smíði hraðbáta.

„Við seljum til þrjú til fjögur hundruð ríkustu fjölskyldna í heimi, við vinnum bara innan þeirra marka,“ segir Gunnar. „Við höfum gert ýmislegt til að komast í þessa stöðu, og við byrjuðum ekki að selja inn á þennan markað fyrr en tíu árum eftir stofnun.“

Vikal International sérhæfir sig í lúxushraðbátum fyrir stórar snekkjur. „Snekkjur á stærð við stærstu togara Íslands bera um borð smábáta og við smíðum þá. Þetta eru eins konar ferjur fyrir eigendurna og gesti þeirra, og í raun leikföng líka. Það eru alltaf sérþarfir fyrir hvern bát,“ segir Gunnar og áréttar að um hágæðaframleiðslu sé að ræða. „Sumir af þessum bátum eru í rauninni bara eins og stórir skartgripir. Fólkið sem kaupir þessa báta er fólk sem er búið að kaupa allt annað. Þetta er eiginlega það síðasta sem þú þarft að eiga. Þú kaupir ekki svona bát fyrr en þú ert búinn að panta skipið, og átt nú þegar nokkur hús, þyrlu og flugvél og allt annað sem þér dettur í hug.“

Gunnar rekur starfsemina ásamt syni sínum. Þeir smíða að jafnaði þrjá báta á ári og hafa smíðað fimmtíu og fimm báta frá því að fyrirtækið var stofnað.

„Það er ekki hægt að smíða marga báta á ári og það eru ekki pantaðir nema fáir svo þetta gengur alveg upp.“ Gunnar segir söluna vera mjög sveiflukennda og velta mikið á efnahagsástandi heimsins. Hann segir að efnahagshrunið hafi haft áhrif. En nú sé þetta komið á fleygiferð aftur.

Fyrirtækið hefur stækkað frá stofnun en Gunnar segist aldrei hafa haft mikinn áhuga á útrás. „Þetta er rosalega takmarkaður markaður og við erum ekki í því að stækka eins mikið og hægt er. Hann sonur minn stækkar fyrirtækið kannski í framtíðinni, það er undir honum komið.“

Gunnar á sjálfur einn bát en segist ekki hafa sérlega mikinn áhuga á honum. „Ef maður hefur unnið við bátasmíði sex daga vikunnar mestalla ævina þá vill maður ekki eyða sjöunda deginum við það að leika sér um borð í bát.“ **saeunn@frettabladid.is**



**Hraðbátarnir eru vinsælir meðal snekkjueigenda.** MYND/VIKAL INTERNATIONAL

> Fólkið sem kaupir þessa báta er fólk sem er búið að kaupa allt annað. Þetta er eiginlega það síðasta sem þú þarft að eiga. Þú kaupir ekki svona bát fyrr en þú ert búinn að panta skipið, og átt nú þegar nokkur hús, þyrlu og flugvél og allt annað sem þér dettur í hug.



Gunnar Víkingur
stofnandi Vikal International



HÚSASMIÐJAN

blómaval

# STÓRA SERÍU HELGIN

## BYRJAR Í DAG

**20-40% afsláttur**

**allar seríur og jólaljós**

Opið í Blómavali Skútuvogi til kl. 21:00 til jóla



**JÓLAHLAÐBORÐ**

Í SKÚTUVOGI HEFST Í KVÖLD

KAFFI GARÐUR

Virka daga 17:00-20:00 • Helgar 13:00-20:00

AÐEINS **1.980kr** Börn 10 ára og yngri **500kr**

**Gildir til sunnudags.** Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Kvika er að safnast undir Bárðarbungu á nýjan leik

**NÁTTÚRA** Mælingar benda til kvikusöfnunar undir Bárðarbunguöskjunni. Þetta er niðurstaða Náttúruváreftirlitshóps Veðurstofu Íslands sem fundaði í gær vegna fjölgunar jarðskjálfta við eldstöðina.

„GPS-mælingar sýna merki um þenslu á svæðinu kringum Bárðarbungu sem benda til kvikusöfnunar undir Bárðarbunguöskjunni. Þessi merki hafa orðið greinilegri nú á haustmánuðum,“ segir í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands vegna fundarins. Því er sagt algengt að þenslumerki mælist í nánd við eldstöðvar eftir eldgos. „Til að mynda hafa eldfjöllin Eyjafjallajökull, Grímsvötn og Hekla sýnt slíka hegðun.“

Samfara þenslunni hefur skjálftum í Bárðarbunguöskjunni af stærð 2,5 til 3,8 stig fjölgað en skjálftavirknin hefur að öðru leyti lítið breyst. Eftir eldgosið í Holuhrauni, sem lauk 28. febrúar, var töluverð smáskjálftavirkni sem dó út eftir því sem leið á sumarið.

**2,5-3,8**

**stiga jarðskjálftum í Bárðarbunguöskjunni hefur fjölgað samfara þenslu sem oft mælist í nánd við eldstöðvar eftir eldgos.**

Bárðarbunga er vöktuð allan sólarhringinn á Veðurstofu Íslands og þrátt fyrir kvikusöfnun undir eldstöðinni sjást engin augljós merki um yfirvofandi gos á þessum tímapunkti.

Vísindaráð almannavarna hittist á næstunni og fer þá yfir stöðuna við Bárðarbungu. **– shá**



**Ekki eru merki um yfirvofandi eldgos í Bárðarbungu en fylgst er með eldstöðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL



**Stjórnmálamenn tókust á um efnahagsmál í Hörpu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tiltekt frekar en ný mynt

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er þeirrar skoðunar, og við í Samfylkingunni, að þessi ríkisstjórn sé að loka augunum allt of skarpt gagnvart þeim kostnaði sem fylgir því að koma þaki yfir höfuðið á Íslandi,“ sagði Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, á fundi Samtaka atvinnulífsins um fjármál ríkisins í Hörpu í gær.

Samkvæmt nýbirtri skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja 53 prósent fá nýja mynt.

Búsetu á „örmyntsvæði“ segir Katrín ástæðu þess að hér sé dýrara að koma sér þaki yfir höfuðið en erlendis. „Og ef menn eru ekki tilbúnir til þess að fara þá leið að taka upp aðra mynt með því að ganga í myntbandalag, viljið þið þá bara segja okkur hvaða plan annað þið ætlið að bjóða okkur upp á?“

Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknarflokksins, sagði að leiðin til að byggja upp samfélag, sem væri jafnstætt samfélögunum á Norðurlöndunum, væri meiri agi í ríkisfjármálum. „Við getum vel lifað með krónunni, ef það er agi í ríkisfjármálum. Eigum við að taka upp evru með vöxtunum í Kýpur eða Svartfjallalandi?“ spurði hann.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði að fyrst og fremst þyrfti að taka til í efnahagsmálum heima fyrir. Þegar það væri búið mætti ræða upptöku nýrrar myntar. Forsenda þess að hægt væri að taka upp nýja mynt væri hvort eð er sú að tekið yrði til heima fyrir. **– jhh**

# Aldrei neinn einn sökudólgur

## LSH hefur lokið greiningu á 17 alvarlegum atvikum. Sýnir ítrekað samskiptaskort og lélegt upplýsingaflæði.

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrir þremur árum var tekið upp nýtt verklag á Landspítalanum til að efla öryggismenningu. Í því fólst meðal annars að gera rótargreiningu á alvarlegum atvikum. Þá er farið djúpt í saumana á verklagi og umhverfi til að greina hvað fór úrskeiðis og niðurstaðan notuð til að bæta vinnulagið.

Á þremur árum hafa tuttugu rótargreiningar verið gerðar á alvarlegum atvikum. Sautján greiningum er lokið og var þar í þrettán tilfellum um að ræða dauðsfall sjúklings. Stjórnendur spítalans segja helstu niðurstöður í öllum tilfellum vera að samverkandi þættir hafi valdið atvikinu. Því sé erfitt að flokka niðurstöðurnar og í engu tilfelli hægt að finna einn sökudólg.

„Við höfum aldrei komist að þeirri niðurstöðu að mistök einstaklings hafi skipt sköpum,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar. „Í öllum tilfellum verður röð atburða til þess að eitthvað fer úrskeiðis.“

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, tekur undir orð Sigríðar. Hann segir samskipti í breiðri merkingu og upplýsingaflæði vera dæmi um þætti sem koma endurtekið fyrir í niðurstöðum rótargreininga.

„Þá erum við ekki að tala um slæm samskipti milli starfsfólk heldur misskilning, miðlun upplýsinga og samskiptaferla. Heilbrigðisþjónusta er teymisvinna og margir hugsa um sjúklinginn. Því erum við að vinna í því núna að starfsfólk tali saman á kerfisbundinn hátt og upplýsingaöflun verði markvissari.“

Ólafur og Sigríður segja að það sama hafi átt við um mál hjúkrunarfræðingsins sem nú er fyrir dómi vegna ákæru fyrir manndráp af gáleysi.

„Um leið og rótargreiningu á málinu lauk gátum við verið mjög viss í okkar sök að ekki væri hægt að kenna mistökum einnar manneskju um,“ segir Sigríður. „En reynsla okkar er sú að um leið og atvik kemst upp



**Á þremur árum hafa 20 rótargreiningar verið gerðar. Niðurstaðan í öllum málum er að samverkandi þættir hafi valdið atviki.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Við höfum aldrei komist að þeirri niðurstöðu að mistök einstaklings hafi skipt sköpum.**



Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar

þá eru fyrstu viðbrögð starfsfólks að taka sökina á sig. Niðurstöður rótargreiningar sýna oft allt aðra niðurstöðu og stundum að viðkomandi var einmitt sá sem gerði allt rétt. Sá aðili ætti ekki að sitja uppi með Svarta-Pétur.“

Sigríður bendir á að mál hjúkrunarfræðingsins sé ekkert frábrugðið öðrum málum sem rótargreining hefur verið gerð á. „Það sem er ólíkt er hvernig lögreglan fór fram og ríkissaksóknari.“

Umræða hefur verið um tækja- og tölvubúnað Landspítalans og mistök rakin til vanefna á því sviði. Ólafur viðurkennir að ýmislegt megi bæta á spítalanum en það megi ekki skella skuldinni á tæknina.

„Heilbrigðisþjónusta er sameiginlegt verkefni margra og það eru fyrst og fremst samskiptin sem bila. Læknir hefur alltaf sömu skyldu, óháð því hvaða tölvukerfi eru í kringum hann, og ber alltaf ábyrgð á að koma skilaboðum til sjúklings.“

Ólafur segir að það geti verið að fólk treysti of mikið á tæknina. „Mannlegi þátturinn þarf að vera vakandi þótt kerfin styðji við okkur. Það væri mjög gott fyrir öryggismenninguna að fá nýjustu og fullkomnustu kerfin. Auðvitað. En það myndi ekki leysa öll vandamálin.“

**erlabjorg@frettabladid.is**

**20** rótargreiningar hafa verið gerðar

**17** niðurstöður hafa fengist

**13** atvik tengdust dauða sjúklings


JÓLATILBOÐ

Þráðlaus kjöthitamælir



4.990

FULLT VERÐ 7.990

LANDMANN

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

www.grillbudin.is


# Ofbeldisaldan bitnar á börnum

**BÚRÚNDÍ** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur áhyggjur af börnum í Búrúndí, þar sem ofbeldisalda hefur gengið yfir undanfarið.

Nú þegar hefur ofbeldið kostað sautján börn lífið frá því ólgan hófst, en það gerðist í apríl síðastliðnum. Þá hefur brotum gegn réttindum barna fjölgað jafnt og þétt þessa mánuði.

Mikill meirihluti íbúanna býr við mikla fátækt, og hefur staða þeirra versnað enn vegna ólgunnar og hækkandi verðlags vegna hennar.

„Hættuástandið í Búrúndí má ekki bitna á börnunum,“ segir Leila Gharagozloo-Pakkala, en hún er svæðisstjóri UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, í austan- og sunnanverðri Afríku.

Sprengjum hefur verið varpað á skóla og vitað er um hundrað börn sem hafa verið tekin til fanga og sett í fangelsi með fullorðnum.

Meira en 200 þúsund manns hafa flúið land til nágrannaríkjanna Rúanda, Tansaníu og Úganda.

Varað hefur verið við hættu á þjóðarmorði í Búrúndi, með svipuðum hætti og þjóðarmorðið í nágrannaríkinu Rúanda fyrir tveimur áratugum.

Í báðum þessum löndum eru íbúarnir flestir kristinnar trúar, en skiptast í tvo meginþjóðflokka, húta og tútsa, sem lengi hafa eldað grátt silfur.

Miklar breytingar hafa hins vegar orðið á stjórnmálum og stofnunum síðan hildarleikurinn í Rúanda var háður. Séð hefur verið til þess að báðir þjóðflokkarnir eigi álíka stórt hlutfall fulltrúa í her og stofnunum, þannig að hvorugur eigi vísa yfirburði lengur. **– gb**



**Flóttafólk frá Búrúndí komið til Tansaníu.** NORDICPHOTOS/AFP



Markhönnun ehf
netto
Happy Thanksgiving
22% AFSLÁTTUR
ÍSLENSKUR KALKÚNN
VERÐ ÁÐUR
1.549 KR/KG
1.363 KR KG
KALKÚNAFYLLING
VERÐ ÁÐUR
1.398 KR/KG
1.090 KR KG
20% AFSLÁTTUR
SS LAMBABÓGUR 2 STK Í PK FROSINN
VERÐ ÁÐUR
998 KR/KG
798 KR KG
25% AFSLÁTTUR
HEILL FROSINN KJÚKLINGUR
VERÐ ÁÐUR
798 KR/KG
599 KR KG
20% AFSLÁTTUR
GRÆNN ASPAS 454 G
VERÐ ÁÐUR
699 KR/PK
559 KR PK
SÆTAR KARTÖFLUR 453 G FROSNAR
VERÐ ÁÐUR
479 KR/PK
398 KR PK
20% AFSLÁTTUR
SELLERÍ STILKAR 250 G
VERÐ ÁÐUR
286 KR/PK
229 KR PK
KJÖTSEL
K.S. LAMBAFILLE M. FITU FROSIÐ
VERÐ ÁÐUR
3.645 KR/KG
3.171 KR KG
RAUÐKÁL - FERSKT
VERÐ ÁÐUR
278 KR/KG
139 KR KG
Tilboðin gilda 19. - 25. nóv.
www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana

# VETRARDEKK FYLGA VÖLDUM BÍLUM

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




HONDA CIVIC SPORT
Nýskr. 10/2011, ekinn 18 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 143013.

Glæsilegur bíll
2.970 þús.




NISSAN PULSAR TEKNA
Nýskr. 04/2015, ekinn 4 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.650 þús.
Rnr. 143120.




RENAULT GRAND SCENIC III 7 sæta
Nýskr. 01/2013, ekinn 57 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.090 þús.
Rnr. 340105.




CHEVROLET CAPTIVA
Nýskr. 06/2011, ekinn 92 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 283162.




HYUNDAI i30 CLASSIC II
Nýskr. 05/2014, ekinn 69 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.230 þús.
Rnr. 143080.




NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/2012, ekinn 43 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.590 þús.
Rnr. 283120.




HYUNDAI i10
Nýskr. 06/2012, ekinn 49 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.350 þús.
Rnr. 131843.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


## Viðbúnaður er víða aukinn



Ítalska herlögreglan leitar á fólki við innganginn að Péturstorginu í Vatíkaninu fyrir vikulegt ávarp páfa þar í gær. Bætt var í öryggisviðbúnað eftir hryðjuverkin í París 13. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Áætlunin úr skorðum

## Starfsáætlun Alþingis heldur ekki. Fjárlagafrumvarp berst of seint til nefndar.

**ALÞINGI** Önnur umræða um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fer ekki fram í þingsal næstkomandi fimmtudag eins og áætlun þingsins gerði ráð fyrir. Fjárlagafrumvarpið berst ekki fjárlaganefnd í tæka tíð svo hægt sé að vinna það fyrir þann tíma. Þetta er mat Vigdísar Hauksdóttur, formanns fjárlaganefndar.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins eru ellefu þingdagar eftir þar til þingið fer í jólafrí. Fréttablaðið hefur greint frá því að aðeins 29 þingmál ríkisstjórnarinnar séu komin til þings en ríkisstjórnin áætlaði að koma 129 málum til þings fyrir jólafrí. Oddný Harðardóttir segir lítið að gerast í þinginu og því sé það skandall að þurfa að fresta umræðu um fjárlög vegna seinagangs.

„Við erum enn að bíða eftir húsnæðisfrumvörpum Eyglóar Harðardóttur og það hefur ekkert komið frá

> Í rauninni er þetta bullandi skandall og heimatilbúinn vandi verklausrar ríkisstjórnar.



Oddný Harðardóttir þingkona Samfylkingar

henni. Ekkert hefur komið heldur frá menntamálaráðherra né iðnaðar- og viðskiptaráðherra,“ segir Oddný.

„Síðan bíðum við nú eftir tillögum frá ríkisstjórn um breytingar á fjárlögum. Við vitum ekki hvar áherslur hennar eru. Það er því ljóst að ef önnur umræða dregst þá lendum við í tímahraki við að afgreiða þessi frumvörp fyrir jól. Við viljum ekki lenda í því sem nú er að raungerast því það kemur niður á vinnu þingsins. Í rauninni er þetta bullandi skandall og heimatilbúinn vandi verklausrar ríkisstjórnar.“

Vigdís Hauksdóttir segir ekki við fjárlaganefnd að sakast í þessum efnum. Starfsáætlun þingsins sé alltaf sett upp en aldrei náist að standa við hana. „Það er alveg ljóst að þegar um svo mikilvægt frumvarp er að ræða, eins og fjárlög hvers árs eru, munum við í fjárlaganefnd taka okkar tíma við að vinna í frumvarpinu, bæði við álit nefndarinnar sem og breytingartillögur,“ segir Vigdís. „Það er því alveg ljóst í mínum huga að umræður munu ekki fara fram í næstu viku um fjárlög og því gengur dagskráin ekki upp. Ég ítreka að það er mjög mikilvægt að fjárlaganefnd taki sér tíma til að vinna sína vinnu vel og af festu.“ **sveinn@frettabladid.is**

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **BÓKUM,****
**RAFTÆKJUM, ÚTIVISTARFATNAÐI**
OG **UNDIRFATNAÐI**
DAGANA 19.-22. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.
**Taxfree er í raun 9,1% af bókum þar sem þær eru í lægra skattþrepi, en við gefum 19,36% afslátt eins og af öðrum sérvörum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Hálfnuð á leiðinni í mikil vandræði

**Ársins 2015 verður sennilega minnst sem þess fyrsta sem hitastig jarðar verður rúmlega einni gráðu yfir meðaltalshita áranna 1850-1900. Við tveggja gráða hlýnun er mannkyn í verulegum vandræðum sem vart verður undið ofan af.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Fyrr í þessum mánuði vakti breska veðurstofan (UK Met Office) athygli á því að hitastig jarðar árið 2015 hafi á fyrstu níu mánuðum ársins verið rúmlega einni gráðu yfir meðaltalshita áranna 1850-1990 og á því verði ekki breyting til árasloka. Gangi spár eftir verður 2015 því árið þar sem þeim „áfanga“ var náð að mannkyn sé hálfnað á leið sinni að tveggja gráða hlýnun – þeirri hækkun á meðalhitastigi á heimsvísu sem skilgreint hefur verið sem hámark þess sem þolanlegt er.

**Málamiðlun um tjón**

Halldór Björnsson, hópstjóri veðurs- og loftslagsbreytinga hjá Veðurstofu Íslands, segir að eftir að ljóst varð að hnötturinn færi hlýnandi vegna aukinna gróðurhúsaáhrifa hafi menn fljótlega tekið að velta fyrir sér hversu mikið mætti hlýna áður en afleiðingar yrðu verulega slæmar. Slíkt mat er hins vegar gildishlaðið, segir Halldór, enda ráði hlýjustu svæði heimsins, eða láglendar eyjar í hitabeltinu, illa við nokkra hlýnun. Á kaldari svæðum séu áhrifin hins vegar varla öll neikvæð.

„Flestir komast samt að þeirri niðurstöðu að ef hlýni meira en tvær gráður þá verði afleiðingarnar fyrir heiminn í heild sinni neikvæðar. Tilfellið er samt að tveggja gráða markið er einhvers konar málamiðlun um ásættanlegt tjón. Þetta er með öðrum orðum ekki raunvísindi heldur pólitísk málamiðlun sem studd er þó einhverjum rökum,“ segir Halldór.

**Illyfirstíganlegt**

Í bók sinni, Gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar, gerir Halldór grein fyrir því hvað tveggja gráða markið þýðir í raun. Ef hlýnunin verður minni verða afleiðingarnar ekki öllum þjóðum jafn erfiðar – góðu fréttirnar séu að afrakstur ræktarlands aukist utan hitabeltisins við hóflega hlýnun öfugt við svæði í hitabeltinu og á þurrkasvæðum.



**Halldór Björnsson,** sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands

„Gera má ráð fyrir að skemmdir á kóralrifjum verði verulegar, aukið tjón verði á strandsvæðum vegna flóða og óveðra. Tjón vegna öflugra fellibylja mun líklega aukast, og hækkandi sjávarstaða mun gera ástandið verra. Fleiri deyja af völdum flóða, hitabylgna og þurrka, og sjúkdómar munu taka aukinn toll. Samfélög eru oft háð staðbundnum matar- og vatnsforða sem kann að rýrna vegna loftslagsbreytinga. Þetta getur leitt til fólksflutninga og aukið líkur á átökum,“ skrifar Halldór en jafnframt að ef hlýnunin verður meiri versni afleiðingarnar stig af stigi, og að því er virðist, verður vandi heimsbyggðarinnar illyfirstíganlegur eftir að þriggja gráða hlýnun er náð.

Breska veðurstofan, sem og fjölmiðlar, vísa til meðaltals hnattræns hita milli áranna 1850 til 1900 sem viðmiðunarpunkts – og þá er litið svo á að útblástur gróðurhúsalofttegunda hafi ekki verið farinn að hafa veruleg áhrif á hnattrænan hita á þessum tíma.

Halldór segir að frá þeim tíma hafi hins vegar hlýnað verulega, framan af skrykkjótt, en eindregnara frá sjöunda áratugnum að telja. „Þrátt fyrir hlýnunina eru sveiflur í meðalhita milli ára, og áratuga, en þegar við færumst nær einnar gráðu markinu þá kemur að því að eitt ár nær að fara uppfyrir þetta mark. Allt útlit er fyrir að það verði árið í ár,“ segir Halldór en útskýrir jafnframt að ekki sé allt sem sýnist.

**El Niño skekkir myndina**

„Árið í ár er óvenjulegt því nú er í gangi mjög öflugur El Niño [heitið á hlýnun sjávar í hitabeltinu í Kyrrahafi sem á sér stað á þriggja til sjö ára fresti] og hér má því hafa stóra fyrirvara. Við erum ef til vill ekkert nær því en við vorum í fyrra, því þegar rætt er um tveggja gráða markið er alltaf verið að tala um hina þvinguðu gróðurhúsahlýnun, ekki hvernig einstök ár stökkva upp eða niður. Við erum ekki enn þá komin í þær aðstæður að hnattræn hlýnun sé að jafnaði meiri en ein gráða. Það er þannig mjög líklegt að þegar þessi El Niño gengur yfir verði meðalhitinn aftur undir einni gráðu – og það mun taka nokkur ár til viðbótar fyrir meðalhita jarðar að ná einni gráðu að jafnaði.







**VW Tiguan R-Line** er vel útbúinn með öllu því helsta sem gerir bíl að sportjeppa. Taktu skrefið til fulls og fáðu þér Tiguan. Góða skemmtun!

**Staðalbúnaður í Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI dísil, fjórhjóladrifnum og sjálfskiptum**

- R-Line ytra útlit og 18" álfelgur
- Litað gler
- Alcantara áklæði
- Webasto bílahitari með fjarstýringu
- Hraðastillir
- Bluetooth fyrir farsíma og tónlist
- Climatronic - 3ja svæða loftkæling
- Bílastæðaaðstoð
- Aðfellanlegt dráttarbeisli
- Bakkmyndavél
- Leiðsögukerfi fyrir Ísland
- Panorama sólþak

Das Auto.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði










**SÝNIKENNSLA Í JÓLAKRANSAGERÐ**
MEÐ JÓHÖNNU HILMARSDÓTTUR BLÓMASKREYTI
LAUGARDAG - KL 12:00 Á SPÍRUNNI
**AÐGANGUR ÓKEYPIS**






OPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




Ástæða þess að Kvosin í Reykjavík er sérstaklega viðkvæm fyrir sjávarflóðum er fjölþætt. Á Reykjavíkursvæðinu á sér stað landsig en sjávarstaða fer einnig hækkandi. Kvosin er sérstaklega láglend og á þessu svæði er mikið af mikilvægum byggingum og menningarminjum. Myndin gerir ráð fyrir aðstæðum/flóðahæð líkum þeim sem voru í Básendaflóðinu í janúar 1799. MYNDIR/STUDIO GRANDA

# Ráð að huga strax að flóðavörnum

**Fyrirsjáanleg hækkun sjávarborðs ætti að vera skipulagsyfirvöldum í Reykjavík, og á landsvísu, hvatning til að gera nauðsynlegar ráðstafanir við uppbyggingu. Mikil uppbygging er ráðgerð á svæðum þar sem mestra flóða má vænta.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Tímabært er að huga að því hvernig standa á að flóðavörnum fyrir þau landsvæði sem viðkvæm eru fyrir sjávarflóðum. Þetta á ekki síst við um Kvosina í Reykjavík sem fyrir margra hluta sakir er sérstaklega berskjölduð.

Þetta er meðal niðurstaðna skýrslu um flóðavarnir fyrir Kvosina sem verkfræðistofan Efla vann fyrir Reykjavíkurborg, Viðlagatryggingu Íslands og ýmis fyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta í Reykjavík.

**Þarf ekki að hlaupa til**

Reynir Sævarsson, fagstjóri hjá verkfræðistofunni Eflu, segir ekkert benda til að menn þurfi að hlaupa til og grípa til aðgerða vegna þeirrar hættu sem sjávarflóðum fylgir – enda sé fólki ekki hætta búin. Rannsóknin hafi hins vegar leitt í ljós að taka þurfi tillit til hættunnar við alla skipulagsvinnu vegna uppbyggingar í Kvosinni.

„Niðurstaðan er í einfaldaðri mynd að ekki eigi að ráðast í að byggja einhverja veggi eða annað slíkt til að verjast flóðum. Lausnin er að hækka landið sem byggt verður á á næstu árum og áratugum. Svæðið sem er viðkvæmast er allt í gerjun og nú væri lag að byggja þennan ósýnilega vegg sem í hækkuðu landi fælist,“ segir Reynir og vísar til uppbyggingar við Miðbakkann, Vestur- og Austurbugt. Þegar uppbyggingu verður lokið þar er mun flóknara, eða ógerlegt, að hækka svæðið eftir að byggingar eru komnar alveg upp að bakkanum.

**Tvíþætt ógn staðreynd**

Ógnin sem stafar af sjávarflóðum í Kvosinni er tvíþætt; annars vegar vegna aftakaflóða í ætt við Básendaflóðið árið 1799, sem ættu að vera mjög ólíkleg, og hins vegar vegna minni en tíðari flóða. Meðalstórstraumsflóð er í dag 2,18 metrar en hæsta flóð sem mælt hefur verið var 3,27 metrar. Mat á langtímaþróun sjávarstöðu í Reykjavík fram til ársins 2100 gerir ráð fyrir að sjávarstaða muni hækka um 0,6-1,2 metra. Líklegt er því að meðalstórstraumsflóð verði um 2,8-3,4 metrar árið 2100 og framreiknaður atburður á borð við Básendaflóðið yrði árið 2100 í kringum 5,8-6,4 metrar. Núverandi hæð hafnarbakkanna við Mið- og Austurbakkann er hins vegar 3,53 metrar.

Í skýrslunni segir að eðlilegast væri að leggja áherslu á að verja Kvosina gegn minni flóðunum sem hafa tíðan endurkomutíma en ekki að reyna að verjast aftakaflóðum á borð við Básendaflóðið. Í dag eru flóð sem talin eru stór rúmlega 3 metrar og flóðaannálar sýna að þessi stærðargráða á flóðum er alls ekki óalgeng, með endurkomutíma í kringum tíu ár. Þetta eru flóðin sem skynsamlegast þykir að verjast en miðað við væntanlega langtímaþróun sjávarstöðu má gera ráð fyrir að flóð af þessari stærðargráðu verði í kringum 3,8-4,4 metrar í lok aldarinnar.

**Ódýrara en ætla má**

Það kom Reyni sem verkefnisstjóra og aðalhöfundi skýrslunnar, Önnu Heiði Eydísardóttur, á óvart að tjónið við alvarlegustu stöðu sem upp getur komið yrði ekki eins mikið og vænta mætti. Flóð í kringum 3,8-4,4 metrar myndi valda þó nokkru tjóni í Kvosinni ef tekið er mið af núverandi aðstæðum á svæðinu. Um 120 byggingar fengju á sig vatn en einnig yrði tjón á ýmsum veitukerfum, götum og yfirborðsfrágangi. Rekstrarstopp ylli einnig miklu tjóni fyrir fjölda fyrirtækja og stofnana. Talið er að kostnaður vegna tjóns af þessari stærðargráðu gæti legið á bilinu 300 til 700 milljónir króna.

Ef flóð næði hins vegar sex metra hæð næði það til um 140 bygginga og næði hærra á byggingarnar. Tjón á veitukerfum yrði einnig umfangsmeira og er talið að kostnaður vegna slíks flóðs gæti legið á bilinu 500 til þúsund milljónir króna. Til samanburðar er vátryggingafjárhæð allra þeirra bygginga sem sex metra flóðið myndi ná til um 80 milljarðar króna.

Skýringarmyndin á forsíðu blaðsins og hér til hliðar gerir ráð fyrir þeim aðstæðum sem sköpuðust í Básendaflóðinu árið 1799. Hins vegar segir Reynir að vísindamenn greini á um hvort slíkar aðstæður séu líklegar til að skapast að nýju – svo fordæmalaus var sá atburður. „Aðrir benda á að þetta gerðist fyrir rúmlega 200 árum og muni því gerast aftur.“

**Það mun blotna í Örfirisey**

Örfirisey er kapítuli út af fyrir sig, eins og skýrt kemur fram í rannsókn Eflu. Verði sá kostur valinn að hækka land, eins og mælt er með, er Örfirisey óvarin fyrir sjávarflóðum. Lausnin sem verja myndi Örfirisey, eða lokun innsiglingarinnar í höfnina, er rándýr og því ekki mælt með slíku. Hins vegar er mælt með að frekari uppbygging í Örfirisey taki mið af aukinni tíðni sjávarflóða á svæðinu.

„Svæðið liggur lágt og er manngert. Það verður ofboðslega dýrt að tryggja að það blotni aldrei og menn verða líklega að sætta sig við að í framtíðinni muni flæða um svæðið, líkt og á vissum svæðum í Evrópu,“ segir Reynir en á sama tíma er mikil uppbygging að eiga sér stað á Örfiriseyjarsvæðinu – þar rísa verslanir, verkstæði listamanna sem var ekki fyrirséð lengi vel. Eins var áætlað að byggja þar íbúðahverfi fyrir hrun.

Gögnin sem liggja fyrir eru nú til skoðunar hjá skipulagsráði Reykjavíkurborgar.



Grótta varð til sem eyja, eins og við þekkjum hana, í flóðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Básendaflóðið

### mesta sjávarflóð sem vitað er um í sögu Íslands

- Aðfaranótt 9. janúar 1799 gekk fárviðri yfir landið suðvestanvert sem var eitt það versta sem sögur fara af á Íslandi.
- Því samfara skullu á mikil sjávarflóð með mikilli eyðileggingu frá Þjórsárósum og vestur um land. Básendar á Reykjanesi, en við staðinn eru hamfarirnar kenndar, urðu verst úti í hamförunum og eru einn fárra staða sem hafa lagst í eyði vegna náttúruhamfara á Íslandi.
- Það sem virðist hafa gerst er að mjög djúp og kröpp lægð gekk yfir vesturströnd Íslands þessa nótt. Loftþrýstingur var óvenju lágur og stórstreymt og hækkaði sjávarstaða við landið fyrir áhrif þessara þátta. Hér sameinuðust kraftar ofsaroks af suðvestri og stórstraumsaðfall. [Deilt hefur verið um uppruna Básendaflóðsins og skiptast menn þá helst í tvo flokka – þá sem aðhyllast að veðurfræðilegar skýringar séu á atburðinum og hina sem telja að flóðið hafi verið einhvers konar flóðbylgja].
- Trausti Jónsson veðurfræðingur sagði í umfjöllun Fréttablaðsins um Básendaflóðið 28. febrúar 2006 að veðrið hafi verið af „klassískri flóðagerð en bara meira af öllu“.
- Í skýrslunni Flóðavarnir fyrir Kvosina (október 2015) er Básendaflóðið sviðsmynd sem gengið er út frá að sé versta hugsanlega staða sem komið gæti upp er varðar flóð á svæðinu – sjá skýringarmynd. Byggt á gömlum lýsingum á flóðhæðinni er talið að hún hafi verið um 7 metrar fyrir ofan stórstraumsfjöru við Básenda en um 6 metrar fyrir ofan stórstraumsfjöru í Reykjavík.
- Básendaflóðið hefur í minnsta lagi verið um tveimur metrum hærra en meðal stórstraumsflóð í dag – sem er 2,18 metrar í Reykjavík.
- Flóðhæð atburðar af sama uppruna og Básendaflóðið sem ætti sér stað í dag mundi verða mun meiri en flóðhæð Básendaflóðsins 1799. Frá þeim tíma hefur Reykjavík sigið og sjávarstaða hækkað. Því yrði flóð á borð við Básendaflóðið alvarlega með tímanum.


DEBENHAMS
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
YFIRHÖFNUM FRÁ:
THE COLLECTION
DEBENHAMS
JASPER J CONRAN
MAINE
NEW ENGLAND
Mantaray
nine
SAVANNAH MILLER
principles
BY
BEN de LISI
redherring
ROCHA.JOHN ROCHA
STAR BY
julienmacdonald
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
Opið til kl. 21:00 í kvöld
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Höfuðpaursins ákaft leitað í Frakklandi

Sjö voru handteknir og þrír féllu í áhlaupi lögreglunnar á íbúð í París í gær. Fólkið í íbúðinni er sagt hafa verið að undirbúa hryðjuverk í fjármálahverfinu La Défense. Ný könnun Pew Research sýnir að meirihluti fólks í múslimaríkjum hefur megnustu andúð á Daish.

**FRAKKLAND** Franska lögreglan gerði snemma í gærmorgun áhlaup á íbúð í norðanverðri París, þar sem talið var að belgíski hryðjuverkamaðurinn Abdelhamid Abaaoud hefði dvalist.

Sjö manns voru handteknir í áhlaupinu, einn féll fyrir byssuskotum og handsprengju frá lögreglunni og ein kona, sem var gyrt sprengjubelti, sprengdi sjálfa sig í loft upp. Hún er talin hafa verið frænka Abaaouds. Þá var þriðji maðurinn einnig sagður hafa fallið í áhlaupinu.

Abaaoud er talinn hafa verið höfuðpaurinn á bak við hryðjuverkin í París síðastliðið föstudagskvöld, sem kostuðu að minnsta kosti 129 manns lífið.

Ekki var þó ljóst í gær hvort Abaaoud var staddur í íbúðinni þegar árásin var gerð en franski saksóknarinn Francois Molins greindi frá því að hann hefði ekki verið meðal hinna handteknu. Molins sagði að þó ætti eftir að bera kennsl á lík þeirra sem létust í áhlaupinu og gæti Abaaoud verið á meðal þeirra.

Þrír hinna handteknu náðust inni í íbúðinni, tveir í næsta nágrenni og tvö að auki voru í felum í sprengjurústum. Meðal hinna handteknu er eigandi íbúðarinnar.

Reuters-fréttastofan fullyrti, og hafði eftir manni sem þekkir til rannsóknar lögreglunnar, að fólkið í íbúðinni hefði verið að skipuleggja ný hryðjuverk í viðskiptahverfinu La Défense í vestanverðri París.



Lögregla á leitarstað í miðborg Saint Denis nærri París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Franska lögreglan hefur gert hundruð áhlaupa víðs vegar í Frakklandi í leit sinni að Abaaoud og félaga hans, Salah Abdeslam, sem tókst að komast undan eftir að hafa tekið þátt í árásunum í París á föstudag.

Mikill viðbúnaður er víða í löndum Evrópu vegna hryðjuverkahættu og yfirvöld eru fljót að bregðast við hættumerkjum.

Þá var Kastrupflugvöllur í Kaupmannahöfn rýmdur í gær eftir að heyrðist til tveggja manna ræða um að þeir væru með sprengjur í förum sínum en í ljós kom að um dýrkeypt spaug var að ræða.

Í fyrrakvöld var einnig hætt við íþróttaleik í Hannover í Þýskalandi, þegar grunsamleg taska fannst í nágrenni leikvallarins. Vellinum var lokað meðan verið var að leita af sér allan grun. gudsteinn@frettabladid.is

## Abdelhamid Abaaoud




- 1988: Abaaoud fæðist í Belgíu, elst upp í Molenbeek-hverfinu í Brussel. Foreldrarnir eru frá Marokkó.
- 2010: Abaaoud dæmdur í fangelsi fyrir vopnað rán ásamt félaga sínum, Salah Abdeslam, sem er einn árásarmannanna í París.
- 2014: Snemma árs gengur Abaaoud til liðs við Daish-samtökin í Sýrlandi. Nefnir sig Abu Umar al Baljiki.
- **2014: Abaaoud sést á myndbandi frá Daish-samtökunum í Sýrlandi, á litlum pallbíl sem dregur limlest lík.**
- 24. maí 2014: Myrðir Mehdi Nemmouche fjóra í Gyðingasafninu í Brussel. Nemmouche er af alsírskum uppruna. Þeir Abaaoud þekktust.
- 14. janúar 2015: Lögregla gerir áhlaup á hryðjuverkahóp í Verviers í Belgíu. Abaaoud er talinn hafa verið í samstarfi við hópinn. Tveir liðsmanna falla.

Belgíska leyniþjónustan rekur símtöl við liðsmenn hryðjuverkahópsins til farsíma í Grikklandi, sem talinn er vera í eigu Abaaouds.

Abaaoud flýr frá Grikklandi til Sýrlands og tekur Younes, þrettán ára gamlan bróður sinn, með sér þangað.

- Febrúar: Viðtal við Abaaoud birtist í Dabiq, tímariti Daish-samtakanna. Hann stærir sig þar af því að hafa ferðast um Evrópulönd án þess að það kæmist upp.
- Apríl-ágúst: Abaaoud tengist tveimur fyrirhuguðum árásum, sem komið er í veg fyrir. Aðra átti að gera á kirkju í París en hina á hraðlest á leið til Parísar.
- Október: Frakkar gera loftárás á þjálfunarbúðir Daish í Rakka, þar sem Abaaoud á að vera. Hann finnst ekki.
- 16. nóvember 2015: Abaaoud er sagður vera höfuðpaur árásanna í París, sem urðu að minnsta kosti 129 manns að bana.

Pictures: AP, Belgian Interior Ministry © GRAPHIC NEWS

## Andúð á Daish í ríkjum múslima

Yfirgnæfandi meirihluti íbúa í múslimaríkjum eða ríkjum, þar sem fjöldi múslima býr, hefur megna andúð á Daish-samtökunum, sem nefna sig Íslamskt ríki og hafa hreiðrað um sig á stórum svæðum í Sýrlandi, Írak og víðar.

Þetta sýnir ný skoðanakönnun frá Pew Research. Hvergi í þessum löndum er að finna meira en 14 prósenta stuðning við Daish. Andstaðan við Daish var síðan hvergi minni en 60 prósent, að Pakistan undanskildu þar sem 62 prósent sögðust ekki viss um afstöðu sína.

Mest er andstaðan í þeim ríkjum, sem eru í næsta nágrenni við Sýrland og Írak.

| Land | Slæmt álit | Gott álit | Veit ekki |
|---|---|---|---|
| Líbanon | 99% | - | 1% |
| Ísrael | 97% | 1% | 2% |
| Jórdanía | 94% | 3% | 4% |
| Palestína | 84% | 6% | 10% |
| Indónesía | 79% | 4% | 18% |
| Tyrkland | 73% | 8% | 19% |
| Nígería | 66% | 14% | 20% |
| Búrk. Fasó | 64% | 8% | 28% |
| Malasía | 64% | 11% | 25% |
| Senegal | 60% | 11% | 29% |
| Pakistan | 28% | 9% | 62% |





Bolvíkingafélagið stendur fyrir tónleikum í Hallgrímskirkju, sunnudaginn 22. nóvember kl. 16, til styrktar orgelsjóði Hólskirkju.

Á tónleikunum kemur fram þekkt og hæfileikaríkt tónlistarfólk:

- *Kári Allansson organisti*
- *Karlakórinn Esja*
- *Gissur Páll Gissurarson tenór*
- *Sönghópurinn Veirurnar*
- *Þorgils Hlynur Þorbergsson*
- *Karl Hallgrímsson*
- *Edda Borg, Jóhanna Linnet og Bjarni Sveinbjörnsson*
- *Selvadore Rähni og Tuuli Rähni*
- *Herbert Guðmundsson og Hjörtur Howser*
- *Sigrún Pálmadóttir sópran*
- *Ólafur Kristjánsson*
- *Kynnir: Benedikt Sigurðsson, Benni Sig, tónlistarmaður í Bolungarvík*

Enginn aðgangseyrir, en óskað eftir framlögum eftir aðstæðum hvers og eins.

Fyrir þá sem ekki geta mætt, en vilja leggja sjóðnum lið, er bankareikningsnúmer sjóðsins 0174-18-911908 og kennitala 630169-5269.




Fiskeldi Austfjarða stefnir á 23.000 tonna eldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjárfestingabylgja í íslensku fiskeldi

**FISKELDI** Mikil fjárfestingabylgja stendur yfir í fiskeldi hér á landi. Gangi áætlanir eftir mun framleiðslan aukast mikið á næstu árum og áratugum en langur og hlykkjóttur vegur er fram undan við að byggja upp fiskeldi í sjókvíum á Íslandi. Erlend fjárfesting leitar í greinina í meira mæli en áður.

Þetta kemur meðal annars fram í nýrri greiningu Sjávarklasans á Íslandi um efnahagsleg umsvif og afkomu sjávarklasans á Íslandi.

Þar segir að á árinu 2014 hafi um 8.300 tonnum eldisfisks verið slátrað og jókst framleiðslan um 20% milli ára. Ef fram heldur sem horfir mun framleiðslan svo aukast um 40% á þessu ári, mest í laxi og regnbogasilungi.

Það sem nú er einkum breytt frá fyrri tilraunum til mikillar uppbyggingar í sjókvíaeldi hérlendis er aðkoma erlendra fjárfesta og sérfræðinga að fyrirtækjunum sem stórtækust eru í fjárfestingum. Fjarðalax, Arnarlax og Dýrfiskur eru til að mynda öll með erlenda fjárfesta og Stolt Sea Farm er alfarið í eigu erlendra aðila. Við þessar staðreyndir úr skýrslunni má bæta nýjustu fréttum þar sem Fiskeldi Austfjarða hefur selt 50% í fyrirtækinu til norskra eldismanna.

Séu bjartsýnustu spár fyrirtækjanna lagðar saman fæst framleiðsla upp á riflega 100 þúsund tonn á ári innan nokkurra áratuga. Ástæða þess að fyrirtækin bæta nú í áform sín er mat þeirra að til að ná nauðsynlegri stærðarhagkvæmni verði framleiðsla þeirra að vera nálægt 20.000 tonnum árlega. – shá

# 25% afsl. af öllum vörum!

Aðeins þessa helgi. Opið laugardag 11 -16 og sunnudag 13 -16.






**Stóll PB home,** kr. 61.800,-
nú kr. **46.350,-**



**Kertastjaki Hübsch,** kr. 6.800,-
nú kr. **5.100,-**



**Blómavasi LSA,** kr. 4.900,-
nú kr. **3.675,-**



**Veggkertastjakar Day Home,**
frá kr. 6.300,-, nú frá kr. **4.725,-**



**Púði DAY Home,** kr. 9.800,-
nú kr. **7.350,-**



**Leðursófasett idp Sphera 3+1+1,** verð frá kr. 995.000,-, nú frá kr. **746.250,-**



**Bakkaborð DAY Home,** kr. 64.500,-
nú kr. 48.375,-



**Kerti Riverdale,** frá kr. 1.300,-
nú frá kr. **975,-**



**Teppi Elvang,** kr. 18.900,-
nú kr. **14.175,-**



**Blómapottar Day Home,**
frá kr. 4.900,-, nú frá kr. 3.675,-



**Motta 60x140 cm DAY Home,** kr. .49.000,-
nú kr. **36.750,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16,**

# Foreldrarnir verða að þora að hjálpa

Vanlíðan var rót vandans, segja foreldrar 17 ára unglings sem komst á beinu brautina með aðferðum svokallaðrar MST-meðferðar.

**SAMFÉLAG** Foreldrar unglings ræða við blaðamann undir nafnleynd. MST-fjölkerfameðferð (Multisystemic therapy) er meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12 til 18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunar- og/eða vímuefnavanda en rúmlega fjögur hundruð fjölskyldur hafa farið í slíka meðferð með góðum árangri.

### Kvíði og þunglyndi rótin

Barni þeirra hafði liðið illa í töluverðan tíma og glímt við kvíða og þunglyndi í grunnskóla. Haustið sem það byrjaði í framhaldsskóla tengdist það öðrum börnum sem leið illa og foreldrarnir sáu miklar breytingar á hegðun þess. Á fáeinum vikum fóru samskiptin í hnút. Foreldrarnir stóðu barnið að lygum, það varð hortugt og vildi ekki taka þátt í neinu með fjölskyldunni. Það kom nokkrum sinnum drukkið heim og varð uppvíst að kannabisneyslu.

Móðirin segir heimilið á þessum tíma hafa verið undirlagt af deilum. Þau hjónin hafi varla sofið í hálft ár. Þau hafi komið heim úr vinnunni og verkefni þeirra hafi verið að vera á vaktinni til að geta gripið inn í og fylgt útivistartíma eftir.

Það var svo þremur mánuðum seinna sem lögregla skipti sér af barni þeirra og hafði samband við þau og tilkynnti til Barnaverndar. Foreldrarnir segja afskipti lögreglu og tilkynninguna til Barnaverndar hafa orðið til góðs.

Þau fengu símtal frá barnaverndarnefnd og var boðið í viðtal. Þau segja mikilvægt að allir foreldrar viti að barnaverndarnefnd sé líka hjálpartæki fyrir foreldra. Þeim finnst foreldrar þurfi að vita að þeir geti hringt þangað og fengið góð úrræði fyrir börn sín. Hjónin þáðu viðtalið og sóttu um MST-meðferð.

### Lögregluafskipti

Börn þurfa ekki að samþykkja MST-meðferð en er boðið það. Barni þeirra fannst meðferðin niðurlægjandi fyrir sig og vildi ekki vera með þegar meðferðaraðilinn kom heim til fjölskyldunnar.

Foreldrarnir skýra út að það hafi verið í góðu lagi. Meðan á meðferðinni stendur viti barnið að foreldrarnir séu til staðar fyrir það.

Þau segjast hafa þegið mikla hjálp í að lagfæra samskiptin. Þeim var kennt að halda ró sinni og deila ekki við barnið, heldur ræða yfirvegað við það. Ef barnið kom heim drukkið þá var þeim kennt að ræða aðeins við það daginn eftir um atvikið.

Það færðist meiri ró yfir fjölskylduna. Vissan um að meðferðaraðilinn væri væntanlegur dró úr átökum og deilum. Foreldrarnir gátu rætt við barnið í stað þess að deila við það eða innbyrðis. Foreldrarnir fengu líka neyðarnúmer til að hringja í ef það yrði bakslag. En þegar bakslögin komu loks, þá voru þau mun vægari en þau höfðu búist við.

### Stóð fyrir utan húsið og beið

Versta lífsreynsla foreldranna á þessu tímabili var að vita ekki hvar barnið var og ná ekki í það. Foreldrarnir fylgdust vel með að undirlagi meðferðaraðilans, skoðuðu Facebook-síður, hringdu í foreldra kunningja barnsins og tóku á aðstæðum með ábyrgum hætti.

Þau segja mikilvægt að foreldrar þori að taka ábyrgð á barni sínu. Móðirin segist halda að fólk veigri sér við að fara í erfiðar aðstæður af því það haldi að það komi illa út. Í eitt skipti stóð móðirin fyrir utan hús og beið þess að barnið kæmi út. Hún segir samskipti sín og barnsins hafa verið eins konar þrjóskukeppni. Þrjóska sé mikilvægur eiginleiki og það dugi ekki heldur að vera spéhræddur gagnvart náunganum.

Faðirinn fékk það hlutverk að hringja í foreldra kunningja barnsins. Hann hringdi í móður stráks sem barnið umgengst mikið. Á heimili stráksins komu krakkarnir oft saman og þegar barnið var þar laug það því að það væri annars staðar. Hann segir það hafa verið mikilvægan áfanga að hafa hringt þetta símtal.

### Eins og barnið hafi verið týnt

Barnið sitt fengu þau til baka. Þau lýsa því eins og þau hafi í raun og veru týnt því um tíma en svo endurheimt það. Nú er meira en hálft ár liðið og líðanin góð. Samskiptin ganga vel og barnið hefur eignast nýja vini og geðheilsa þess fer batnandi.

Mikilvægasta ráð sem þau geta gefið öðrum foreldrum í svipuðum aðstæðum segja þau að þora að hjálpa barninu. Foreldrar verði að þora að njósna á Facebook, þora að banka upp á, láta barnið taka eiturlyfjapróf og þora að hringja í foreldra kunningja barnsins.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Foreldrunum fannst verst að vita ekki hvar barnið var og ná ekki í það. NORDICPHOTOS/GETTY





**Starfsumhverfi einkaaðila og sjálfseignarstofnana sem veita velferðarþjónustu.**

**Dagskrá:**

13:30-13:45 **Setning.** Ásgerður Björnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ

13:45-14:00 **Ábyrgð stjórnenda.** Andri Árnason hæstaréttarlögmaður hjá Juris slf.

14:00-14.15 **Álitamál tengd mismunandi eignarhaldi.** Margret Flóvenz, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG

14:15-14:30 **Samkeppni og hið opinbera.** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

14:30-14:45 **Ríkiskaup – útboð og rammasamningar.** Sigurður Kr. Björnsson, forstöðumaður viðskiptaþróunarsviðs hjá Ríkiskaupum.

14:45-15:15 **Pallborðsumræður frummælenda.**

**Fundarstjóri:** Eybjörg H. Hauksdóttir, lögfræðingur SFV

Ráðstefnan verður haldin á Grand Hótel þann 20. nóvember kl. 13:30.

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.**

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU





Hér má sjá einn af 22 flóttamönnum sem spænska strandgæslan bjargaði í gær eftir að bátur með 46 innanborðs sökk við Kanaríeyjar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tvö störf nú þegar boðist

**ATVINNULÍF** Nú þegar hafa tvö störf boðist flóttamönnum á landinu eftir að Vinnumálastofnun kallaði eftir starfstækifærum fyrir flóttamenn þann 16. nóvember síðastliðinn. Þetta staðfestir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

„Ég held það séu komin tvö störf nú þegar, þannig að það hafa einhverjir tekið við sér sem er hið besta mál,“ segir Gissur.

„Það sem fyrir okkur vakir er að höfða til fyrirtækjanna vegna þess að það var hér fyrr í haust mikill áhugi borgaranna til þess að koma til hjálpar við móttöku flóttamanna. Eins og sakir standa hafa sjötíu manns fengið stöðu flóttamanns á árinu og svo er hópur á leiðinni sem er nokkrar fjölskyldur, þó kannski ekki allt fólk á vinnualdri. Besta leiðin fyrir það til að aðlagast hinu nýju samfélagi er að fá færi á að stunda atvinnu,“ segir hann.

Gissur segir að flóttamönnum hafi almennt gengið vel að fá vinnu hér á landi. „Árangurinn af því að koma flóttafólki í vinnu hér á landi ræðst mjög mikið af tungumálakunnáttu þess og viljanum til vinnu. Það hefur gengið vel að finna störf fyrir þá sem eru þokkalega enskumælandi og tilbúnir til að taka nokkurn veginn hvaða störfum sem er. Árangurinn er ekki jafn góður hjá þeim sem illa eru mælandi á ensku, sem er allnokkur hópur,“ segir Gissur. – **sg**

> Árangurinn af því að koma flóttafólki í vinnu hér á landi ræðst mjög mikið af tungumálakunnáttu þess og viljanum til vinnu.



Gissur Pétursson
forstjóri Vinnumálastofnunar

GEFUM & GLEÐJUM

# Á MORGUN **RENNA 5 KR.** AF HVERJUM ELDSNEYTISLÍTRA Í LANDSSÖFNUN **SAMHJÁLPAR**

HJÁLPAÐU okkur að hjálpa ÖÐRUM

Samhjálp




„Þegar við sáum að Samhjálp ætlaði að ráðast í átak til að byggja upp meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot fannst okkur það strax vera skylda okkar að leggja verkefninu lið. Mikið af verðmætu fólki væri ekki í vinnu, hvorki hjá Olís né annars staðar, ef ekki væri fyrir samtök eins og Samhjálp. Atvinnulífinu ber því skylda til að aðstoða við slíka uppbyggingu. Olís tekur þátt í söfnunarátakinu á morgun og ég skora á kollega mína í atvinnulífinu að gera það líka."

Jón Halldórsson,
forstjóri Olís

olís
Vinur við veginn

PIPAR\TBWA • SÍA • 155556




Sérhver hluti kvikmyndabálksins er sjálfstæð kvikmynd en saman mynda þær eina heild:
1. hluti - Inngangan (106 mín)
2. hluti - Arfleifðin í farteskinu (107 mín)
3. hluti - Gengið til orða (102 mín)
4. hluti - Lærisveinar vegarins (95 mín)
5. hluti - Að heiman heim (108 mín)

DRAUMURINN UM VEGINN fæst nú hjá Kvikmyndaverstöðinni ehf. á DVD diskum.

Hægt er að kaupa hvern hluta fyrir sig eða allan bálkinn með 15% afslætti. Verð hvers hluta er kr. 4.092 m.vsk en bálksins í heild kr. 17.391 m.vsk og afsl. Áhugasamir hafi samband með tölvupósti á verstodin@vortex.is eða í síma 8610562.




LÍFSKJÖR 28.GR.

Mannsæmandi lífskjör fyrir alla
Opinn fundur Öryrkjabandalags Íslands um kjaramál.

Laugardaginn 21. nóvember frá kl. 13.00-15.00 á Grand Hóteli Reykjavík, (Gullteig).

Fundarstjóri: Sigurjón M. Egilsson.

Dagskrá

Ávarp: Ellen Calmon formaður ÖBÍ.

Ráðstöfunartekjur og mannsæmandi framfærsla.
Kynning á álitsgerð Ólafs Ísleifssonar hagfræðings.

Reynslusögur:
Áttu pening? Getur þú lánað mér? - Ágústa Ísleifsdóttir.
Er verið að skatta og skerða lífeyrinn til fátæktar? - Guðmundur Ingi Kristinsson.

Ekkert eftir þegar búið er að greiða fyrir húsnæði og heilbrigðisþjónustu!
María Óskarsdóttir, formaður málefnahóps ÖBÍ um kjaramál.

Ályktun fundarins.

Lokaorð: Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ.

Tónlistaratriði og uppistand: Regína Ósk, Íva Marin, Elva Dögg.

Rit- og táknmálstúlkun í boði.

Allir velkomnir! Fjölmennum og sýnum samstöðu.

ÖBÍ

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT


## Rangar sakargiftir

Fjöldi mála sem bárust ríkissaksóknara

| Árið 2013 | Árið 2014 | Samtals | | Ákært var í | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 12 | 15 | 27 ákærur | → | 15 málum | 3 mál felld niður | 10 málum á enn eftir að ljúka |

# Sjaldan sakfellt fyrir rangar sakargiftir

**Að minnsta kosti tvisvar hefur kæra um rangar sakargiftir gegn kæru um kynferðisbrot vakið mikla athygli hér á landi. Skorað hefur verið á þingmenn að setja lög sem banna slíkar kærur á meðan rannsókn kynferðisbrots stendur yfir.**



Innan tíðar verður tekið fyrir í Hæstarétti mál konu sem sakfelld var fyrir rangar sakargiftir í héraði. Hún hafði áður kært átta manns fyrir kynferðisbrot. Hæstiréttur hefur aldrei sakfellt í slíku máli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DÓMSMÁL** „Það að kynferðisbrot sé fellt niður þýðir ekki að það liggi eitthvað fyrir um að kærandi hafi verið að ljúga,“ segir Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara.

Hæstiréttur hefur hingað til aldrei staðfest dóm um rangar sakargiftir yfir konu sem áður hefur kært kæranda fyrir kynferðisbrot. Þann 29. október síðastliðinn sýknaði Hæstiréttur konu af röngum sakargiftum en hún hafði verið dæmd fyrir héraðsdómi.

Íslensk kona var í júní sakfelld í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að saka átta manns um kynferðisbrot, þar á meðal þrjú sem ekki voru í samkvæminu þar sem brotið á að hafa átt sér stað í. Meðal annars sagði hún mann hafa stungið fingri í endaþarm hennar og annan hafa sprautað hana með sprautunál í andlit og leggöng.

Í dómi kemur fram að minningar úr samkvæminu hafi rifjast smátt og smátt upp fyrir henni dagana eftir ætlað brot. Geðlæknar voru kallaðir til sem staðfestu að þetta væri upplifun konunnar þó „síðan komi til aðrir hlutir sem ótrúlegt sé að hafi gerst og missi sagan þá fótanna“. Dómnum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Árið 2014 barst 31 kæra um rangar sakargiftir til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þær geta verið margvíslegar og snúa ekki allar að kynferðisbrotum.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir rithöfundur hefur skorað á þingmenn að setja lög sem banni kærur um rangar sakargiftir fyrr en kynferðisbrotamál hefur verið til lykta leitt í kerfinu. Hún segir á Facebook-síðu sinni að starfandi lögmenn hafi bent á að kærur um rangar sakargiftir séu augljós tilraun til að afvegaleiða rannsókn kynferðisbrotamála og draga úr þrótti brotaþola.

Tölurnar sýna að það er ólíklegt að slík kæra nái fram að ganga. Einungis sjö dóma er að finna á internetinu þar sem reynt hefur á hvort kærandi kynferðisbrots hafi logið til um brotið. Og Hæstiréttur hefur hingað til ekki sakfellt nema ákærði játi á sig lygarnar.

„Oft á tíðum eru bara tveir til frásagnar. Ef við metum sem svo að það liggi ekki fyrir nægilega sterk sönnunargögn í kynferðisbroti þá er oft um sömu erfiðleika að etja varðandi sönnun um rangar sakargiftir,“ segir Kolbrún. Hún áréttar að þegar mál eru felld niður hjá ríkissaksóknara sé embættið ekki að slá neinu föstu um hvort kærandi sé að ljúga, eða segja satt. **snaeros@frettabladid.is**

### Fjöldi kæra vegna rangra sakargifta




*miðað við stöðu mála 11. nóvember

> Ef við metum sem svo að það liggi ekki fyrir nægilega sterk sönnunargögn í kynferðisbroti þá er oft um sömu erfiðleika að etja varðandi sönnun um rangar sakargiftir.



Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari

# 230 milljarða viðsnúningur á 5 árum



HB Grandi fer langt með að endurnýja sinn skipaflota allan á næstu árum. Í nýrri greiningu segir að gera megi ráð fyrir endurnýjun hjá stórum sjávarútvegsfyrirtækjum á komandi árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Eiginfjárstaða sjávarútvegsfyrirtækja fór úr því að vera neikvæð um 80 milljarða króna í árslok 2008 í að vera jákvæð um 107 milljarða króna í árslok 2012 og 150 milljarða króna í árslok 2013.

Þetta kemur meðal annars fram í nýrri greiningu Sjávarklasans á Íslandi um efnahagsleg umsvif og afkomu sjávarklasans á Íslandi.

Þar segir að þetta fjárhagslega svigrúm sé ein helsta ástæða þess að nýfjárfestingar hafa tekið við sér á allra síðustu árum, þótt fleira komi þar til.

Nýfjárfestingar koma ekki síst fram í endurnýjun fiskiskipaflotans. Alls hefur verið tilkynnt um nýsmíði 12 fiskiskipa sem væntanleg eru til landsins á árunum 2015 til 2017, en samanlögð fjárfesting í þessum skipum nemur minnst 35 milljörðum króna. Um er að ræða níu ísfisktogara, einn frystitogara og tvö uppsjávarskip. Fimm skipanna eru á vegum HB Granda og þrjú á vegum Samherja og ÚA en FISK Seafood, Rammi, Hraðfrystihúsið-Gunnvör og Vinnslustöðin eru með eitt skip í smíðum hvert.

„Tilkoma svo margra nýrra skipa mun hafa markverð áhrif á íslenskan sjávarútveg, jafnt til kostnaðarlækkunar og verðmætaaukningar. Nýju skipin eru tæknilega fullkomnari og afkastameiri en þau gömlu og í mörgum tilfellum kemur eitt nýtt skip í stað tveggja eldri,“ segir í greiningunni. **– shá**




# YRSA FER BEINT Á TOPPINN!

VERÖLD

# VIÐSKIPTI

## Eignir lífeyrissjóða í skráðum félögum

Á myndinni má sjá í hvaða félögum í Kauphöll Íslands lífeyrissjóðirnir eiga. Myndin sýnir einnig hvað lífeyrissjóðir eiga beint stóran hlut samanlagt í hverju félagi í Kauphöllinni og Framtakssjóði Íslands. Brotalínur tákna eign sem nemur minna en þremur prósentum af innlendu hlutabréfasafni lífeyrissjóðs.




Heimild: Lífeyrissjóðir og hlutafélög 2015

# Lífeyrissjóðir alltumlykjandi á markaði

**Lífeyrissjóðir eiga beinan eignarhlut í 38 prósentum skráðra félaga í Kauphöllinni. Staðan lýsir skorti á fjárfestingarkostum að mati formanns Landssamtaka lífeyrissjóða. Kauphöllin væri tómleg ef ekki væri fyrir lífeyrissjóðina að mati Benedikt Jóhannessonar.**

Lífeyrissjóðirnir eiga sjálfir að minnsta kosti 38 prósent af heildarvirði félaganna í Kauphöll Íslands. Þeir eiga með beinum hætti meirihluta í að minnsta kosti þremur félögum í Kauphöllinni og minnst eiga þeir 22,7 prósent í einu félagi. Lífeyrissjóðir eiga einnig talsverðan hlut í félögunum með óbeinum hætti gegnum verðbréfasjóði og önnur félög. Óbeinn eignarhlutur lífeyrissjóða í félögum hefur numið allt að 15 prósentum miðað við það sem kom fram í skýrslunni Áhættudreifing eða einangrun eftir Ásgeir Jónsson og Hersi Sigurgeirsson.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar og formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, segir stöðuna lýsa skorti á fjárfestingartækifærum fyrir lífeyrissjóðina. „Það er bara þannig að lífeyrissjóðir hafa ekki fengið að fjárfesta erlendis frá 2008 og það segir sig auðvitað sjálft að það leiðir til þess að þeir verða mjög fyrirferðarmiklir á íslenska markaðnum,“ segir Þorbjörn.

Lífeyrissjóðir hafa þó fengið heimild til að fjárfesta fyrir tíu milljarða erlendis á þessu ári en sú upphæð gæti hækkað á því næsta. Þá hafa stjórnvöld gefið út að sú upphæð gæti hækkað á næsta ári. Þorbjörn telur það ekki þurfa að vera áhyggjuefni að lífeyrissjóðir eigi meirihluta í einstökum félögum í Kauphöllinni. Þeir séu ekki óvirkir eigendur líkt og tíðkaðist fyrir bankahrunið 2008.

„Þetta hefur breyst eftir hrun. Menn hafa verið að að beita sér meira varðandi stjórnarkjör,“ segir hann. „Það er áherslubreyting sem felst í því að menn finna einhverja utanaðkomandi til að fara í stjórnina.“

Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur telur það bæði heppilegt og óheppilegt hve stórtækir lífeyrissjóðirnir séu. Benedikt vann skýrsluna Lífeyrissjóðir og hlutafélög fyrir Samtök sparifjáreigenda, en myndin hér að ofan er fengin úr skýrslunni. „Það er heppilegt að einhverjir geti fjárfest í íslenskum fyrirtækjum. Erlendir fjárfestar hafa ekki streymt hingað og ekki einu sinni fyrir hrun. Það væri nú æskilegt ef það væru fleiri útlendingar sem hefðu trú á atvinnulífinu og gætu hugsað sér að eiga eitthvað í fyrirtækjum,“ segir Benedikt.

Þá séu lífeyrissjóðir að dreifa hlutabréfaeign sinni meira en áður, því flestir lífeyrissjóðir eigi í nær öllum félögum í Kauphöllinni. „Miðað við það sem stóð í rannsóknarskýrslunni voru lífeyrissjóðirnir gagnrýndir fyrir að hafa hallað sér of mikið að ákveðnum blokkum sem mér sýnist þá að menn séu ekki að gera núna. Mér sýnist þeir vera að dreifa áhættunni meira, sem er jákvætt,“ segir hann. **ingvar@frettabladid.is**

# Hagnaður Frumherja 10 prósent af veltu

Hagnaður Frumherja á árinu 2014 nam 147 milljónum króna. Eignir félagsins nema 2,3 milljörðum króna og er bókfært eigið fé 1,5 milljarðar króna. Frumherji er fyrirtæki í eigu Íslandsbanka en gert er ráð fyrir því að fyrirtækið verði auglýst til sölu fyrir lok mánaðarins. Tekjur Frumherja námu 1,47 milljörðum á árinu 2014 en voru 1,46 milljarðar á árinu áður.

Finnur Ingólfsson, fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri, og fleiri fjárfestar keyptu Frumherja í gegnum eignarhaldsfélagið Bil. Fjárhagsstaða fyrirtækisins varð erfið eftir bankahrunið og Íslandsbanki tók yfir 80 prósenta eignarhlut í gegnum félagið Fergin, eftir fjárhagslega endurskipulagningu sem lauk snemma árs 2014. Ásgeir Baldurs stjórnarformaður fyrirtækisins, og Orri Hlöðversson framkvæmdastjóri áttu svo 20 prósent á móti þeim. Í lok 2014 hafði Íslandsbanki tekið yfir allan hlutinn.



**Frumherji er stærsta fyrirtækið á Íslandi á sviði bílaskoðunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**1,47**

**milljarðar voru tekjur Frumherja árið 2014**

Frumherji er stærsta fyrirtækið á markaðnum á sviði bílaskoðunar en veitir jafnframt fjölbreyttari þjónustu. **– jhh**

# Einhugur um vaxtahækkunina

Allir nefndarmenn í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands studdu tillögu Más Guðmundssonar seðlabankastjóra um að hækka vexti bankans um 0,25 prósentustig á síðasta vaxtaákvörðunardegi bankans.

Vaxtaákvörðunin kom hins vegar mörgum á óvart og viðbrögð á skuldabréfamarkaði urðu mikil. Í fundargerð peningastefnunefndar, sem var gerð opinber í gær, segir að fundarmönnum hafi þótt hvort tveggja koma til greina. Að halda vöxtum óbreyttum og að hækka þá. Í ljósi skilaboða sem höfðu áður verið gefin um þörf á áframhaldandi herðingu taumhalds töldu sumir þó að óbreyttir vextir í of langan tíma gætu sent röng skilaboð um mat nefndarinnar fyrir aukið aðhald til lengri tíma litið.

Í fundargerðinni kemur líka fram að fjárlaganefnd hafi rætt horfur í ríkisfjármálum. Fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár geri ráð fyrir auknum slaka í ríkisfjármálum. Nefndarmenn voru sammála um að nokkur hætta væri á að aðhald ríkisfjármála yrði jafnvel minna en gert væri ráð fyrir í frumvarpinu. **– jhh**









# AÐVENTAN Á NÆSTA LEITI

## 30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM BORÐUM & BÖKKUM

### GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

**ADELINE NÁTTBORÐ**
Áður: 39.900,-
NÚ: 27.930,-

**BOLLENE BORÐ**
Áður: 22.900,-
NÚ: 16.030,-

**CHELIEU BORÐ**
Áður: 79.900,-
NÚ: 55.930,-

**SOVANA NÁTTBORÐ**
Áður: 32.900,-
NÚ: 23.030,-

**LORIENT BORÐ**
Áður: 79.900,-
NÚ: 55.930,-

**BOLLENE NÁTTBORÐ**
Áður: 15.990,- NÚ: 11.193,-

30% AFSLÁTTUR

**HENGELO BORÐ**
Áður: 39.900,-
NÚ: 27.930,-

**MOSELLE NÁTTBORÐ**
Áður: 19.990,-
NÚ: 13.993,-

**TUILERIES BORÐ**
Áður: 35.900,- NÚ: 25.130,-

**LUNEVILLE HÁLFMÁNABORÐ**
Áður: 29.900,- NÚ: 20.930,-

## 30% AFSLÁTTUR AF BOSTON SÓFUM

**BOSTON TUNGUSÓFI**
Áður: 299.900,-
NÚ: 209.930,-
Stærð: 298x97x232 cm.

30% AFSLÁTTUR

## 40% AFSLÁTTUR AF KERTUM

40% AFSLÁTTUR

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is

# Hraðþingið



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Almenn samstaða virðist vera um það hjá óbreyttum þingmönnum að þeir hafi lítið sem ekkert að gera. Í umræðum á Alþingi fyrir skemmstu var um það rætt undir liðnum fundarstjórn forseta að margar þingnefndir hefðu of lítið að gera sem setti þingmál í uppnám.

Þingmenn stjórnarandstöðu komu upp í pontu hver á fætur öðrum og gagnrýndu verklagið, að framan af vetri væri ládeyða yfir þingstarfinu en þegar nær dregur þinglokum væru mál unnin á hundavaði. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði niðurstöðuna geta orðið hraðmeðferð þannig að frumvörp yrðu ólög en ekki lög. Birgitta Jónsdóttir Pírati tók í sama streng og sagði farið fram á að þingmenn afgreiddu lög blindandi á lokametrunum.

Athygli vakti að meðal þeirra sem tóku til máls var þingmaður Framsóknarflokks og formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir. Vigdís sagðist sammála málflutningi stjórnarandstöðunnar og að þingið væri varla starfhæft.

Nú eru aðeins ellefu þingdagar þar til þingið fer í jólafrí. Í Fréttablaðinu í dag er greint frá því að önnur umræða fjárlagafrumvarpsins muni ekki fara fram í þingsal í næstu viku eins og áætlun þingsins gerði ráð fyrir. Ástæðan er sú að frumvarpið mun ekki berast fjárlaganefnd í tæka tíð svo hægt sé að vinna það fyrir þann tíma. Áður hefur blaðið greint frá því að aðeins 29 þingmál ríkisstjórnarinnar eru komin til þingsins en áætlað var að afgreiða 129 mál fyrir jólafrí. Vigdís segir að starfsáætlun þingsins sé alltaf sett upp en aldrei takist að standa við hana.

Staðan var eins í vor þegar þinglok voru yfirvofandi. Ekkert bólaði á stórum málum. Í apríl sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra að þingið hefði oft staðið frammi fyrir því að allt að 100 mál væru óafgreidd þegar jafnvel vika eða tíu dagar væru eftir af þingstörfum. Forseti þingsins hefur síðan hvatt til agaðri vinnubragða.

Raunar er þessi umræða eins áreiðanleg og sólarupprásin þegar líða fer að jólum og sumri. Lítið hefur gerst framan af en svo fer allt á fullt og málin eru afgreidd hvert á fætur öðru, oft á örfáum dögum.

Þessi staða sýnir tvennt. Annars vegar það hversu hlægilega lítils löggjafarvaldið má sín gegn framkvæmdavaldinu og hins vegar það hversu mikil völd embættismenn innan ráðuneytanna hafa. Það er dagljóst að ráðherrarnir eða aðstoðarmenn þeirra skrifa ekki frumvörp sem lögð eru fyrir þingið sjálfir. Það eru því starfsmenn ráðuneytanna sem virðast vera að draga lappirnar, sem síðan er að sjálfsögðu á ábyrgð ráðherranna. Við upphaf hvers þings er lögð fram þingmálaskrá og áætlun sem síðan aldrei stenst. Það sér hver maður að afgreiðsla á 100 málum á viku er óðs manns æði.

Það er löngu ljóst að þessu þarf að breyta. Mætti jafnvel setja slíkar breytingar á þingmálaskrá – til hraðafgreiðslu fyrir þinglok?

**Við upphaf hvers þings er lögð fram þingmálaskrá og áætlun sem síðan aldrei stenst. Það sér hver maður að afgreiðsla á 100 málum á viku er óðs manns æði.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Skyldustörf á Ísafirði**

**Þingmenn stjórnarandstöðunnar voru ansi styggir yfir fjarveru Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra á Alþingi í gær. Til umræðu var frumvarp ráðherrans um að færa Þróunarsamvinnustofnun Íslands inn í utanríkisráðuneytið. Málið er stórt og eitt af fáum málum á þingmálaskrá utanríkisráðherra. Stundum er skiljanlegt að ráðherrar séu fjarverandi vegna skyldustarfa og fái fólk til að hlaupa í skarðið fyrir sig á þinginu. Að þessu sinni var ráðherrann þó á fundi Framsóknarfélagsins á Ísafirði þennan daginn sem telst vart til skyldustarfa ráðherra. Til eru sérstakar kjördæmavikur sem ráðherrann hefði vitaskuld átt að nýta til að sækja kjósendur í sínu kjördæmi heim.**

**Eftir hverju er beðið?**

**Samtök atvinnulífsins stóðu fyrir fantagóðum fundi um fjármál ríkisins í gær. Viðstaddir voru fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og skiljanlega höfðu meðlimir pallborðsins ólíka sýn á ríkisfjármálin. Þó vakti það athygli að allir fulltrúarnir virtust hlynntir lækkun tryggingargjalds líkt og flokkarnir sammæltust um fyrir alþingiskosningar. Nú þegar atvinnuleysi mælist um 3,8 prósent er varla þörf að fita atvinnutryggingarsjóð mikið meira með tryggingargjaldinu. Eftir hverju eru menn að bíða?**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Öryggisdagar Strætó og VÍS



Jóhannes Rúnarsson
framkvæmdastjóri Strætó

Öryggisdagar Strætó og VÍS standa nú yfir, en þeir eru nú haldnir í sjöunda sinn. Markmið þeirra er að auka forvarnir í umferðinni með áherslu á fækkun slysa á fólki, að minnka tjón, auka öryggi bílstjóra og öryggi í umferðinni almennt. Öryggisdagar hafa skilað góðum árangri síðustu ár og til að mynda fækkaði tjónum og slysum um 40% á milli áranna 2013 og 2014. Strætó og VÍS halda nákvæma skráningu á slysum og tjónum og eru orsakir atvika greind í hverju tilviki fyrir sig, svo megi læra af þeim og bæta öryggið.

Öryggisdagar standa yfir í fimm vikur. Fyrst voru strengir stilltir saman innanhúss hjá Strætó, farið var yfir öryggisreglur o.fl. Síðan var átakið gert sýnilegt út á við með skilaboðum til fólks í umferðinni um öryggi utan á vögnunum og góðum ábendingum til farþega okkar innan í vögnunum. Skemmtileg myndbönd sem Steindi Jr. leikur í hafa birst á samskiptamiðlum og slegið í gegn. Í myndböndunum fer Steindi á gamansaman hátt yfir það hversu mikilvægt sé að passa upp á öryggið í vögnunum og hvet ég alla til þess að heimsækja Facebook-síðu Strætó og horfa á myndböndin.

Sem dæmi um það hvernig farþegar geta tekið þátt í að bæta öryggi í umferðinni er að nýta eingöngu stoppistöðvarnar, en óska ekki eftir því að vagnstjóri hleypi þeim í og úr vagninum á milli þeirra. Þá getur það skapað hættu ef farþegar sem orðnir eru of seinir hlaupa á eftir vagninum og reyna að stöðva hann. Mun öruggara er að bíða frekar eftir næsta vagni.

Öryggismál eru efst í huga okkar hjá Strætó á hverjum degi. Með Öryggisdögum viljum við fá starfsmenn og farþega Strætó, ásamt almenningi öllum, til þess að huga betur að öryggismálum. Með samstilltu átaki, árvekni og varkárni, getum við öll náð enn betri árangri í öryggismálum. Höldum áfram á sömu braut og fækkum slysum og tjónum enn frekar.

**Höldum áfram á sömu braut og fækkum slysum og tjónum enn frekar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hendur og hælar

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Vantraust almennings á stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum mælist nú meira en áður úti í heimi. Því veldur margt að því er virðist, m.a. aukið vægi peninga á vettvangi stjórnmálanna og misskipting lífsgæða. Þessir tveir áhrifavaldar tengjast þar eð peningaöflum hefur tekizt að laða stjórnmálamenn og flokka til fylgilags við aukinn ójöfnuð í skiptingu auðs og tekna. Ein birtingarmynd vandans hér heima er hnignun Sjálfstæðisflokksins sem er nú ekki nema svipur hjá fyrri sjón. Á fyrri tíð naut Sjálfstæðisflokkurinn trausts og virðingar langt út fyrir raðir flokksmanna sinna. Traustið er hrunið. Virðingin er rokin út í veður og vind. Sjálfstæðisflokkurinn getur sjálfum sér um kennt. Lítum yfir sviðið.

**Varnarmál**
Sjálfstæðismenn héldu því fram eftir stríð að Íslandi dygði ekki aðild að Nató heldur þyrfti hér einnig að vera varnarlið. Kommarnir og margir aðrir sögðu nei, varnarþörfin er fyrirsláttur, þið viljið hafa herinn bara til að græða á honum. Þetta reyndist rétt hjá kommunum eins og kom á daginn þegar Bandaríkjastjórn dró herinn til baka að eigin frumkvæði 2006. Þá reyndist ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1995-2007 ekki hafa neina áætlun til vara um varnir landsins, ekkert plan B. Ísland hefur því verið varnarlaust frá 2006 sem er einsdæmi um fullvalda ríki í okkar heimshluta ef Kostaríka er undan skilin. Horfir þó að ýmsu leyti ófriðlegar í Evrópu nú en oft áður. Nató kennir Rússum um aukna spennu, m.a. vegna framferðis þeirra í Úkraínu.

Hermangið hér heima undir handarjaðri stjórnmálaflokkanna að kommunum undan skildum var að sönnu umtalsvert, en atvikin höguðu málum svo að eini dómurinn sem gekk í hermangsmáli sem stjórnmálahagsmunir voru bundnir við var dómurinn í olíumálinu yfir Vilhjálmi Þór seðlabankastjóra, einum helzta virðingarmanni Framsóknarflokksins um sína daga. Félagi Vilhjálms var dæmdur til fangavistar, en sök Vilhjálms var fyrnd þegar til kastanna kom. Framsókn sat uppi með Svarta Pétur.

**Efnahagsmál**
Sjálfstæðismenn héldu því löngum fram, einnig fyrir alþingiskosningarnar 2007, að þeim einum væri treystandi fyrir efnahagsmálum og kommarnir myndu valda eintómu öngþveiti kæmust þeir í aðstöðu til þess. Annað kom á daginn. Sjálfstæðisflokkurinn átti flokka mestan þátt í að keyra bankana í þrot 2008 og hrinda landinu fram af hengiflugi eins og skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis vitnar um. Fjórir af þeim sjö einstaklingum í stjórnkerfinu sem RNA-skýrslan segir hafa sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga í aðdraganda hrunsins voru hátt settir sjálfstæðismenn. Einn þeirra, fv. forsætisráðherra, var fundinn sekur um vanrækslu fyrir Landsdómi. Ekki nóg með það: seðlabankastjóri Sjálfstæðisflokksins reyndi að fá Rússa til að taka Ísland upp á arma sína til að forða landinu frá bjargráðum AGS og Norðurlanda og sendi menn til Moskvu til að ganga frá málinu, en tilraunin rann út í sandinn. Sagan af því máli er ósögð enn.

Og hverjir þurftu að taka til eftir að Sjálfstæðisflokkurinn skildi landið eftir á hvínandi kúpunni? Kommarnir, nema hvað! – með Steingrím Sigfússon fv. fjármálaráðherra í fararbroddi. Reynslan ber vitni: Sjálfstæðisflokknum er engan veginn treystandi fyrir efnahagsmálum. Eftir stendur enn að rannsaka einkavæðingu bankanna 1998-2003 eftir helmingaskiptareglu sem leiddi til hruns á örfáum árum. Alþingi samþykkti loksins 2013 að láta slíka rannsókn fara fram, en framkvæmdin situr á hakanum að því er virðist til að tryggja að sakir fyrnist.

**Lýðræði**
Sjálfstæðismenn héldu því fram áratugum saman að kommarnir væru Rússadindlar og sætu á svikráðum við lýðræðið og þeim væri því ekki treystandi. Enda gerðist það aðeins einu sinni að Sjálfstæðisflokkurinn myndaði ríkisstjórn með kommunum, nýsköpunarstjórnina 1944-1947.

> **Sjálfstæðisflokkurinn mun ganga klofinn til næstu alþingiskosninga. Viðreisn Benedikts Jóhannessonar stærðfræðings og félaga unir því ekki að kommarnir standa með pálmann í höndunum og Sjálfstæðisflokkurinn er með buxurnar á hælunum.**

En hvað gerir Sjálfstæðisflokkurinn sjálfur? Hann reyndi að koma Íslandi á framfæri Rússa eftir hrun. Sjálfstæðisflokkurinn ógnar ekki bara lýðræðinu, heldur trampar hann beinlínis á því með því að reyna að hafa að engu þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi hélt um nýja stjórnarskrá sem kjósendur samþykktu með 67% atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012. Þannig reynir Sjálfstæðisflokkurinn að ræna Íslendinga margvíslegum réttarbótum sem þeir kusu sér til handa, m.a. réttmætum arði af auðlindum í þjóðareigu og jöfnu vægi atkvæða. Enginn stjórnmálaflokkur í nálægu landi hefur nokkru sinni sýnt lýðræði aðra eins lítilsvirðingu ef Framsókn ein er undan skilin.

Þess vegna hljóta margir þeirra sem aðhyllast gamlar hugsjónir sjálfstæðisstefnunnar að fagna því að Sjálfstæðisflokkurinn mun ganga klofinn til næstu alþingiskosninga. Viðreisn Benedikts Jóhannessonar stærðfræðings og félaga unir því ekki að kommarnir standa með pálmann í höndunum og Sjálfstæðisflokkurinn er með buxurnar á hælunum. Það er orðið löngu tímabært að skipta Sjálfstæðisflokknum upp í minni og meðfærilegri einingar eða leyfa honum að leysast upp líkt og systurflokkur hans á Ítalíu, Kristilegi demókrataflokkurinn, og margir kommúnistaflokkar í Evrópu lögðu upp laupana fyrir aldarfjórðungi, saddir lífdaga.





# Ferðakostnaður: Um gagnsæi og innihald



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður og fulltrúi á þingi Evrópuráðsins

**Ég styð það að ferðareikningar alþingismanna séu uppi á borði og sýnilegir. En ég hvet til þess að umræðan um þá verði látin hverfast um tilgang og innihald.**

Fréttablaðið óskaði nýlega eftir að fá að vita um ferðir alþingismanna til útlanda og greiðslur til þeirra sem fara í slíkar ferðir og í kjölfarið fjallaði blaðið um efnið og kom ég þar á meðal annarra við sögu. Ég er þeirrar skoðunar að útgjöld hins opinbera eigi að vera nákvæmlega þetta: Opinber. Spurningin er svo hvort Fréttablaðið kunni að vera of þröngt og misvísandi í nálgun sinni. Ég hallast að því.

**Vegagerðin spilltust?**

Fyrir nokkrum árum var mikil umfjöllun um akstursgreiðslur hjá hinu opinbera. Réttilega var bent á að þess væru dæmi að kjaraívilnanir væri að finna í þessum greiðslum þótt þegar á heildina litið væru þetta greiðslur vegna útlagðs kostnaðar starfsmanna. Í umfjöllun sumra fjölmiðlamanna var þetta þó iðulega lagt til jafns við spillingu og á Alþingi var spurt hvaða stofnun ríkisins gengi lengst í þessu efni, með öðrum orðum væri spilltust. Og viti menn Vegagerðin var þarna ofarlega ef ekki efst á blaði. Vegna þess að þar væri spillingin mest? Nei, að sjálfsögðu ekki. Heldur vegna hins að þar snerist starfið hjá mörgum um að keyra um vegakerfi landsins í starfslegum erindagjörðum, iðulega á eigin bifreiðum þegar það þótti hagkvæmara en að setja ríkisbíl undir hvern rass. Akstursgreiðslur eru til að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi starfsmaður þurfi að greiða úr eigin vasa tilkostnað við starf sitt og eru dagpeningar og annar ferðakostnaður að sjálfsögðu af sama toga.

**Eiga fundirnir rétt á sér?**

Fréttablaðið er svolítið í spillingargírnum í nálgun sinni varðandi ferðakostnað alþingismanna. Fréttamaður segir sínar farir ekki sléttar í viðureign sinni við Alþingi: „Fréttablaðið hefur því farið yfir allar fundargerðir á vef Alþingis frá fundum erlendis. Þar sem þingmenn fá einnig greidda dagpeninga á þeim degi sem flug þeirra og ferðalag stendur yfir bendir allt til þess að dagpeningagreiðslur þingmanna séu mun hærri en hér kemur fram og að fjöldi ferðadaga þingmanna sé vanáætlaður í þessari úttekt.“ Meintur glæpur Alþingis sýnist mér hafa verið að segja aðeins til um hvaða reglur giltu um fjármögnun utanferða. Fréttablaðið vildi kennitölur. Ekki er ég mótfallinn því. Mér finnst sjálfsagt að ferðalög þingmanna á vegum skattgreiðenda séu til skoðunar og umræðu í fjölmiðlum, ekki síður en aðrar greiðslur til þeirra. En hvernig væri að nálgast málið líka á annan hátt og spyrja um mikilvægi funda? Og fyrst farið er að rýna í fundargerðir eins og fram kemur í framangreindri tilvitnun, hvers vegna ekki skoða þær efnislega og grennslast fyrir um hvað menn eru að gera á þessum fundum og reyna að meta hvers virði þeir eru?

**Orðið við óskum Fréttablaðsins**

Og kem ég þar að umfjöllun Fréttablaðsins þar sem utanferðir mínar eru tíundaðar. Þessa grein skrifa ég reyndar til að verða við óskum blaðsins um gagnsæi. Því þær eiga rétt á sér. Ég er einn af fulltrúum Íslands á þingi Evrópuráðsins og sit auk þess í fjórum nefndum á vegum ráðsins, heilbrigðis- og félagsmálanefnd, flóttamannanefnd, eftirlitsnefnd og nefnd um lög og reglur Evrópuráðsins. Þetta þýðir að ég sæki vikulöng þing Evrópuráðsins fjórum sinnum á ári og þrisvar til fjórum sinnum sæki ég nefndafundi. Þetta kostar tæpar tvær milljónir króna á ári hverju og skiptist á síðasta ári þannig hvað mig varðar: Fargjöld: 847.958kr. Dagpeningar: 660.779 kr. Hótel: 473.612 kr. Samtals: 1.982.349 kr.

**Á að hætta samstarfinu?**

Fulltrúar Íslands á þingi Evrópuráðsins eru þrír og án þess að gera mitt framlag að umtalsefni, það geta menn kynnt sér í skrifum mínum að loknum nánast öllum fundum og ráðstefnum sem ég hef sótt, þá vil ég fullyrða að samþingmenn mínir í þessu starfi leggja mikið og gott starf af mörkum. En ræðum málið fyrir alla muni. Vilja menn að við hættum þessu samstarfi? Ekki vil ég það. Vil reyndar að við eflum þetta starf en þess má geta að við erum eina þjóðin af 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins sem ekki hefur sendifulltrúa í þessari miðstöð mannréttinda.

Á mannréttindastarfið í Strasbourg vil ég leggja áherslu en síður á starf á vegum Evrópusambandsins sem að undanförnu hefur verið stóraukið. Ég er sömuleiðis því fylgjandi að við endurskoðum aðkomu okkar að NATO og hugsanlega einhverri annarri starfsemi á erlendum vettvangi. Annað ber hugsanlega að efla. Ég hvet Fréttablaðið til umfjöllunar um þessi mál.

**Ræðum innihaldið**

Ég styð það að ferðareikningar alþingismanna séu uppi á borði og sýnilegir. En ég hvet til þess að umræðan um þá verði látin hverfast um tilgang og innihald. Ef eitthvað hins vegar er óeðlilegt í greiðslum til alþingismanna eða annarra og skattlagningu slíkra greiðslna, þá þarf að sjálfsögðu að taka þá umræðu undanbragðalaust og ef eitthvað er ekki sem skyldi í því efni þarf að laga það.

# Íslenskt heilbrigðiskerfi í fallbaráttu – bætum um betur



**Reynir Arngrímsson**
formaður læknaráðs Landspítala



**Tómas Guðbjartsson**
formaður prófessoraráðs Landspítala

**Íslensk stjórnvöld verja 0,1% VLF til fjárfestinga í innviðum heilbrigðiskerfisins. Eru þar í neðstu sætum OECD ásamt Grikklandi og Mexíkó.**

Íslendingar búa við heilbrigðiskerfi sem lengi vel gat státað af árangri sem jafnaðist á við það sem best þekktist í hinum vestræna heimi. Þetta mátti lesa úr lýðheilsutölum um lífslíkur, mæðravernd og árangur skurðaðgerða svo fátt eitt sé nefnt. Hægt hefur verið að bera niður á mörgum sviðum læknisfræðinnar og sjá þar vísbendingar um frábæran árangur þrátt fyrir að talsvert lægra hlutfall þjóðartekna hafi hér verið varið til heilbrigðisþjónustu en meðal norrænna frændþjóða.

Slíkur árangur næst aðeins með þrautseigju vel menntaðs starfsfólks sem leggur sig fram á öllum tímum sólarhrings, oft við erfiðar aðstæður og ófullnægjandi starfsumhverfi. Til að viðhalda þessum árangri þurfa innviðir heilbrigðiskerfisins að vera traustir og í stöðugri framþróun. Á hverju ári leggja stjórnvöld fram stefnuáætlun sína í heilbrigðismálum í frumvarpi til fjárlaga.

Í nýjustu skýrslu OECD um stöðu heilbrigðismála, Health at a Glance 2015, kemur fram að íslensk stjórnvöld verja innan við 0,1% af vergri landsframleiðslu til fjárfestinga í innviðum heilbrigðiskerfisins, þar sem meðaltal OECD-landanna er 0,5%. Árið 2013 vermdi Ísland næst neðsta sætið og var þar í flokki með Grikklandi og Mexíkó. Frændur okkar á Norðurlöndum verja hins vegar á bilinu 0,5-0,7% til stofnfjárfestinga í heilbrigðiskerfinu. Er ásættanlegt að fjárfesta ekki í framtíðinni þegar ríkissjóður er rekinn með hagnaði, tekjustofnum fækkað, skattar lækkaðir og kröfur um lækkun tryggingargjalds verða æ háværari. Höfum við efni á því á sama tíma og ekki eru til peningar til að sinna innviðum samfélagsins? Landspítalinn hefur ekki farið varhluta af niðurskurði í fjárframlögum á undanförnum árum. Heildarframlög ríkisins hafa dregist saman um 28% á árunum 2003 til 2014 eða úr um 9,5% í 6,8% af heildarútgjöldum ríkisins. Þessari þróun þarf að snúa við og horfa til framtíðar. Á heildina litið eru framlög til heilbrigðismála á Íslandi undir meðaltali OECD-landanna. Á Íslandi verjum við 8,7% af vergri landsframleiðslu til þessa málaflokks á sama tíma og Svíar verja nálægt 11%. Þetta hefur gert það að verkum að Íslendingar hafa á síðustu árum orðið eftirbátar frænda okkar í uppbyggingu og viðhaldi heilbrigðiskerfisins, sem er algjörlega óásættanlegt.

**Vanáætlun um 3-4 milljarða til Landspítala 2016**

Alþingi hefur nú tækifæri til að snúa þessari þróun við. Bæði þarf að móta langtímaáætlanir og leysa bráðavanda. Í núverandi frumvarpi til fjárlaga er þörf Landspítalans enn eitt árið vanáætluð. Ekki verður horft fram hjá því að árlega vex eftirspurn eftir þjónustu spítalans um tvö prósent. Í núverandi fjárlögum er ekki að sjá þess merki að tekið sé tillit til slíkra breytinga í samfélaginu. Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús sem aldrei lokar. Landsmönnum fjölgar og hvað mest á höfuðborgarsvæðinu og hlutfallslega mest í elstu aldurshópunum. Þessu þarf líka að mæta. Ekki er nóg að halda í horfinu miðað við ástand fyrri ára.

Sækja þarf fram, mæta vaxandi árlegri eftirspurn og leysa uppsafnaðan vanda. Biðlistar eftir brýnum skurðaðgerðum og öðrum meðferðarúrræðum hafa lengst og tryggja þarf að staðið sé við boðað átak stjórnvalda til að leysa þann vanda.

Alþingi má ekki láta sitt eftir liggja heldur þarf í fjárlögum að tryggja nauðsynlega fjármuni og eyrnamerkja. Getum við treyst því? Til að svo megi verða þarf að útvega fjármagn til að opna fleiri skurðstofur og það þarf að vera hægt að meta launaútgjöldum heilbrigðisstarfsfólks vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu standa framlög til viðhalds mannvirkja í stað enn eitt árið. Viðhaldsþörf mannvirkja Landspítalans er vanáætluð og engum blöðum er um það að fletta að ástand sumra elstu bygginganna er algjörlega óviðunandi og jafnvel heilsuspillandi. Of langt er að bíða í 8 ár eftir nýjum meðferðarkjarna og ráðast verður strax í viðhald á þeim byggingum sem nýta á áfram.

Heilbrigðismál eru fjárfrekur málaflokkur en þjóðin vill að sú þjónusta sé í lagi þegar á þarf að halda. Hún hefur ítrekað lýst yfir að nú sé komið að því að setja þessi mál í forgrunn og snúa við blaðinu. Undir það hafa alþingismenn úr öllum flokkum tekið og ráðherra heilbrigðismála sem hefur lýst því yfir að endurreisnin sé nú hafin. Þess þurfa að sjást merki við umfjöllun Alþingis á fjárlögum þessa árs. Nú þarf að láta verkin tala – annars verður ekki leikið í efstu deild.

# Er fækkun námsmanna erlendis hluti af stefnu íslenskra stjórnvalda?





**Dagur Skírnir Óðinsson** **Þórður Jóhannsson**
f. h. Stjórnar íslenskra námsmanna erlendis

Námsmönnum erlendis sem taka námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) fer fækkandi ár hvert. Hver skyldi vera skýringin á því?

Við sem störfum að málefnum námsmanna erlendis höfum áhyggjur af því að niðurskurður á framfærslu námsmanna sem hefur verið framkvæmdur tvö ár í röð geti haft mikið um það að segja. Ekki nóg með að framfærslan hafi verið lækkuð heldur hafa ferðalán, sem stóðu námsmönnum til boða, verið skorin niður að stórum hluta. Vegna þessa niðurskurðar, sem enn er ekki séð fyrir endann á, hefur þeim fækkað sem líta á LÍN sem valkost við fjármögnun á námi sínu erlendis. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um framtíðina eru námsmenn því margir hverjir hikandi við að taka ákvörðun um að fara út.

Á tyllidögum tala stjórnmálamenn um mikilvægi þess að íslenskir námsmenn sæki sér menntun utan landsteinanna en því miður virðast athafnir ekki fylgja orðum. Nú er kominn tími til að ráðamenn þjóðarinnar sýni að þeir eru að meina það sem þeir segja og að niðurskurði á framfærslu námsmanna erlendis verði hætt og þeim frekar sýndur stuðningur. Þessi mannauður er og verður dýrmætur fyrir land og þjóð um ókomna framtíð. Ef við hlúum vel að námsmönnum erlendis mun það skila sér margfalt til baka í verðmætasköpun sem og ríkara og fjölbreyttara samfélagi.

Í fjölmiðlum var nýlega vakin athygli á því að íslenskir námsmenn sæki í ríkara mæli í erlenda námsstyrki, m.a. SU í Danmörku. Opnast hefur gluggi sem auðveldar þeim að fá aðgang að styrkjunum sem áður fyrr var háður strangari skilyrðum. Það er auðvitað jákvætt að námsmenn hafi fleiri möguleika til að fjármagna nám sitt. Það er þó hættulegt að treysta á SU styrkinn. Ekki er hægt að reikna með honum í framtíðinni því hann er háður ákvörðunum danskra stjórnvalda.

Nýverið hóf forsetafrú Bandaríkjanna herferð þar sem hún hvetur bandaríska námsmenn til að skoða í meiri mæli þann kost að sækja nám sitt utan landsteinanna. Hún bendir á að því fylgja augljósir kostir. Það eykur víðsýni, menningarlæsi, tungumálakunnáttu, sjálfsbjargarviðleitni, sjálfstæði, frumkvæði og svo mætti lengi telja. Í Danmörku er það sama sagan. Ráðherra menntamála lýsti yfir að stefna stjórnvalda, fram til ársins 2020, væri að 50% þeirra sem sæki sér framhaldsnám myndu taka hluta þess erlendis. Slíkt gerist að sjálfsögðu ekki af sjálfu sér, heldur með nákvæmri stefnumörkun yfirvalda og eftirfylgni í formi stuðnings við eigin stefnu. Ef þau lönd, bæði í vestri og austri, sjá greinilegt mikilvægi þess að vinnuafl framtíðarinnar sæki sér þekkingu og lærdóm utan landsteinanna hlýtur að vera eitthvað til í því.

Stjórn SÍNE óskar eftir því að mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, lýsi yfir hver sé stefna stjórnvalda í málefnum námsmanna erlendis. Er ætlunin að fækka þeim um helming? Er æskilegt að flestir námsmenn stundi framhaldsmenntun sína hér á landi? Ef svo er, þá má ekki gleyma því að stóraukin útgjöld íslenskra háskóla (þ.a.l. stjórnvalda) eru fylgifiskur þess að beina öllum í nám hérlendis. Það er nefnilega ákveðinn sparnaður fólginn í því að beina íslenskum námsmönnum utan í nám. Því miður virðist ekki vera hægt að koma auga á stefnu stjórnvalda í menntamálum og því ítrekar stjórn SÍNE: Hver er stefna mennta- og menningarmálaráðherra í málefnum námsmanna erlendis?

# MORA MMIX
## TILBOÐSDAGAR
eru í fullum gangi

**30%** afsláttur af Mora MMIX



**Mora MMIX T5**
Sturtusett
með blöndunartæki

**55.986 kr.**
**verð áður 79.980 kr.**



**Mora MMIX K6**
Eldhústæki

**20.365 kr.**
**verð áður 29.093 kr.**



**Mora MMIX K7**
Eldhústæki

**18.303 kr.**
**verð áður 26.147 kr.**



**Mora MMIX B5**
Handlaugartæki
með lyftitappa

**16.862 kr.**
**verð áður 24.232 kr.**



**Mora MMIX T5**
Sturtutæki fáanlegt
með upp- og niðurstút

**18.818 kr.**
**verð áður 26.883 kr.**



**Mora MMIX T5**
Bað- og sturtutæki

**27.017 kr.**
**verð áður 38.596 kr.**



**Mora MMIX B5**
Handlaugartæki
án lyftitappa

**14.900 kr.**
**verð áður 21.286 kr.**

**30 ÁRA SAMSTARF MEÐ mora**

## Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi
Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

# Samskipti ríkis og ríkiskirkju



Valgarður Guðjónsson
kerfisfræðingur

Umræðan um stöðu ríkiskirkjunnar er satt best að segja orðin frekar þreytandi. Margir talsmenn kirkjunnar virðast fastir í rangfærslum og villandi málflutningi.

Það eru alveg til rök með því fyrirkomulagi að hafa þjóðkirkju, að mínu viti eru það ekki góð rök og mótrökin eru talsvert sterkari. En það er sjálfsagt að ræða málið. Það má líka rökræða hvernig við vindum ofan af þessu ólánsfyrirkomulagi án þess að koma illa við þá sem hafa valið sér starfsvettvang að gefnum ákveðnum forsendum.

En það er vonlaust að rökræða við fólk sem er fast í rangfærslum og skrifar langar blaðagreinar, annaðhvort án þess að hafa fyrir því að kynna sér grundvallaratriði málsins – nú eða hefur kynnt sér þau og ákveður að fara vísvitandi með rangt mál.

Prestur þjóðkirkjunnar hefur síðustu vikur skrifað greinaröð í Fréttablaðið um ríki og kirkju, greinar sem byggja á rangfærslum, villandi framsetningu og aukaatriðum.

### Kirkjan hafi afhent jarðir

Kirkjan leggur mikla áherslu á að hún hafi „afhent" ríkissjóði einhverjar (ótilgreindar) jarðir 1907 og síðan gert samkomulag 90 árum seinna um framkvæmd þessarar afhendingar. Gallinn við þennan málflutning er að fyrir 1874 var ekki trúfrelsi á Íslandi, allir Íslendingar voru því eigendur jarðanna og kirkjan var því að afhenda upphaflegum eigendum jarðirnar. Og fær árlegar greiðslur á móti!

### Arður af jörðum

Prestur heldur því fram að ríkið hirði arð af áður nefndum eignum sem komi á móti greiðslum til kirkjunnar. Getur hann sýnt hvaða arð ríkissjóður hefur af þeim jörðum sem kirkjan „afhenti" ríkissjóði?

Mig grunar að það geti verið erfitt. Það er vegna þess að ekki er tilgreint nákvæmlega í samkomulaginu um hvaða jarðir er að ræða. Það er því erfitt að fullyrða nokkuð um verðmæti þeirra, hvað þá mögulegan arð.

Þá má spyrja hvaða arð kirkjan hafði af þessum jörðum á meðan hún taldi sig eiga þær? Ef það var nóg til að standa undir þessum launagreiðslum, hvers vegna hélt kirkjan ekki í þessar eignir? Getur hugsast að ríkið hafi einmitt tekið þetta á sig vegna þess að eignirnar stóðu ekki undir launagreiðslum?

Samkomulagið fól svo í sér að á móti greiddi ríkissjóður laun fjölda starfsmanna kirkjunnar um ókomna framtíð.

### Trúlausir greiða meðlimameðlag

Það er vinsæl, lífseig og síendurtekin rangfærsla að einungis meðlimir kirkjunnar greiði svokölluð „sóknargjöld" sem ríkið innheimti og greiði svo til kirkjunnar. Þetta er rangt. Það greiða allir jafnt í ríkissjóð, hvort sem þeir tilheyra ríkiskirkjunni, öðru lífsskoðunarfélagi eða eru utan trúfélaga.

Ríkissjóður greiðir lífsskoðunarfélögum „meðlimameðlag" eftir fjölda. Þetta er augljóst ef tekjur og gjöld ríkisins eru skoðuð, enda hefur fjármálaráðherra nýlega staðfest þetta og meira að segja í greinargerð Biskupsstofu kemur þetta skýrt fram.

### Lokuð sumum

Önnur bábilja sem klifað er á er að ríkiskirkjan sé öllum opin. Þetta er einnig rangt. Næg staðfest dæmi eru um að kirkjan hefur neitað fólki um þjónustu vegna trúarskoðana, kynhneigðar og jafnvel óskilgreindrar sérvisku einstakra presta. Svo rammt kveður að þessu að kirkjan þykist hafa „helgað sér" annarra eignir og neitað eigendum um afnot af þeim.

**Þá er ágætt að hafa í huga smáatriði eins og leyfi kirkjunnar til að kaupa áfengi á sömu kjörum og sendiráð, að prestar telja sig geta nýtt sér samninga ríkisins til tækjakaupa og yfirmaður hennar ferðast á diplómatapassa!**

### Fyrirkomulag í öðrum löndum

Prestur fjallar í löngu máli um fyrirkomulag kirkjumála í öðrum löndum, en nefnir ekki að aðeins í örfáum löndum er sambærilegt fyrirkomulag og á Íslandi, þ.e.a.s. í Bretlandi, Danmörku, Grikklandi og Möltu. Hann leggur út af tilvísun í athugasemd sem ég setti inn á spjallsíðu Vantrúar þar sem ég segi að í flestum löndum gangi vel að vera án þjóðkirkju (hann vitnar til ummæla minna í gæsalöppum en hefur samt ekki nákvæmlega rétt eftir). Prestur takmarkar sína umræðu við ríki Evrópusambandsins, skoðar ekki einu sinni Evrópu alla, hvað þá aðrar heimsálfur og nefnir svo örfá dæmi. Hann sleppir lykilatriðum og vísar í einhverjar yfirlýsingar sem hafa ekkert með framkvæmd samskipta að gera.

Eftir stendur að það var hárrétt hjá mér að fyrirkomulag trúfélaga er í flestum tilfellum ólíkt því sem það er á Íslandi, meira að segja langflestum.

### Ríkiskirkja

Einhverra hluta vegna er kirkjan svo viðkvæm fyrir því að vera skilgreind sem ríkisstofnun og talar óljóst um að það hafi nú einhver aðskilnaður ríkis og kirkju átt sér stað. Með sömu hártogunum má halda því fram að allar stofnanir ríkisins hafi verið skildar frá ríkinu.

En kirkja er ríkiskirkja á meðan
- hún er á fjárlögum
- starfsmenn hennar eru opinberir starfsmenn og um þá gilda sömu lög og reglur

Þá er ágætt að hafa í huga smáatriði eins og leyfi kirkjunnar til að kaupa áfengi á sömu kjörum og sendiráð, að prestar telja sig geta nýtt sér samninga ríkisins til tækjakaupa og yfirmaður hennar ferðast á diplómatapassa!

Kannski á þessi árátta rætur að rekja í einhvers konar draum um að fá að vera ríki í ríkinu. Þess er skemmst að minnast að kirkjan hunsaði til skamms tíma lög um jafnrétti og hún telur það innanhússmál að grunur leiki á að starfsmenn hennar telji ekki allar tekjur fram til skatts.

### Breytingar

Að lokum vil ég nefna þá fullyrðingu að þeir sem vilja breytingar vilji þær eingöngu breytinganna vegna. Þetta er augljóslega rangt hverjum þeim sem hefur haft fyrir því að kynna sér málflutning þeirra sem vilja breytingar.

Ég vil til að mynda breyta þessu fyrirkomulagi vegna þess að
- ríkisrekið trúfélag er tímaskekkja á tuttugustu og fyrstu öldinni
- trúmál er einkamál hvers og eins
- samningur um jarðir og laun kirkjunnar þjóna stenst enga skoðun
- á meðan skorið er niður í lífsnauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er fráleitt að auka greiðslur til stofnunar sem byggir á hindurvitnum
- sálfræðiaðstoð er miklu betur komin í höndum þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í faginu en þeirra sem hafa kannski setið eitt námskeið
- kirkjan rukkar hvort sem er um alla þjónustu

# Rök fyrir alþjóðlegri menntun



Robert Barber
sendiherra
Bandaríkjanna

Nú nær 10 mánuðum eftir að ég hóf störf sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi hef ég síendurtekið upplifað hversu sterk og víðtæk tengsl hafa á Íslandi. Það hefur komið mér á óvart að hitta svo marga Íslendinga sem lagt hafa stund á nám í Bandaríkjunum, Bretlandi og öðrum löndum Evrópu og heimsins. Hver einstaklingur hefur búið yfir einstökum hæfileikum og hefur viðkomandi upplifað eitthvað stærra í sniðum, eitthvað sérstakt. Allir höfðu hlotið alþjóðlega menntun.

Í þessari viku er haldið upp á alþjóðlega menntun, en slíkt veitir tækifæri til að viðurkenna ávinning menntunar og nemendaskipta á heimsvísu. Alþjóðleg menntun byggir upp og viðheldur lýðræðislegri, öruggari og farsælli heimi sem Bandaríkjamenn, Íslendingar og alþjóðasamfélagið hafa hag af.

Sambönd sem verða til og þróast með alþjóðlegri menntun eru varanleg og endast alla ævina. Alþjóðlegir nemendur auðga kennslustofur, háskólasvæði og samfélög hýsilanda sinna á máta sem heldur áfram löngu eftir að nemendurnir hafa snúið aftur til heimalanda sinna. Þeir þróa með sér skilning á gildum og sjónarmiðum fólksins í hýsilöndum sínum, sem þeir hafa í huga það sem eftir lifir lífs þeirra.

### Alþjóðleg menntun og efnahagslífið

Þegar snúið er heim eftir dvöl erlendis nýtur heimaland alþjóðlega nemandans góðs af reynslu hans, þekkingu og fenginni færni; sú færni og nauðsynleg er til að stunda samkeppni í hinu hnattvædda hagkerfi nútímans. Tenging landa með alþjóðlegri menntun stuðlar að opnun markaða og auknum viðskiptum. Sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi hef ég gert það að persónulegu markmiði mínu að auka viðskiptatengsl á milli landa okkar tveggja. Ég tel að sú reynsla sem fengin er með menntun í Bandaríkjunum veiti sterkari grunn sem bæði lönd geta notið góðs af.

Reynsla sem fengin er með menntun í Bandaríkjunum gagnast bæði Íslandi og Bandaríkjunum. Hún býr nemendur undir atvinnu á 21. öldinni og styður við sterk hagkerfi Bandaríkjanna og Íslands. Alþjóðlegir nemendur sem mennta sig í Bandaríkjunum verða leiðtogar á öllum sviðum og atvinnugreinum. Hugmyndir þeirra og ákvarðanir, sem leiðtoga, endurspegla oft þá alþjóðlegu skarpskyggni sem stuðlar að uppbyggingu betur megandi samfélaga.

Nokkrar nýlegar rannsóknir, hjá háskólum í Asíu, Evrópu og Bandaríkjunum, hafa sýnt að nemendur sem stunda nám erlendis hafa hærri tekjur á lífsleiðinni, eru lausnamiðaðri og meira skapandi. Ég leyfi mér að spyrja: Hverjir eru annarkar þess?

### Óttinn við mikinn kostnað

Þegar leitað er upplýsinga þess efnis hvort Íslendingar hafi velt fyrir sér námi í Bandaríkjunum er algengasti ótti þeirra kostnaður samfara því. Þó það sé satt að ferðalög erlendis geti reynst kostnaðarsöm er boðið upp á nokkur úrræði sem dregið geta úr kostnaði. Fulbright-stofnunin á Íslandi (www.Fulbright.is) veitir námsstyrki til framhaldsnáms í Bandaríkjunum. Að auki rekur stofnunin Education-USA ráðgjafarmiðstöðina sem veitir upplýsingar um menntunartækifæri í Bandaríkjunum og valkosti fyrir fjárstyrki sem koma til móts við menntunarkostnað í Bandaríkjunum. Ég hvet þig til að heimsækja stofnunina, eða vefsíðu hennar, til að sjá hvað gæti hentað þér.

Í mars á hverju ári tekur sendiráðið höndum saman með Fulbright-stofnuninni og fær nokkra bandaríska háskóla í heimsókn til Íslands til að taka þátt í Nordic College Fair. Ég hvet þig til að fylgjast með Facebook-síðu okkar til að fá frekari upplýsingar um þann viðburð, þar sem hann gæti veitt þér frábært tækifæri til að ræða við fulltrúa frá mörgum frábærum bandarískum stofnunum um nám sem gæti hentað þér.

**Nokkrar nýlegar rannsóknir, hjá háskólum í Asíu, Evrópu og Bandaríkjunum, hafa sýnt að nemendur sem stunda nám erlendis hafa hærri tekjur á lífsleiðinni, eru lausnamiðaðri og meira skapandi.**

### Gagnkvæm skipti

Viðleitni mín á Íslandi er ekki takmörkuð við að senda fleiri Íslendinga til náms í Bandaríkjunum. Bandaríska utanríkisráðuneytið hvetur fleiri bandaríska nemendur til að íhuga nám erlendis. Ég trúi því að þessi viðleitni sé að virka. Fleiri nemendur, en nokkru sinni fyrr, horfa nú til Íslands sem lands menntunar – hvort sem um er að ræða grunnnám, framhaldsnám eða jafnvel sumarnám. Það hvetur mig til dáða að sjá hvernig þau koma fram fyrir land sitt og segi ég þeim öllum að hann eða hún, eins og ég, eru sendiherrar Bandaríkjanna á meðan þau stunda nám hér. Það eina sem upp á vantar er að fá einhvern til að hjálpa mér að breiða út ágæti hafnabolta hér á Íslandi!

### Tækifæri lífsins

Þó ég hafi ekki verið svo heppinn að stunda nám erlendis fékk ég tækifæri, sem ungur maður nýútskrifaður úr háskóla, að ferðast til níu landa á tveggja mánaða tímabili. Þó að þetta tækifæri hafi víkkað sjóndeildarhring minn efast ég ekki um að reynsla mín hefði aukist með tækifæri til að læra meira, bæði námslega séð og í gegnum menningartengsl við fólk sem var ólíkt mér. Ég er þó ekki í neinum vafa um að tími minn erlendis, bæði sem ungur maður og síðar, hefur hjálpað mér að skilja Bandaríkin betur. Ég hvet Íslendinga til að íhuga þetta tækifæri, tækifæri lífsins, að velja nýja leið til móts við bjarta og alþjóðlega framtíð.

# Hjúkrun bjargar mannslífum



Ólafur G. Skúlason
formaður Félags
íslenskra
hjúkrunarfræðinga

Við stöndum nú á krossgötum. Hvert skal stefna? Eigum við að halda áfram á sömu braut eða eigum við að breyta til? Getum við haldið áfram við óbreyttar aðstæður?

Þessum spurningum velta hjúkrunarfræðingar fyrir sér í dag í kjölfar ákæru á hendur samstarfskonu þeirra sem sökuð er um mistök í starfi sem leiddu til dauða skjólstæðings í hennar umsjá.

Hjúkrunarfræðingar vinna erfitt starf við erfiðar aðstæður. Skortur á hjúkrunarfræðingum gerir það að verkum að þeir sem eru við störf sinna allt of mörgum sjúklingum í einu. Þeir eiga erfitt með að halda yfirsýn og tryggja að allir fái þá meðferð og eftirlit sem þeir þurfa á að halda. Ofan á manneklu bætist svo við að álagið er of mikið þar sem sjúklingar verða sífellt veikari og öldruðum sem þarfnast hjúkrunar fer ört fjölgandi. Við bætist að starfsumhverfið er ófullnægjandi þar sem húsnæðið er úr sér gengið og hentar ekki nútíma heilbrigðisþjónustu.

Hjúkrunarfræðingar sinna sínu starfi af alúð og umhyggju og hafa nýjustu þekkingu að leiðarljósi. Þeir hlaupa sífellt hraðar, vinna meira og eru þar af leiðandi þreyttari og verr í stakk búnir til að tryggja öryggi sjúklinga.

Það þarf að fjölga hjúkrunarfræðingum til að tryggja öryggi sjúklinga. Það ætti að vera forgangsverkefni stjórnvalda og krafa sjúklingasamtaka að hjúkrunarfræðingum verði fjölgað. Með góðri mönnun hjúkrunarfræðinga dregur úr fylgikvillum sjúkrahúslegu, sjúklingum farnast betur, útskrifast fyrr og dánartíðni lækkar. Það kemur því betur út fyrir sjúklinga og er kostnaðarlega hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Þetta liggur beint við.

Til að fjölga hjúkrunarfræðingum þarf að gera breytingar. Kjör þeirra þurfa að endurspegla ábyrgðina, starfsumhverfið þarf að bæta og gera þarf háskólunum og heilbrigðisstofnunum kleift að taka við fleiri nemendum í hjúkrunarfræði.

### Slæmar afleiðingar

Hjúkrunarfræðingar bíða nú eftir niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur. Verði niðurstaðan sú að hjúkrunarfræðingurinn verði sakfelldur óttast ég að það muni hafa slæmar afleiðingar á heilbrigðiskerfið. Hver vill vinna við aðstæður sem eru þannig að þrátt fyrir að þú gerir þitt allra besta og samkvæmt nýjustu þekkingu ertu líklegri til að gera mistök vegna álags og manneklu? Margir hjúkrunarfræðingar segjast munu hugsa sinn gang og jafnvel íhuga að yfirgefa fagið en við megum ekki við því að missa einn einasta hjúkrunarfræðing.

Það verður að skapa starfsumhverfi fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem ýtir undir það að árangur náist af starfi þess. Það þarf að manna vel og tryggja að starfsfólk fái þá hvíld sem nauðsynleg er til að sinna flóknum og erilsömum störfum. Hvíldartími heilbrigðisstarfsmanna á að vera ófrávíkjanleg regla og líta verður á hann sem heilagan. Þeir vinna með líf annarra í höndunum og því tel það vera kröfu hvers einasta þegns þessa lands að þegar þeir þurfa á hjúkrunarfræðingi eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni að halda sé viðkomandi óþreyttur, til staðar og í þeim aðstæðum að geta veitt bestu mögulega heilbrigðisþjónustu líkt og þeim er skylt að gera samkvæmt lögum.

Það er stjórnvalda að tryggja hér öflugt heilbrigðiskerfi og skapa heilbrigðisstarfsfólki vinnuaðstæður sem stuðla að öryggi sjúklinga og starfsmanna. Forgangsröðum fjármálum í heilbrigðiskerfið og drögum úr líkunum á því að mistök eigi sér stað. Tryggjum að hjúkrunarfræðingar velji að halda leið sinni í hjúkrun áfram. Fjárfestum í hjúkrun – hjúkrun bjargar mannslífum.

**Það er stjórnvalda að tryggja hér öflugt heilbrigðiskerfi og skapa heilbrigðisstarfsfólki vinnuaðstæður sem stuðla að öryggi sjúklinga og starfsmanna.**

# BLACK FRIDAY

## WWW.BLACKFRIDAY.IS

SKRÁÐU ÞIG Í ELKO KLÚBBINN Á
WWW.BLACKFRIDAY.IS OG VIÐ SENDUM ÞÉR
ÖLL BLACK FRIDAY TILBOÐIN DAGINN ÁÐUR.
EINNIG VERÐUR EINN HEPPINN SEM VINNUR
100.000 KRÓNA GJAFABRÉF Í ELKO
FYRIR JÓLIN!

TAKIÐ DAGINN FRÁ
27.
NÓVEMBER

ELKO
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

# Sama uppskriftin að árangri

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er án sigurs í síðustu fimm leikjum. Strákarnir byrjuðu að tapa þegar leikirnir skiptu minna máli. Svipað gengi og í byrjun síðustu hringrásar eftir undankeppni HM 2014.**

**FÓTBOLTI** Miðað við gengi íslenska landsliðsins síðan Lars Lagerbäck tók við stjórninni með Heimi Hallgrímssyni, fyrst sem aðstoðarmanni og síðar samþjálfara, er óþarfi að óttast árangurinn í síðustu leikjum. Strákarnir okkar eru án sigurs í síðustu fimm leikjum og þar af hafa þeir tapað síðustu þremur.

Það er gömul saga og ný að íslenska liðið undir áhrifum Lars Lagerbäcks vinnur leikina sem skipta máli en nær ekki úrslitum í vináttu- og æfingaleikjum. Í fyrstu 40 leikjum Svíans hefur Ísland unnið aðeins rétt ríflega þriðjung æfingaleikjanna en er með ríflega 57 prósent sigurhlutfall í mótsleikjum. Það er á endanum auðvitað það sem skiptir máli.

Strákarnir eru í svipaðri hringrás og í lok árs 2013 og byrjun árs 2014. Þá náðu þeir ekki að vinna Króatíu í tveimur frægum umspilsleikjum í lok árs 2013 en þar er auðvitað um að ræða mótsleiki. Árið 2014 byrjaði svo ekki vel. Skelfileg frammistaða B-liðsins í Dúbaí gegn Svíþjóð skilaði tapi og svo fíflaði Gareth Bale okkar menn upp úr skónum í tapleik gegn Wales.

Betri hlutir fóru þó að sjást í vináttuleik gegn Austurríki en eftir jafntefli gegn því firnasterka liði – sem sló í gegn í undankeppni EM líkt og Ísland – duttu strákarnir í gang og unnu Eista í æfingaleik áður en Tyrkir, Lettar og Hollendingar voru lagðir að velli án þess að liðið fengi á sig mark í byrjun undankeppni EM.

Lars og Heimir eru að reyna að stækka hópinn með því að gefa öðrum mönnum tækifæri en hafa spilað flesta leikina í undankeppninni. Liðið er fastmótað sem er einn helsti styrkleiki þess en jafnframt mikill veikleiki þegar kemur að leikjum sem skipta minna máli.

„Við vitum það allir að ef við hefðum spilað okkar sterkasta lið hefðum við jarðað báðar þessar þjóðir,“ sagði Kári Árnason í viðtali við fótbolti.net eftir tapið fyrir Slóvakíu. Það er erfitt að mótmæla miðverðinum þar. Úrslitin tala einfaldlega sínu máli.

ooj@frettbladid.is




## Flestir leikir í röð án sigurs í tíð Lars Lagerbäck:

| 6 | 5 | 4 |
|---|---|---|
| **leikir** | **leikir** | **leikir** |
| 15. október 2013 til 30. maí 2014. Endaði með sigri á Eistlandi 4. júní 2014. | 6. september 2015 og enn í gangi. | 24. febrúar 2012 til 30 maí 2012. Endaði með sigri á Færeyjum 15. ágúst 2012. |

# Systrapör á leið með landsliðinu til Ungverjalands

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta flaug í morgun út til Ungverjalands þar sem liðið mætir heimastúlkum á laugardaginn í fyrsta leik í undankeppni EM.

Ívar Ásgrímsson, þjálfari liðsins, valdi í gær þær tólf stelpur sem spila fyrsta Evrópuleik liðsins í sex ár.

Það vekur vissulega athygli að tvö pör af systrum eru í hópnum að þessu sinni. Það eru landsliðsfyrirliðinn Helena Sverrisdóttir og yngri systir hennar, Guðbjörg Sverrisdóttir. Helena sem er 27 ára spilar með Haukum en hin 23 ára gamla Guðbjörg er fyrirliði Valsliðsins. Þær unnu báðar Íslandsmeistaratitilinn með Haukum.

Hinar systurnar í tólf manna hópnum eru Gunnhildur Gunnarsdóttir og yngri systir hennar, Berglind Gunnarsdóttir, sem urðu saman Íslandsmeistarar með Snæfelli síðasta vor. Berglind, sem er 22 ára, er annar tveggja nýliða liðsins ásamt Bergþóru Holton Tómasdóttur en hin 25 ára gamla Gunnhildur hefur verið fastamaður í landsliðinu frá því að það var endurvakið árið 2012. Helena og Guðbjörg léku sinn fyrsta landsleik saman í fyrra og hafa verið í landsliðinu í öllum sex leikjum liðsins á þessu ári.

Þetta verða ekki fyrstu systurnar til þess að spila í Evrópuleik með íslenska kvennalandsliðinu en Sigrún Sjöfn og Guðrún Ósk Ámundadóttir léku saman í sex Evrópuleikjum á árunum 2008 til 2009. **– óój**

### Liðið á móti Ungverjum

Auður Ólafsdóttir, Helena Sverrisdóttir, Jóhanna Björk Sveinsdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir (**Haukum**), Berglind Gunnarsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir (**Snæfelli**), Bergþóra Holton Tómasdóttir og Guðbjörg Sverrisdóttir (**Val**), Ragna Margrét Brynjarsdóttir (**Stjörnunni**), Sandra Lind Þrastardóttir (**Keflavík**) og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (**Grindavík**).




**Systurnar í landsliðinu. Frá vinstri: Helena Sverrisdóttir, Guðbjörg Sverrisdóttir, Berglind Gunnarsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Njarðvík 100–86 ÍR**
Njarðvík: Haukur Helgi Pálsson 28, Marquise Simmons 21/11, Logi Gunnarsson 19/7/5.
ÍR: Jonathan Mitchell 27/16, Oddur Rúnar Kristjánsson 24, Vilhjálmur Jónsson 18.

**Haukar 73–85 Stjarnan**
Haukar: Kári Jónsson 22, Stephen Madison 16, Haukur Óskarsson 14.
Stjarnan: Al'lonzo Coleman 29/10, Marvin Valdimarsson 13, Justin Shouse 13.

**Staðan**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 12 | Tindastóll | 6 |
| KR | 10 | Grindavík | 6 |
| Njarðvík | 10 | Snæfell | 4 |
| Þór Þ. | 8 | ÍR | 4 |
| Haukar | 8 | FSu | 0 |
| Stjarnan | 8 | Höttur | 0 |

**Olís-deild kvenna**

**Fram 19–31 Grótta**
Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 5, Marthe Sördal 4, Hildur Þorgeirsdóttir 4.
Grótta: Sunna María Einarsdóttir 8/2, Unnur Ómarsdóttir 5/1, Eva Björk Davíðsdóttir 4, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 4.

**Staðan**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Grótta | 21 | Fjölnir | 8 |
| ÍBV | 20 | Fylkir | 8 |
| Valur | 20 | HK | 6 |
| Fram | 19 | FH | 5 |
| Haukar | 18 | KA/Þór | 5 |
| Stjarnan | 16 | ÍR | 5 |
| Selfoss | 14 | Afturelding | 3 |

### EYJÓLFUR FER Í STJÖRNUNA

Eyjólfur Héðinsson, leikmaður Midtjylland í dönsku úrvalsdeildinni í fótbolta, er búinn að semja við Stjörnuna og leikur með liðinu í Pepsi-deildinni á næstu leiktíð. Þetta kom fram í fréttatilkynningu frá Stjörnunni, en þessi þrítugi miðjumaður skrifaði undir tveggja ára samning við Garðabæjarfélagið.

Eyjólfur er nýkominn til baka eftir langvarandi meiðsli, en hann spilaði á dögunum sinn fyrsta leik í rúmt eitt og hálft ár fyrir Midtjylland.

Stjarnan er búin að missa sterka leikmenn í Gunnari Nielsen, Pablo Punyed og Michael Præst en hefur fengið á móti Eyjólf, Baldur Sigurðsson, Grétar Sigfinn Sigurðarson og Hilmar Árna Halldórsson.

### JÓN DAÐI SPILAÐI MEST

Jón Daði Böðvarsson kom við sögu í tapinu á móti Slóvakíu en það var ellefti og síðasti landsleikur karlalandsliðsins í fótbolta á árinu 2015.

Jón Daði var þarna að taka þátt í tíunda landsleik sínum á árinu 2015 en hann missti bara af einum landsleik á þessu ári. Jón Daði gat ekki spilaði vegna meiðsla í jafntefli á móti Lettland í október.

Hann var í byrjunarliðinu í sjö af þessum tíu leikjum.

Jón Daði er eini leikmaður liðsins sem náði að spila tíu landsleiki 2015 en hann lék einum leik meira en þeir Ari Freyr Skúlason, Birkir Már Sævarsson, Jóhann Berg Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | **RSM Classic** | Golfstöðin |
| 19.00 | **Keflavík - KR** | Sport |

**Dominos-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **Snæfell - Tindastóll** | Fjárhúsið |
| 19.15 | **Keflavík - KR** | Sláturhúsið |

**Olís-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | **Akureyri - FH** | KA-heimilið |
| 19.30 | **Afturelding - Víkingur** | Varmá |
| 19.30 | **Fram - Haukar** | Safamýri |

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**Tvær í latex**
Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian lenti í því fyrr á árinu að vera í samskonar kjól við sama tilefni og leik- og söngkonan Rita Ora. Hún virðist kippa sér lítið upp við að vera eins klædd og aðrir.
SÍÐA 4








# FELLUR FYRIR LEÐRI, KÖGRI OG FELDI

**TÖFF KJÓLASTELPA** *Anna Karen Ellertsdóttir er töffari sem er aldrei í öllu svörtu. Tilraunastarfsemi í fatavali hefur stundum leitt hana á ófagrar slóðir.*

Fatadrama í æsku segir Anna Karen Ellertsdóttir, markaðsfulltrúi á sölusviði Hringbrautar og Spyr, vera líklega aðaleinkenni tískuáhugafólks en hún hefur pælt í tískunni síðan áður en hún man eftir sér og hafði ansi sterkar skoðanir á leikskólafatnaðinum foreldrum sínum til mikillar gremju. „Ég hef gaman af því að velta fyrir mér möguleikunum sem fataskápurinn býður upp á og á mjög erfitt með að nota sömu flíkina tvo daga í röð,“ segir Anna Karen.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Mér finnst alltaf gaman að vera í skemmtilegum fötum hvernig sem viðrar. En svona klassískt mánudagsdress er líklega svartar buxur, hvítur stuttermabolur og svo eitthvað töff sem brýtur það upp. Á fallegan overzised pallíettujakka sem ég nota mikið hversdags til dæmis. ▶

**HRIFIN AF YFIRHÖFNUM** Anna Karen Ellertsdóttir er mikil áhugamanneskja um tísku. Hún á erfitt með að standast fallegar yfirhafnir hvort sem það eru pelsar, kápur eða jakkar. MYND/VILHELM


Skemmtipakkinn 365
FÁRÁNLEGA
**FLOTTUR PAKKI**
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag
365.is | Sími 1817





# Mæðgin fagna!






Kynningarverð:
4.990 kr.




Kynningarverð:
2.990 kr.



Verið velkomin
í Bókabúð Máls og menningar
í dag klukkan 17 þar sem útgáfu bókanna
*Mamma* og *Fjallkonan* verður fagnað.

Léttar veitingar í boði og sérstök verðlaun
fyrir þá sem mæta með mömmu sinni.

Sjáumst!

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18




**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég hef alltaf verið mikil kjólastelpa, svo ef það eru jólin eða stórboð á við brúðkaup þá verður alltaf kjóll fyrir valinu. Mér finnst þó kjólaúrvalið sem er búið að vera síðustu ár ekki heilla mig og hef því sjaldan fundið kjól sem ég fíla. Svo ég tali nú ekki um hvað sokkabuxur geta verið óþægilegar … Ég er því farin að vera oftar í samfestingum eða buxum við ýmis tilefni.
**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Ég hef alltaf fílað að hafa smá töffaraskap í klæðaburðinum, allt sem er leður, kögur eða feldur bræðir mig. Ég kann heldur ekki að vera í öllu svörtu, blanda gjarnan saman jarðlitum með svörtu og hvítu. Fer sjaldan í skæra eða sterka liti, ég fer allavega varlega í það.
**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég heillast mjög mikið af versluninni Corner í Smáralind og hinum almennu vinsælu tískuverslunum landsins. Annars versla ég líka á netinu, gegnum grúppuna mína á Facebook – Vintage föt til sölu og einnig í Kolaportinu. Svo reyndar þegar ég gerist svo heppin að komast til útlanda þá nýti ég tækifærið óspart. Halló vísareikningur!
**Eyðir þú miklu í föt?** Ég væri að ljúga ef ég viðurkenndi það ekki en ég reyni að passa mig á því að eyða bara þegar ég veit að veskið leyfir það.
**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ég tengist fötunum mínum óþarflega sterkum tilfinningatengslum og því erfitt að gera upp á milli. Mér dettur í hug flík sem mér hefur lengi þótt vænt um og mun líklega aldrei láta frá mér. Það er síð mokkakápa sem kostaði sitt í kringum árið 2000, á unglingsárum mínum. Skil ekki alveg hvernig mér datt þetta í hug þá.
**Uppáhaldshönnuður?** Ég fylgist skammarlega lítið með því sem er að gerast á tískupöllunum á vorin og haustin, þó að tískustraumarnir fari ekki fram hjá mér. Ég er þó hrifin af því sem ég hef séð frá Alexander Wang, Balenciaga er alltaf heillandi en einnig finnst mér vorlínan fyrir næsta ár frá YSL mjög töff.
**Bestu kaupin?** Bestu kaupin eru ávallt langlífu kaupin. Er mjög sátt með ákveðin skókaup sem áttu sér stað í sumar í Bandaríkjunum í þekktu Premium outlet-unum. Ég fann ótrúlega fallega og klassíska skó á afslætti frá merkinu Giorgio Armani.
**Verstu kaupin?** Þau eru svo yndislega mörg. Tilraunastarfsemin hjá mér og áhuginn fyrir sérstökum flíkum hefur alveg leitt mig á ófagrar slóðir oftar en einu sinni. Verstu kaupin eru samt alltaf þau sem eru kostnaðarsöm og illa nýtt.
**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir veturinn?** Ég á gott safn af vetraryfirhöfnum og treflum svo það bætist líklega lítið við. Ég hins vegar fjárfesti í „slabb"-skóm í vor eftir að hafa oft verið blaut í fæturna síðasta vetur. Ullarfóðruðum ökklastígvélum frá Ilse Jacobsen sem ég veit að verða möst í vetur þegar slabbið byrjar.



**EYÐIR STUNDUM OF MIKLU Í FÖT** Anna Karen viðurkennir að eyða miklu í föt. „Ég væri að ljúga ef ég viðurkenndi það ekki en ég reyni að passa mig á því að eyða bara þegar ég veit að veskið leyfir það." MYND/HAUKUR SIGURBJÖRNSSON

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Sama hvað, þá fell ég alltaf fyrir yfirhöfnum, það er alveg klárlega minn veikleiki. Pelsar, kápur, jakkar – nefndu það!
**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Ég er með nokkra skartgripi sem ég tek aldrei af mér en svona fyrir utan það er ég ekki nógu dugleg að nota fylgihluti nema kannski stór hálsmen. Hins vegar er ég nánast alltaf með loðkraga eða trefil þegar hitastigið byrjar að falla undir 10°C.
**Áttu þér tískufyrirmynd?** Tjaa … já og nei. Þær eru nokkrar sem mér finnst töff, en myndi ekki kalla þær fyrirmyndir. Sem dæmi hefur mér alltaf þótt Kate Moss flott.

# TWEED MEÐ TVISTI

*Munstur á munstur ofan og æpandi litir ofan á tweed eru áberandi á tískupöllunum um þessar mundir.*

Rótgróin, hefðbundin munstur eins og tweed og köflótt hafa verið áberandi á tískupöllunum að undanförnu. Munstur almennt eru auk þess algeng sjón og menn óhræddir við að blanda þeim saman.
Tweedið sem á árum áður var aðallega notað í aðsniðin jakkaföt, dragtir og kjóla er nú gjarnan í fötum í yfirstærð og blandað við skæra liti, annað munstur og jafnvel slönguskinn. Hér eru sýnishorn frá Chanel, Miu Miu og Acne Studios.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND**

**www.smartboutique.is**

Laugavegur 55, sími 551 1040

Opnunartímar
mánud.-föstud 10 – 18
Laugard. 10 – 17
sunnud. 12 – 16

# Smart Boutique

Laugavegur 55 • www.smartboutique.is

**SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND**

**www.smartboutique.is**

*120 litir og 150 tegundir af leðurhönskum enginn er með meira úrval en við.*

# Fallegar jólagjafir á góðu verði



Refaskott og hanskar að eigin vali
Tilboð. 12.490 kr.
Stutt skott og hanskar. Tilboð. 9.900 kr.
Margir nýir litir í boði.



Herratrefill og leðurhanskar hlý og góð gjöf sem klikkar aldrei. Jólatilboð. 5.490 kr.
Margir litir í boði.



Kanínuhúfa og leðurhanskar
Jólatilboð 15.900 kr.
Hvítar, svartar, gráar og brúnar húfur í 5 stærðum





Pasmina eða hringtrefill og leðurhanskar í stíl Jólatilboð 4.950 kr.



Yfir 100 tegundir af leður seðlaveskjum verð frá 3.900 kr.





120 litir af leðurhönskum verð frá
Aðeins 3.450 kr.
parið



Leður og sauðskinns lúffur.
Barna frá 1.990 kr.
Dömu /herra frá 3.900 kr.

Herra leðurhanskar
nýir litir frá 3.890 kr.



# SAMNÝTIR FÖT MEÐ SYSTRUNUM

**ALVEG TIL Í AÐ VERA EINS** *Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian kippir sér ekki mikið upp við að vera í sömu fötum og aðrir og á það jafnvel til að pikka upp klæðnað sem aðrir hafa skartað.*



GWYNETH PALTROW Á EMMY-VERÐLAUNAHÁTÍÐINNI 2011

KIM KARDASHIAN Í CANNES Í MAÍ 2012



HÁLFSYSTIR KIM, KENDALL JENNER, Í LOS ANGELES 2012.

KIM Í NEW YORK 2010.

KARDASHIAN Í LONDON 26. FEBRÚAR

RITA ORA Í LONDON 26. FEBRÚAR.

Flestum þykir óþægilegt að hafa dressað sig upp í sitt allra fínasta og mæta svo öðrum í eins flík. Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian lenti í því fyrr á þessu ári þegar hún mætti í partí sem stjörnuljósmyndararnir Mert Alas og Marcus Piggott héldu í London. Hún hafði valið ljósbleikan latexkjól og hafði breska leik- og söngkonan Rita Ora fengið sams konar hugmynd. Báðar ætluðu án efa að vekja á sér athygli og skara fram úr en athygli manna beindist helst að því að bera þær saman.

Kim hefur raunar ítrekað lent í þessu og oft virðist hún hreinlega pikka upp klæðnað sem aðrir hafa skartað. Þannig klæddist Gwyneth Paltrow kjól eftir Emilio Pucci á Emmy-verðlaunahátíðinni 2011. Kim var svo í sama kjól í Cannes ári síðar. Þá var Charlize Theron í kjól eftir Stellu McCartney á BAFTA-verðlaunahátíðinni 2012 og Kim í eins kjól í Today Show á NBC-sjónvarpsstöðinni stuttu síðar.

Kim er líka dugleg að samnýta föt með systrum sínum fjórum og sjást þær oft í sama dressi. Hún var í hvítum kjól með dýraprenti í október 2010 og systir hennar, Kendall Jenner, í þeim sama í mars tveimur árum síðar.





ION Adventure Hotel er margverðlaunað hótel sem er staðsett í einstakri náttúru á Nesjavöllum við Þingvallavatn, einni helstu náttúruperlu Íslands.

Gjafabréf ION er ógleymanleg gjöf að einstakri upplifun.

Hótelið skartar veitingastaðnum Silfru, Norðurljósabar með útsýni yfir fjallahring Þingvallavatns og spa aðstöðu með náttúrulegri setlaug.

ION Rómantík
Gisting í eina nótt í deluxe herbergi með morgunverði.
ION fjögurra rétta lúxus kvöldverður.
Tvær ION Heal 90 mínútna meðferðir.
Heimagert konfekt og freyðvín inná herbergi.
Framlengdur brottfarartími.
Verð: 130.800 kr.

ION Deluxe
Gisting í eina nótt í deluxe herbergi með morgunverði og þriggja rétta kvöldverði.
Verð: 70.500 kr.

ION Klassík
Gisting í eina nótt í standard herbergi með morgunverði og þriggja rétta kvöldverði.
Verð: 61.500 kr.

ioniceland.is
reservations@ioniceland.is
Sími 482 3415

A MEMBER OF DESIGN HOTELS™

TRI

Suðurlandsbraut 32

Hjólreiðar · Hlaup · Sund

**TRI VERSLUN** býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við **BORGUN**

BORGUN



*Schwalbe Marathon Winter
Verð frá 9.990kr



*Shimano Ultegra
Mavic Aksium Disc

#Cyclocross

# CROSS RACE SL
# 359.990kr

#cube_your_life



**CROSS RACE PRO**
**279.990kr**



**CROSS RACE**
**239.990kr**



**LITENING C:68**
**1.159.990kr**

Nóvember @ TRI VERSLUN

# Cube your life!

facebook.com/tri.is instagram.com/triverslun @TRIVERSLUN

**20% afsláttur af öllum Cube 2015 reiðhjólum!**

SHIMANO

# WWW.TRI.IS

SHIMANO

ParkTool

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

ParkTool

Flottar yfirhafnir og peysur



Netverslun á tiskuhus.is

My Style tískuhús

Stærðir 38-52

my style

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464



8 rétta hlaðborð í hádeginu

TILBOÐ KR. 1.790.-

OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.

Kinahofid

NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

kinahofid.is

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI



365

365.is
Sími 1817



**VINSÆLAST** Þessi dökkvínrauði litur er sá vinsælasti um þessar mundir.



**BLÁIR TÓNAR** Dökkir bláir tónar eru einnig vinsælir.

# JÓLANEGLURNAR VERÐA VÍNRAUÐAR

**VETRARLITIR** *Selma Margrét Sverrisdóttir naglafræðingur hjá Nöglum og förðun segir að dökkvínrauðar neglur séu vinsælastar um þessar mundir. Mikið skraut á neglurnar er hins vegar á útleið.*

Selma segir að það sé alltaf vinsælt hjá yngri konum að fá sér gervineglur. Neglurnar hafa lítillega breyst í lögun og lengst. Sérstök tilefni kalla á fallegar neglur, eins og brúðkaup, stórafmæli eða jafnvel nýárshátíð. Selma segir að rauðu neglurnar henti ágætlega um jólin en um áramót vilji konur fá smávegis glimmer líka. „Reyndar eru dökku vetrarlitirnir mjög vinsælir um þessar mundir en það eru alltaf einhverjar konur sem halda sig við ljósa liti. Það má því segja að hvíti liturinn sé alveg með líka," segir hún.

Naglasnyrting hefur lengi tíðkast og litir á naglalökkum breytast með tískustraumum. Undanfarin ár hafa ljósir litir verið langvinsælastir en nú er þetta að breytast og dökkir litir eru allsráðandi. „Það hafa ekki verið miklar breytingar í þessu fagi undanfarið en þó get ég nefnt að allt skraut, steinar og þess háttar, er ekki lengur vinsælt. Dökkir vetrarlitir hafa verið áberandi undanfarið, vínrauður, blár og grár. Ljósbleikur kemur svo inn á milli fyrir þær sem vilja það frekar. Það hefur líka verið vinsælt að hafa matta tóna og svo alveg náttúrulegan lit," útskýrir Selma.

„Um jólin verður sem sagt dökkvínrauði liturinn vinsælastur og svo má bæta við smá glimmeri um áramótin," segir Selma. „Næsta vor koma svo inn skemmtilega ljósir litir og þá tökum við táneglurnar líka. Það er minna um það á veturna," segir Selma og minnir á að það þurfi þó alltaf að halda nöglunum við svo þær séu fallegar.



**NAGLASNYRTING** Margar konur hugsa vel um neglurnar. Hér er Selma að snyrta neglur sem síðan verða lakkaðar fallega. MYND/GVA



**FÖLBLEIKUR** Þótt dökkir litir séu allsráðandi eru enn margar konur sem vilja hafa neglurnar í ljósum lit.



**JÓLASKRAUT** Minna er um listrænar neglur en oft áður, það er í mörgum litum. Þessar eru þó óneitanlega jólalegar.



**MEIRI JÓL** Og hér er önnur útgáfa af jólanöglum.

# STJÖRNUSTRÍÐ HEFUR ÁHRIF VÍÐA

**Þekktir hönnuðir sýna fatnað sem byggður er á búningum nýjustu Stjörnustríðsmyndarinnar.**



Frá því fyrsta Stjörnustríðsmyndin kom út árið 1977 hafa myndirnar haft mikil áhrif á tísku og ýmsa menningarstrauma. Nýjasta myndin, The Force Awakens, verður frumsýnd um allan heim í desember og má búast við að hún muni hafa mikil áhrif eins og forverar hennar.

Framleiðandi myndarinnar, Disney, og lúxusverslunarkeðjan Bloomingdale's, hafa nú tekið höndum saman og skipulagt góðgerðarsamkomu í New York sem ber heitið Force 4 Fashion.

Þar munu þekktir hönnuðir sýna nýjar fatalínur byggðar á búningum myndarinnar sem eru hannaðir af Michael Kaplans. Samkoman fer fram 2. desember og fara fötin í sölu degi síðar í verslun Bloomingdale's í New York.

Nokkur sýnishorn má finna á Instagram (@disneystyle).





## KYNÞOKKAFYLLSTUR

**David Beckham valinn kynþokkafyllsti karlmaðurinn árið 2015.**

● Myndarlegi fótboltakappinn David Beckham þakkaði foreldrum sínum, af augljósum ástæðum, þegar hann var í vikunni valinn Kynþokkafyllsti karlmaðurinn árið 2015 af People-tímaritinu. Einnig þakkaði hann hársnyrtinum sínum og stílista.

Þrátt fyrir að margir séu sammála þessu vali kom það David sjálfum á óvart að hann skyldi vera valinn og var ekki viss um að hann verðskuldaði titilinn. „Mér hefur aldrei fundist ég vera aðlaðandi, kynþokkafull manneskja," segir hann í viðtali við tímaritið People. „Mér þykir gaman að klæðast fallegum fötum og líta vel út og líða vel en ég hugsa ekki um sjálfan mig á þennan hátt," segir þessi hógværi fyrrverandi fótboltamaður.



## STRÁKUR EÐA STELPA?

● Viktoría krónprinsessa af Svíþjóð á von á sínu öðru barni í mars á næsta ári. Ekki hefur verið gefið upp hvers kyns barnið er en eldra barn Viktoríu og eiginmanns hennar, Daníels prins, er Estella sem er þriggja ára. Viktoría sem er 38 ára fæddist ekki sem erfingi krúnunnar en lögum var breytt til að svo gæti orðið.

Sænsku blöðin fylgjast vel með meðgöngu væntanlegrar drottningar og það þykir fréttnæmt hversu mikið hún gengur í bláum og gráum fatnaði. Það mætti spyrja hvort það tengist kyni barnsins sem hún gengur með.

Nóbelshátíðin verður 10. desember þar sem Viktoría mætir ásamt konungsfjölskyldunni. Tískulöggur í Svíþjóð eru farnar að spá og spekúlera hvernig hún muni klæðast og hvaða hönnuður verði fenginn til að sníða á hana dress. Nóbelshátíðin er stórkostleg galahátíð þar sem nóbelsverðlaunahafar og makar koma til veislu með konungsfjölskyldu, ráðherrum og öðrum sænskum mikilmennum.






**FALLEGT** „Það eru bara svo mikil gæði í flíkunum, þær eru miklu vandaðri en fatnaður sem framleiddur er í dag. Þær endast og endast.“ MYND/ERNIR

# GERSEMAR Á KEXINU

**VINTAGE** *Tanja Sif Árnadóttir og Gígja Sara Björnsson blása til vintage barnafatamarkaðar á Kexi hosteli á laugardaginn. Þær segja Íslendinga lítið meðvitaða um vintage barnafatatískuna og langar að breyta því.*

Við höfum báðar brennandi áhuga á vintage fötum. Gígja hefur verið að selja vintage barnaföt í gegnum Facebook-síðuna Sóleil Vintage barnaföt og ég af Instagramsíðunni Baby Bones Vintage barnaföt. Við þekktumst ekkert áður, en ég er búsett í Gautaborg. Þetta áhugamál leiddi okkur saman,“ útskýrir Tanja Sif Árnadóttir en hún stendur fyrir markaði á Kexi hosteli á laugardaginn ásamt Gígju Söru Björnsson.

Þær segja vintage barnafatatískuna ekki hafa náð fótfestu hér á landi og vilja breyta því.

„Okkur langar að koma vintage barnafatatísku á kortið á Íslandi, það virðist ekki vera auðvelt að kaupa vintage á krakka hér á landi. Á markaðnum verðum við með úrval af fallegum flíkum frá 1940 og 1950 og alveg upp í fatnað frá 1990, allt í fullkomnu ásigkomulagi,“ útskýrir Tanja.

En af hverju vintage?

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á vintage vörum, meira að segja áður en vintage þótti töff,“ segir Tanja sposk. „Það eru bara svo mikil gæði í flíkunum, þær eru miklu vandaðri en fatnaður sem framleiddur er í dag. Þær endast og endast. Ég á þrjá krakka og veit af reynslu að vintage fötin endast betur. Sjálf er ég ein af fimm systkinum og ólst upp við það að ganga í fötum af systkinum mínum.“

Tanja þræðir flóamarkaðina í Svíþjóð og leitar uppi fallegar flíkur. Hún segist finna mikið af heimasaumuðum gersemum og af nægu sé að taka þar sem Svíarnir sjálfir kaupi lítið af vintage.

„Þeir elska reyndar að versla á flóamörkuðum en eru frekar að kaupa sér venjuleg föt. Ég fæ því enga samkeppni á mörkuðunum, sem er æðislegt. Gígja leitar uppi fatnað á mörkuðum í Frakklandi og líka á eBay.“

Markaðurinn verður á Kexi hosteli á laugardaginn, 21. nóvember, frá klukkan 11 til 16.



**ÚRVAL** Markaðurinn stendur frá klukkan 11 til 16 á Kexi hosteli næstkomandi laugardag.



**MARKAÐUR** Tanja Sif Árnadóttir og Gígja Sara Björnsson blása til Vintage barnafatamarkaðar á Kexi hosteli á laugardaginn. Ófelía Kókó, dóttir Tönju er á milli þeirra í fallegum vintage kjól. MYNDIR/ERNIR




SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS




Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 31. desember*

3

FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í VETUR

Fáðu þér áskrift í
síma 1817 eða á 365.is

365

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.



Sendum hvert á land sem er. Tökum við pöntunum í síma 551-1314 eða á Facebook!
ÚLPURNAR ERU KOMNAR AFTUR!
Úlpur í stærðunum 36-56 á FRÁBÆRU verði
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
-30%
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
St. S-XXXXL
-30%
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
St. S-XXXXL
-30%
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
St. S-XXXXL
ÚLPA
12.990kr
st. 36-56
ÚLPA
12.990kr
st. 36-56
Ný sending af sparilegum kjólum!
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
SKOKKUR
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
7.990kr
st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314












**SMÓKING** Jodie Foster er töffari. Hér er hún í silfurlitum og svörtum smóking í hælaháum skóm.

**TÖFF** Foster í stuttum leðurjakka með stóran trefil á Tribeca-kvikmyndahátíðinni árið 2013.

**UNGLEG** Í fallegum bláum kjól á frumsýningu Elysium í Los Angeles árið 2013.

# TÖFFARI SEM METUR EINKALÍFIÐ

***AFMÆLI** Jodie Foster, leikkona, leikstjóri og kvikmyndaframleiðandi, heldur upp á 53 ára afmæli sitt í dag. Hún hefur verið farsæl í starfi frá unga aldri og er enn í dag meðal þekktustu Hollywood-stjarna.*

Foster er þekktust fyrir hlutverk sín í Taxi Driver (1976), The Accused (1988) og The Silence of the Lambs (1991).

Hún hefur samhliða leikarastarfinu leikstýrt nokkrum kvikmyndum en fyrsta myndin sem hún leikstýrði var Little Man Tate árið 1991. Á svipuðum tíma stofnaði hún eigið framleiðslufyrirtæki, Egg Pictures, en fyrsta myndin sem framleidd var undir því nafni var Nell (1994) sem Foster lék einnig í ásamt Liam Neeson.

Upp úr aldamótunum hallaði undan fæti og framleiðslufyrirtæki hennar fór á hausinn. Foster hefur leikið í nokkrum vel þekktum myndum en hefur síðan einbeitt sér að leikstjórn. Síðustu verkefni hennar sem leikstjóri hafa verið The Beaver 2011 og von er á Money Monster á næsta ári. Svo hefur hún leikstýrt þáttum af Orange Is the New Black og House of Cards.

Foster er afar lítið fyrir sviðsljósið utan hvíta tjaldsins. Hún talar ekki um persónulega hluti í viðtölum og metur einkalífið mest af öllu. Hún á tvo syni, fædda 1998 og 2001, með fyrrverandi sambýliskonu sinni, Cydney Bernard. Foster giftist leikkonunni og ljósmyndaranum Alexandra Hedison í fyrra.



**KLASSÍSK** Foster í fallegum svörtum kjól á opnunarhátíð Athena kvikmyndahátíðarinnar í febrúar.

**PALLÍETTUR** Jodie klæddist ljósbláum pallíettuskreyttum kjól frá Georgio Armani á Golden Globe verðlaunahátíðinni árið 2012.


KONUKVÖLD
Í COSMO
Konukvöld á morgun
föstudag frá kl 19 – 22
20%
afsláttur af öllum vörum
Heiðar Jónsson leggur línurnar og veitir persónulega þjónustu
Fimm 30.000 kr happdrætisvinningar
NÝTT KORTATÍMABIL
COSMO
Kringlunni
Allar konur fá veglega gjöf
Konur höfum gaman saman

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**
Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið, mikil vinna í boði. Uppl. í s. 821 0883.

**SÖLUMENN**
óskast í úthringiver á kvöldin.

Frekari upplýsingar má nálgast í síma 868-2989 eða með tölvupósti á netfangið magnus@kml.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Vanan sjómann vantar gott pláss á sjó. Uppl. í s. 697 3737 Oddur Þorkell

Tek að mér þrif á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþrif í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s: 7854272

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**VANTAR ÞIG PENINGA?**
Viltu spjalla í síma við heita karla gegn góðri greiðslu? 100% trúnaður. RaudaTorgid.is

**NUDD?**
Ert þú nuddkona? Auglýstu þjónustu þína hjá Íslendingum.eu. Sláðu inn "Nudd.eu" fyrir nánari upplýsingar.

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Bólstaðarhlíð 68 - 2ja herbergja**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg 50,9 fm. íbúð á 2. hæð með svölum til vesturs auk 2,9 fm. sérgeymslu í kjallara við Bólstaðarhlíð. Fallegar upprunalegar innréttingar í eldhúsi og rúmgott svefnherbergi. Stutt í alla þjónustu m.a. skóla og leikskóla ásamt því að Kringlan er í göngufæri.
**Verð 24,9 millj. Íbúð á 2.hæð, miðja. Verið velkomin.**

## atvinna

**Eldhús Eldhús • Hjá Dóra í Mjódd**

**Við leitum af hressum og reglusömum einstakling til starfa í eldhúsið okkar. Almenn eldhúsvinna og afgreiðsla á heitum mat. Kjörið fyrir kjötiðnaðarmann. Íslensku kunnátta nauðsynleg.**

**Nánari upplýsingar í síma 557 3910 eða á dorikokkur@visir.is**

## tilkynningar

**Aflamark Byggðastofnunar**
**- boð um samstarf á Bakkafirði -**

Byggðastofnun auglýsir eftir samstarsaðilum um nýtingu viðbótaraflaheimilda á **Bakkafirði í Langanesbyggð, allt að 125 þorskígildistonnum.** Um úthlutun og ráðstöfun aflamarksins gilda ákvæði reglugerðar nr. 606/2015.

Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar ***www.byggdastofnun.is.***

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið postur@byggdastofnun.is fyrir **kl. 12:00 mánudaginn 7. desember 2015** Nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði.

BYGGÐASTOFNUN Sími 455 54 00 Fax 455 54 99 postur@byggdastofnun.is byggdastofnun.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Auglýsing**
**Um tillögu að deiliskipulagi Kotleysutanga Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg**

Samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Kotleysutanga Stokkseyri.

Um er að ræða deiliskipulag á jörðinni Kotleysutangi, sem afmarkast af Fremra -Koleysuvatni til austurs, vegi til suðurs og beitilandi Sveitarfélagsins til norður og vestur. Í gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið er það skilgreint sem landbúnaðarsvæði, ræktuð tún og svæði fyrir frístundabyggð.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að byggingarreitur verði ekki nær Fremra Kotleysuvatni en 27m til að tryggja aðgengi að vatninu.
Deiliskipulagstillagan kveður ekki á um breytta notkun svæðisins frá gildandi aðalskipulagi. Hugsanleg umhverfisáhrif eru því aðeins fólgin í frekari uppbyggingu á svæðinu,tillagan hefur því ekki veruleg áhrif á umhverfið og er því ekki þörf á umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ekki eru þekktar fornminjar á skipulagssvæðinu.

Teikning ásamt greinagerð og skilmálum, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 19.nóvember 2015 til og með fimmtudeginum 31. desember 2015.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila athugasemdum rennur út 31.desember 2015, og skal þeim skilað skriflega til skipulags – og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.
Á sama tíma er teikning, greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is.

***Virðingarfyllst,***
***Bárður Guðmundsson***
***skipulags- og byggingafulltrúi***

## tilkynningar

**Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að breyttu deiliskipulagi**

**Kársnes. Hafnarbraut 12 (áður Vesturvör 25-27 og Hafnarbraut 12-14). Breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 8. september 2015 breytt deiliskipulag fyrir Hafnarbraut 12. Í breytingunni felst að heiti reitsins verður Hafnarbraut 12. Ráðgert er að reisa fjölbýlishús með 130 íbúðum fyrir almennan markað og þar með fallið frá áformum um íbúðir fyrir aldraða ásamt þjónustubyggingu. Hámarkshæð bygginga eykst úr 21,4 m í 24,5 m en nýtingarhlutfall lækkar úr 3,5 í 3,12. Tillagan var auglýst frá 26. maí 2015 með athugasemdafrest til 9. júlí 2015. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust á kynningartíma. Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 21. október 2015 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

**Vatnsendi. Milli vatns og vegar. Kríunes. Breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 22. september 2015 breytt deiliskipulag fyrir Kríunes á Vatnsenda. Í breytingunni felst að byggt er við núverandi gistiheimili á austurhluta lóðarinnar og gistirýmum fjölgað. Einnig er gert ráð fyrir nýbyggingu á vesturhluta lóðarinnar. Heildarbyggingarmagn og nýtingarhlutfall breytist. Tillagan var auglýst frá 18. maí 2015 með athugasemdafrest til 4. ágúst 2015. Athugasemdir og ábendingar bárust á kynningartíma. Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 4. nóvember 2015 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 19. nóvember 2015.

**Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar skipulagsáætlanir er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# HOUSE DOCTOR FÆST Í A4



**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HOUSE DOCTOR VÖRUM***

**19.-23. NÓVEMBER**



A4

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

## Merkisatburðir

**1594** Hvítá í Árnessýslu þornar upp á tveimur stöðum í stormi. Í Skarðsárannál er sagt frá að gengið hafi verið þurrum fótum alla leið út í hólma.
**1875** Thorvaldsensfélagið er stofnað og er um elsta kvenfélag Reykjavíkur að ræða.
**1899** Fríkirkjusöfnuður er stofnaður í Reykjavík.
**1919** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er stofnað. Nafninu er síðar breytt í Hjúkrunarfélag Íslands.
**1946** Ísland fær aðild að Sameinuðu þjóðunum.
**1959** Auður Auðuns er kjörinn borgarstjóri í Reykjavík, ásamt Geir Hallgrímssyni.



Guðrún Ásmundsdóttir á afmæli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Afmælisveislan eins og gerist í fornsögum

**Guðrún Ásmundsdóttir leikkona er áttræð í dag. Hún er búin að halda upp á tímamótin, en efnt var til fjögurra daga veisluhalda í ágúst. Hún er með nóg á döfinni fyrir jólin.**

„Já, nú er ég bara komin á níræðisaldur,“ segir hin hressa og glaðlynda Guðrún Ásmundsdóttir og hlær. Í dag er leikkonan þekkta áttatíu ára gömul en ætlar ekki að halda upp á afmælið í dag. „Nei, ég er búin að halda upp á þetta og það var flottasta afmæli sem ég hef átt,“ segir hún. Börnin hennar, þau Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona, Leifur Björn Björnsson tölvunarfræðingur og Ragnar Kjartansson listamaður, buðu bestu vinkonu móður sinnar til landsins og efndu til fjögurra daga veislu.

„Besta vinkona mín heitir Joanna Ray og er frá Englandi. Þetta er vinátta sem hefur enst í fimmtíu ár, frá því að við vorum saman í leiklistarskóla í London. Við höfum alltaf haldið sambandi og hist reglulega, þrátt fyrir að lífshlaup okkar sé orðið ævintýralegt í báðar áttir.“

Afmælisveislan var haldin í ágúst og var eftirminnileg með eindæmum, að sögn Guðrúnar. „Börnin mín leigðu alveg æðislegt pláss á gistiheimili á Stokkseyri. Þegar við vinkonurnar vöknuðum á morgnana opnuðum við út á svalir og þá blasti bara Atlantshafið við okkur. Krakkarnir komu, sum þeirra gistu. Við borðuðum víða, í Tryggvaskála og Rauða húsinu á Eyrarbakka, svo dæmi séu tekin. Þessi afmælisveisla var bara eins og eitthvað sem gerist í fornsögunum.“

Þegar Guðrún er spurð hvort hún ætli ekki að gera sér neinn dagamun á þessum merkisdegi neitar hún. „En ég vil endilega láta berast að ég verð með svo skemmtilega jóladagskrá í Hannesarholti í desember. Ég hvet fólk til að kíkja á okkur þar.“ Þar mun Guðrún flytja sögu eftir sig, sem ber titilinn Jól í Karlafjöllum. Sagan verður flutt sunnudagana 6. og 13. desember klukkan 15.

„Ég fæ til mín æðislega söngkonu og hörpuleikara, þær Alexöndru Chernyshova og Moniku Abendroth. Þær koma með guðdóminn í söguna. Sagan fjallar um læknisfrú sem er að baka fyrir jólin þegar jólasveinn kemur inn um gluggann til hennar. Hann biður hana um að vekja manninn sinn því annar jólasveinn sé veikur uppi í Karlafjöllum. Læknirinn er ekki á þeim buxunum að vakna, þannig að læknisfrúin tekur læknistöskuna og fer í Volvóinn sinn. Hún keyrir með jólasveininn upp í fjöll þar sem hún lendir í alls kyns ævintýrum.“ **kjartanatli@365.is**

---



✝

Ástkær systir mín, frænka og vinkona,

**Ólöf M. Thorlacius**

Neðstaleiti 7, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 11. nóvember síðastliðinn. Útför hennar fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 23. nóvember kl. 15.00.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Anna S. Thorlacius**

---



✝

Ástkær sonur, bróðir, frændi og barnabarn,

**Haukur Freyr**

flugmaður,

lést af slysförum. Jarðarförin fer fram föstudaginn 27. nóvember kl. 13.00 frá Vídalínskirkju.

**Halldóra Svala Finnbjörnsdóttir**
**Sigríður Dögg**
**Theodóra Dís**
**Ásta Margrét**
**og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sesselja G. Sigurðardóttir**

til heimilis að Skriðustekk 22, Reykjavík,

lést að kvöldi þess 16. nóvember á Landakotsspítala. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 30. nóvember kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Stefanía Guðríður Guðmundsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Kristín Helga Guðmundsdóttir, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Ólafur Helgi Sigurðsson**

22.09.66 - 09.11.15

verður jarðsunginn í Akureyrarkirkju mánudaginn 23. nóvember kl. 13.30.

**Birna Möller**
**Kristófer Ólafsson** | **Hertha Rós Sigursveinsdóttir**
**Ísak Ólafsson**
**Alvilda Ösp Ólafsdóttir**
**Heiðrún Nanna Ólafsdóttir**
**Rebekka Rós og Fjalar Óli Kristófersbörn**

---



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Friðný G. Friðriksdóttir**

Hamarstíg 30,

lést á Lögmannshlíð 4. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 20. nóvember kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorbjörg Traustadóttir**

---

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Þórunn Helgadóttir**

frá Þyrli,

lést föstudaginn 13. nóvember á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

**Kolbrún Ragnarsdóttir** | **Egill Hallset**
**Guðrún Ragnarsdóttir** | **Stefán Ingólfsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, barnabarn og tengdasonur,

**Hjalti Már Baldursson**

flugmaður hjá Flugfélagi Íslands og flugkennari hjá Flugskóla Íslands, Álfaskeiði 125, Hafnarfirði,

sem lést af slysförum 12. nóvember síðastliðinn, verður jarðsunginn þriðjudaginn 24. nóvember kl. 13.00 frá Hallgrímskirkju.

**Anna Ýr Böðvarsdóttir**
**Elísa Björk Hjaltadóttir** | **Ester Laufey Hjaltadóttir**
**Guðrún Elísabet Jensdóttir** | **Baldur Freyr Kristinsson**
**Fannar Baldursson** | **Aron Baldursson**
**Birkir Freyr Baldursson** | **Birgitta Rún Baldursdóttir**
**Ester Úranía Friðþjófsdóttir**
**Lísa Thomsen** | **Böðvar Pálsson**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Þorvaldsdóttir**

frá Fáskrúðsfirði, Spóahöfða 18, Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum, mánudaginn 16. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eiríkur Grétar Sigurjónsson**
**Sigurjón Eiríksson** | **Helga Einarsdóttir**
**Þorvaldur Eiríksson** | **Sólveig Garðarsdóttir**
**Una Lilja Eiríksdóttir** | **Ævar Sigdórsson**
**Helgi Þór Eiríksson** | **Anna Níelsdóttir**
**Sigrún Eiríksdóttir** | **Vilhjálmur Matthiasson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Anna Ingibjörg Hallgrímsdóttir**

húsmóðir og kennari frá Grafargili í Önundarfirði, síðast til heimilis að Ásvegi 27, Akureyri,

lést þann 9. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóna Guðbjörg, Hallgrímur Stefán, Sigríður Erna, Árni Gunnar og Valborg Salóme Ingólfsbörn**







**Bifreiðaskoðanir**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi. Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi. Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Köld norðlæg átt og víða éljagangur, en þurrt suðvestanlands. Frost 2 til 11 stig, en kólnar síðan enn frekar annað kvöld og stefnir í hörkufrost víða um land aðfaranótt föstudags.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -4° | -7° |
| ↑6 | ↗5 | ↗6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -14° | -6° | -9° |
| ↑6 | ↘3 | ↑8 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | -2° |
| →2 | ↗10 | ↗12 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -7° | -2° | -5° |
| ↗4 | ↘12 | →7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. aflast
6. ógrynni
8. kvikmyndahús
9. hlé
11. 2000
12. hroki
14. svall
16. halló
17. eru
18. fornafn
20. tveir eins
21. djammLÓÐ-

**RÉTT**
1. líkami
3. í röð
4. fax
5. næði
7. skuggi
10. skrá
13. skraf
15. yfirhöfn
16. lín
19. tveir eins



**LÁRÉTT** 2. fást, 6. of, 8. bíó, 9. lot, 11. mm, 12. dramb, 14. slark, 16. hæ, 17. séu, 18. öll, 20. ff, 21. rall. **LÓÐRÉTT** 1. hold, 3. áb, 4. símbréf, 5. tóm, 7. forsæla, 10. tal, 13. mas, 15. kufl, 16. hör, 19. ll.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 8 | 2 | | 9 | 3 |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | | | 4 | | | 8 | 1 |
| | 6 | 7 | | 1 | | | 5 | 4 |
| | | | 2 | 5 | | | | |
| | | | | | 6 | | | |
| 3 | | | | | | | 2 | 5 |
| | 1 | | 3 | | 9 | | | |
| 6 | 9 | 4 | 5 | | | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 5 | 9 | 7 | | | | 2 |
| | 9 | 4 | | 1 | | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | 9 |
| | | 8 | | | 9 | | 4 | 5 |
| | | | | | 8 | | | 1 |
| | | 7 | 6 | 2 | | 8 | | |
| 2 | | 1 | | | 4 | | | |
| 3 | | | | | | | 2 | 7 |
| | | 9 | | | | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 8 | | | 6 | | 5 | |
| | | 6 | 2 | 3 | 7 | | 1 | |
| 2 | | | | | | | 3 | |
| | 2 | | 9 | | 8 | | | |
| | | 5 | 4 | | | 7 | | 9 |
| | | | | 7 | 5 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | |
| 7 | | | 8 | | | 4 | | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 |
| 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 | 8 | 1 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 6 | 2 | 8 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 3 |
| 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 3 |
| 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 8 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 4 | 3 | 9 | 7 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 4 |
| 3 | 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 6 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 5 | 4 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 3 | 6 | 8 | 2 | 9 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 3 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 |







## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SJÓÐHEITAR LEIKJAGRÆJUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF GRÆJUM FYRIR NÝJUSTU LEIKINA;)
527A
NITRO
DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER
Örþunn og glæsileg fartölva úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Full HD IPS skjá, ofur öflugu leikjaskjákorti og Dolby 4.0 hljóðkerfi.
• Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
• 15.6" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
• 4GB GeForce GTX 950M leikjaskjákort
• 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
• 867Mbps WIFI AC MIMO, BT4.0, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
• Windows 8.1 & Windows 10 Update!
FULL HD IPS
1920x1080 SKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI
STAR WARS BATTLEFRONT
FYLGIR ÖLLUM ACER FARTÖLVUM :)
ADEINS Í 3 DAGA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ
4 SPEAKERS
M.2
MIMO
acer
199.900
LÚXUS LEIKJATÖLVA!
TRUE BLACK VALED
TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN
GW2760HS
BenQ
3 DAGA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 49.900
27" VALED
FULL HD VA-LED
• 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
• 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
• 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
• 1920x1080 FULL HD upplausn
• HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
• 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
• Aukin myndgæði með True Black tækni
44.900
22" 24.900 | 24" 29.900
3 DAGA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 49.900
GIGABYTE
0dB SILENT GAMING
GTX960
GAMING G1 LEIKJASKJÁKORT
• Nýjasta leikjaskjákortið frá GIGABYTE!
• 4GB GDDR5 7.0GHz 128-bit minni
• Super OC 1329MHz Boost Core Clock
• DirectX12 fyrir næstu kynslóð leikja
• 3D Vision2 og 1024 CUDA Cores í leikina
• G-SYNC, GameStream, ShadowPlay o.fl.
• Gullhúðað 4K HDMI 2.0, 3xDP, 2xDVI
• Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni
44.900
2GB GTX960 ITX AÐEINS 39.900
19.Nóvember 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
3 LITIR
1920x1080 FHD
STAR WARS BATTLEFRONT
FYLGIR ÖLLUM ACER FARTÖLVUM :)
acer
E5-552
• AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
• 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
• 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
• 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
• 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum
129.900
FÆST Í 3 LITUM
53BV
1920x1080 FHD
STAR WARS BATTLEFRONT
FYLGIR ÖLLUM ACER FARTÖLVUM :)
acer
E5-573G
• Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
• 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
• 2GB GeForce GT 940M leikjaskjákort
• 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
• 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
• Windows 8.1 & Windows 10 Update!
149.900
FÆST Í 2 LITUM
STAR WARS BATTLEFRONT
FYLGIR ÖLLUM GAMING TÖLVUTILBOÐUM:)
AÐEINS Í 3 DAGA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
GIGABYTE
GAMING TÖLVUTILBOÐ 2
Ein öflugasta leikjatölvan frá GIGABYTE með nýrri kynslóð SKYLAKE örgjörva, USB 3.1, ofur hröðum M.2 SSD disk og hlaðin nýjustu tækni!
• Thermaltake Versa H24 leikjaturn
• Intel Core i5-6400 Quad 3.3GHz Turbo
• GIGABYTE Skylake B150 móðurborð
• 8GB DUAL DDR4 2400MHz hágæða minni
• 256GB SSD M.2 PCIe ADATA SP900 diskur
• 24x DVD SuperMulti skrifari
• 2GB GTX960 ITX OC öflugt leikjaskjákort
• 7.1 HD Audio með Noice Guard
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!
179.900
SKYLAKE LEIKJATURNINN!
TÖLVUTEK BLACK OG TÖLVUTEK MALEFIC
100% KEPPNIS ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)
ALLT FYRIR LEIKINA!
VERÐ FRÁ 1.990
PC LEIKIR Á BETRA VERÐI!
HQ2
14.900
WALKER Í STOFUNA
VIBRATION ELEMENT GEFUR UPPLIFUNINA EINS OG ÞÚ SÉRT INNI Í NÖTRANDI FARARTÆKINU!
KOSS
NÖTRANDI HEYRNARTÓL
REACTOR
14.900
3 DAGA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 16.900
mushkin
256GB SSD DISKUR
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
2011 - 2014
Framúrskarandi fyrirtæki
acer Lenovo hp KOSS BenQ GIGABYTE Ducky Channel mushkin

# Sögð vera bæði hlýleg og stórbrotin kona

**Ragnhildur Thorlacius hefur skrásett stormasama og stórmerkilega ævi Brynhildar Georgíu Björnsson.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Brynhildur Georgía Björnsson átti vægast sagt stormasama og litskrúðuga ævi. Hún var barnabarn Sveins Björnssonar, fyrsta forseta lýðveldisins, fæddist í felum árið 1930 í Suður-Svíþjóð, bjó í Þýskalandi og Danmörku á árum seinni heimsstyrjaldarinnar, giftist fimm sinnum og þannig mætti áfram lengi telja.

Ragnhildur Thorlacius hefur nú skrásett þessa skrautlegu ævi sem meðal annars varð Hallgrími Helgasyni innblástur að bókinni Konan við 1000° sem rataði síðar einnig á fjalir Þjóðleikhússins.

Ragnhildur segir að bók Hallgríms hafi ekki verið hennar leið að verkefninu. „Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti hafði samband við mig og eftir að ég var búin að skoða þetta aðeins ákvað ég að slá til. Ég þekkti þessa sögu ekkert meira en það sem ég hafði lesið um í blöðunum en hafði reyndar séð leikgerð Konunnar við 1000°. Fjölskyldan var óneitanlega ekkert sérstaklega kát með bók Hallgríms en ég ákvað að reyna að halda þeirri bók utan við þetta. Ég vildi ekki vera með sögupersónuna og atburðarásina úr bókinni hans í höfðinu á meðan ég væri að skrifa svo ég ákvað að geyma mér það að lesa þá bók. En uppleggið var líka að skrifa sögu Hildíar eins og hún var kölluð, ekki láta þetta hverfast um það sem áður hafði verið gert, og ég ákvað að halda mér mjög stíft við það. Sú saga er líka mjög athyglisverð en hún er ekki alltaf falleg.

**Rótlaust uppeldi**

Hildí var greinilega mjög sérstök týpa og það töluðu allir um að hún hefði verið alveg rosalega klár og skemmtileg en greinilega líka brotin að mörgu leyti.

Það er erfitt að setja sig í spor þeirra sem hafa þurft að taka ákvarðanir varðandi líf og framtíð sinna nánustu í miðri styrjöld. Það markar mjög ævi hennar að hún verður innlyksa í Danmörku og Þýskalandi í stríðinu og er ekki hjá foreldrum sínum. Þannig að hún fær ekki þetta hefðbundna stöðuga uppeldi sem vonandi flest okkar fá og manni finnst að unglingar eigi að njóta. Maður skilur mjög vel að manneskja sem er meira og minna ein, á flakki og hjá vandalausum og í heimavist, sem barn og unglingur er ekki að fá eðlilegt uppeldi. Við sem lifum á þessum mestu friðartímum sem Evrópubúar hafa upplifað höfum ekki forsendur til þess að skilja þetta til fulls og ég hafði það í huga.“

**Vildi alltaf gefa af sér**

Ragnhildur leggur engu að síður áherslu á að saga Brynhildar Georgíu eigi mikið erindi við samtímann. „Þegar ég var að skrifa söguna þá var verið að minnast stríðsloka og það er saga sem við megum aldrei gleyma. En í sögunni kemur einnig fram að Hildí var mikið í því að aðstoða flóttamenn í lok og eftirleik styrjaldarinnar. Eftir að hún kemur heim sem unglingur er hún mikið að hugsa um vini sína og kunningja í Þýskalandi, fólk sem var að upplifa miklar hörmungar. Þessi mikli flóttamannastraumur í heiminum í dag er klárlega sambærilegur við það og allt það sem Hildí hafði að gefa. Hún virðist hafa verið með hjarta úr gulli og hugsaði mikið um að hjálpa öðrum. Þetta var óneitanlega ákveðin togstreita hjá henni og fjölskyldunni en hún tengdi sterkt við þýskan almenning. Hún upplifði og sá hvernig þetta fólk hafði það og vildi hjálpa og það er mjög fallegt. En eins og dóttir hennar bendir á seinna meir þá átti hún í raun fullt í fangi með að hugsa um sjálfa sig í öllu daglegu amstri en vildi engu að síður alltaf gefa af sér.“


Ragnhildur Thorlacius segir Hildí hafa verið heimsborgara alla tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> HÚN VIRÐIST HAFA VERIÐ MEÐ HJARTA ÚR GULLI.

**Alltaf heimsborgari**

Lífshlaup Brynhildar Georgíu var um margt mikil hörmungasaga og líkast til náði hún ákveðnum botni á níunda áratugnum þegar hún bjó í Þýskalandi ásamt fimmta og síðasta eiginmanni sínum. Mikil drykkja beggja og ofbeldi eiginmannsins lituðu lífið en eins og Ragnhildur segir er í raun með ólíkindum hvað Hildí náði að koma til baka eftir þann tíma. „Þegar hún flutti heim í upphafi tíunda áratugarins var hún orðin sjúklingur og sest að í skúr í Smáíbúðahverfinu. Þar býr hún til dauðadags og það tímabil er það sem hún nær lengst að búa á sama stað í sínu lífi. Hún endurnýjaði kynnin við fjölskylduna og þrátt fyrir allt sem á undan var gengið þá voru allir í sátt við hana þegar hún féll frá.

Það merkilega er að þrátt fyrir að dvelja í skúrnum í sautján ár þá var hún alltaf heimsborgari. Hún virðist hafa átt ákaflega gott með að fá fólk með sér í lið. Lét setja gervihnattadisk á skúrinn til þess að fylgjast með heimsfréttum, fékk frænda sinn til þess að setja upp fyrir sig heimasíðu, kenndi tungumál úr skúrnum og lærði rússnesku þess á milli. Allir sem ég talaði við töluðu hlýlega um hana og bættu svo við hvað hún hefði verið stórbrotin. Það var greinilega gaman að þekkja Hildí.“




## Hinn tvöfaldi höfundur

**BÆKUR**

**Heimska**
★★★☆☆

**Höfundur** Eiríkur Örn Norðdahl
**Mál og menning**

Bók Eiríks Arnar Norðdahl, Heimska, er lokaverk í þríleik sem hófst á Gæsku (2009) sem fjallaði um fortíðina, Illsku (2012) sem fjallaði um samtíðina og svo þessi sem á að gerast í framtíðinni. Eðli tímans í atburðarás er eitt umfjöllunarefni bókarinnar og hefst einn kafli bókarinnar á augljósri staðhæfingu sem tengir þetta saman: „Samtíðin er framtíð fortíðarinnar“ (23).

Enda er það svo að sú framtíð sem bókin lýsir er afskaplega lík samtímanum, það er aðeins búið að skrúfa upp í nokkrum einkennum hennar. Ef ekki væri fyrir hið svokallaða eftirlit, myndavélar sem fylgjast með hverju mannsbarni allan sólarhringinn, þá er sá heimur sem lýst er og fólkið þar ekkert frábrugðið því sem við sjáum í dag. Bókmenntakerfið virkar eins, partíin og menningin, sambönd og samfélag. Kannski er eini raunverulegi munurinn að í þessum heimi er refsirammi fyrir hefndarklám.

Sjónarhornin sem höfundur notar eru mörg: Sjónarhorn sögumannsins sem fjallar almennt um þær pælingar sem eru í gangi, sjónarhorn aðalpersónanna, sjónarhorn aukapersóna sem tengjast þeim og atburðunum beint og jafnvel sjónarhorn aukapersóna sem eru nánast ótengdar atburðum sögunnar. Þessi frásagnaraðferð minnir á fyrrgreint eftirlit, myndavélar sem fylgja öllum í söguheiminum eftir. Það er ekkert alltaf verið að fylgjast með öllum (hver hefði svo sem áhuga á því eins og sögumaður bendir á) en möguleikinn er til staðar og það er hægt að færa sjónarhornið á milli einstaklinga og fylgjast með þeim í smá stund áður en farið er yfir á næsta. Sjónarhorn allra koma saman til að mynda heildarsögu þó að alls ekki allt sem fylgst er með hafi merkingu í samhangandi atburðarás. Því er frásagnarform verksins þannig að söguþráðurinn kemur í ljós í brotum og út frá mismunandi sjónarhornum.




Persónur Eiríks eiga það til að vera frekar dæmigerðar en í þessari bók notar hann aðferð sem gerir það að verkum að persónurnar verða mun margræðari. Ég les Áka og Lenítu, rithöfundaparið sem sagan fjallar í meginatriðum um, sem tvær útgáfur af sömu persónunni, Rithöfundinum, og er margt í bókinni sem styður þá greiningu. Þetta gerir það að verkum að pælingar bókarinnar um persónur og starf höfundarins verða margþættari og mun meira spennandi en annars væri.

Stíllinn í Heimsku er lágstemmdari og knappari en í fyrri bókum höfundar og virðist það vera þróun sem hann er markvisst að vinna að. Það er að mörgu leyti góð þróun og enn má sjá dæmi um skemmtilega orðanotkun höfundar en þó finnst mér bókin ekki eins kraftmikil og fyrri bækur hans. Það er einnig tæpt á mörgum áhugaverðum pælingum í þessari bók og sumar þeirra hafa verið miðlægar í öðrum framtíðarpælingum. Hvaðan koma hugmyndirnar og er hægt að eiga hugmynd? Hver má fjalla um hvað í listinni? Hver eru tengsl lista við raunveruleikann? Hver er tilgangur listarinnar? En það er því miður ekki farið neitt sérlega langt með þessar pælingar.

Tilfinningin er sú að Eiríkur Örn hafi lagt upp með hugmynd að þríleik um fortíð, samtíð og framtíð en þegar kom að þessum síðasta hluta þá hafi hann ekki tengt almennilega sjálfur við hugmyndina. Sem gæti skýrt af hverju bókin náði ekki að halda mér þrátt fyrir að margt í aðferð og framsetningu sé mjög áhugavert. Karlkyns og kvenkyns Rithöfundurinn er flott hugmynd og sömuleiðis pælingar um eftirlitssamfélagið en einhvern veginn vantar slagkraftinn í útkomuna.

**Ásdís Sigmundsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Áhugaverð hugmynd og framsetning en frekar máttlaus úrvinnsla.

**BRYNHILDUR GEORGÍA BJÖRNSSON - RAGNHILDUR THORLACIUS** SKRÁÐI

# ÖRLAGASAGA




FÆDDIST Í FELUM, BJÓ Á BESSASTÖÐUM, SÓTTI SJÓINN OG GIFTIST FIMM SINNUM

## Fimmtug flúði hún Ísafjörð og sitt fjórða hjónaband. Hún fór til Þýskalands til þess að deyja. Viku síðar var Brynhildur Georgía komin á fast með 16 árum yngri manni.

ÁÐUR ÓBIRTAR HEIMILDIR!

Hildí var fædd í hálfgerðum felum. Hún var barn ungra ógiftra foreldra og barnabarn fyrstu forsetahjóna Íslands. Hún ólst upp í stríðshrjáðu Þýskalandi, hernuminni Danmörku og á Bessastöðum.

Hún seldi þvottasnúrur í Argentínu, sótti sjóinn frá Suðurnesjum, hlýddi á óperur og bakaði baguette við Ísafjarðardjúp. Hún missti tvö börn, átti fimm menn og eyddi sautján síðustu árum ævi sinnar rúmföst í bílskúr í Reykjavík.



**Ragnhildur Thorlacius** fréttamaður studdist við fjölmargar heimildir við ritun ævisögu Brynhildar Georgíu, þar á meðal einkabréf sem aldrei hefur verið vitnað til, ásamt því að ræða við fjölskyldu og vini þessarar óvenjulegu konu.

ÚTGÁFUFÖGNUÐUR EYMUNDSSON, AUSTURSTRÆTI Í DAG KL. 5 LÉTTAR VEITINGAR

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# Dönsum á mörkum hrolls og húmors

**Dalurinn er dansverk sem þær Rósa Ómarsdóttir og Inga Huld Hákonardóttir frumsýna í kvöld og hafa einnig samið. Það er fyrsta atriðið á þriggja daga danshátíð Reykjavík Dans Festival í Tjarnarbíói.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Við Inga Huld sömdum dansverkið The Valley og unnum það í miklu samstarfi við tónlistarmanninn og sviðsmyndahönnuðinn Sveinbjörn Thorarensen sem er betur þekktur sem Hermigervill. Nú vinnum við með Þórunni Ragnarsdóttur ljósahönnuði líka,“ segir Rósa Ómarsdóttir sem dansar á sviði Tjarnarbíós í kvöld ásamt Ingu Huld Hákonardóttur.

Um frumsýninguna er að ræða og Rósa lýsir verkinu í orðum, eftir því sem hægt er. „Við vinnum út frá vissri hugmynd sem byggist á hljóðgerð í kvikmyndum. Það er jú alltaf manneskja einhvers staðar á bak við sem framkallar hljóð í bíómyndum með hinum ýmsu hlutum. Til dæmis er sellerí notað til að túlka beinbrot!

Eftir rannsókn á þessari list förum við að hugsa um hvernig hljóð og hreyfingar koma saman, búum til heim með hljóðum og dans sem passar inn í þann heim.

**ÞAÐ ER JÚ ALLTAF MANNESKJA EINHVERS STAÐAR Á BAK VIÐ SEM FRAMKALLAR HLJÓÐ Í BÍÓMYNDUM MEÐ HINUM ÝMSU HLUTUM. TIL DÆMIS ER SELLERÍ NOTAÐ TIL AÐ TÚLKA BEINBROT!**

Þetta vindur svona upp á sig þangað til ekki er ljóst lengur hvað er að stjórna hverju. Þema verksins er það sem heitir á ensku Inconnu Valley sem er best þýtt sem Kynlegi dalurinn. Inconnu Valley er vel þekkt í tölvuteikningu og vélmennagerð þegar eitthvað sem er ekki lifandi verður of líkt einhverju lifandi og veldur óþægindum hjá þeim sem upplifir það. Vélmenni sem er of líkt lifandi persónu vekur fólki óhug. Við leikum okkur á mörkum hrolls og húmors, reynum að dvelja í þessum dal og vonum að áhorfandinn upplifi það með okkur.“



Inga Huld og Rósa sýna sitt fyrsta dansverk í fullri lengd á sviði Tjarnarbíós í kvöld en eiga eftir að sýna það úti í Belgíu þar sem þær eru búsettar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MARCO TOZZI®



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

HLAÐVARPINN

**Hluthafafundur Hlaðvarpans ehf.,** menningar- og styrktarsjóðs kvenna, verður haldinn á Hallveigarstöðum, Túngötu 14 (2. hæð), fimmtudaginn 26. nóvember 2015, klukkan 17.

Dagskrá:

1. Slit félagsins
2. Kosning skilanefndar skv. 2. mgr 85. gr laga nr. 138/1994
3. Önnur mál

Stjórnin

# Ha, hvað ertu að segja?

**TÓNLIST**

**Verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Beat Furrer, Kaija Saariaho og Kolbein Bjarnason.**

★★★☆☆

**Emilía Rós Sigfúsdóttir lék á flautu, Ástríður Alda Sigurðardóttir á píanó.**

Hafnarborg 15. nóvember.

Kvikmyndin Shine (1996) fjallar um ástralska píanistann David Helfgott. Hann var undrabarn en hvarf af sjónarsviðinu vegna geðrænna vandamála. Svo kom hann fram aftur og vakti þá gríðarlega athygli fyrir snilld sína við slaghörpuna. Kvikmyndin fegrar hann þó töluvert. Áhorfandinn fær ekki að vita að hann fékk sjaldnast góða dóma fyrir leik sinn eftir að hann varð frægur. Meðal annars fór það í taugarnar á gagnrýnendum hve hann var gjarn á að tala við sjálfan sig á meðan hann var að spila fyrir fólk.

Þetta rifjaðist upp fyrir mér á tónleikum Emilíu Rósar Sigfúsdóttur flautuleikara og Ástríðar Öldu Sigurðardóttur píanóleikara á sunnudagskvöldið. Tónleikarnir voru hluti af röð sem nefnist Hljóðön og er helguð tilraunakenndri tónlist. Öll verkin á dagskránni áttu það sammerkt að vera innblásin af textabrotum nokkurra skálda. Og ekki bara það: Hljóðfæraleikararnir fóru með þessi textabrot á meðan þeir léku, rétt eins og Helfgott.

Auðvitað er ekkert að því að músíkantar tali á meðan þeir leika, ef það er hluti af tónlistinni. En það verður þá að vera í rými þar sem talmál heyrist almennilega. Tónleikarnir fóru fram í Hafnarborg, en þar er töluverð endurómun. Hún hentar hljóðfæraleik og söng prýðilega, en talmál þarfnast skýrari framsetningar.

Fyrst á dagskrá var Xanties (Næturfiðrildi) eftir Atla Heimi Sveinsson. Það er innblásið af skáldsögunni Í leit að glötuðum tíma eftir Marcel Proust. Tónlistin var í fyrstu áköf og þrungin spennu. En inn á milli kölluðu hljóðfæraleikararnir setningar úr bókinni og kom það ankannalega út af fyrrgreindum ástæðum. Um síðir hvarf þó hið talaða mál og var tónlistin þá ein eftir, impressjónísk og minnti jafnvel örlítið á Debussy. Sá kafli hefði getað verið áhrifameiri. Sennilega hefði mátt leika hann hægar því hann virkaði nokkuð snubbóttur.

Tvö einleiksverk, Raddleysi fyrir píanó eftir Beat Furrer og Fimi vængjarins eftir Kaiju Saariaho fyrir flautu, voru áheyrilegri. Hið fyrra var fallega sveimkennt og það síðara var frábært. Þar spiluðu tölvueffektar inn í sem bárust úr hátölurum. Textinn hefði mátt heyrast betur, en tölvan gerði sjálfan flautuleikinn töfrandi. Emilía lék líka meistaralega.

Síðasta tónsmíðin á efnisskránni, sem var eftir Kolbein Bjarnason, var frumflutt á tónleikunum. Hún nefndist Vissi ég þegar fór að bjarma með þyt. Innblásturinn var sóttur í nokkrar setningar úr bókinni Fljótt, fljótt sagði fuglinn eftir Thor Vilhjálmsson. Einnig Burnt Norton eftir T. S. Elliot. Rétt eins og í verki Atla var talið óskýrt. Engu að síður var gaman að hlýða á, því hljóðfæraleikurinn var framúrskarandi. Tónlistin var auk þess viðburðarík og þrungin andstæðum. Það var sífellt eitthvað að gerast. Gríðarleg breidd var í tilfinningalitrófinu, allt frá ofsafengnum ástríðusprengjum niður í myrka hugleiðslu. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri verk eftir Kolbein, sem hingað til hefur verið þekktari fyrir afburða flautuleik sinn. Það verður spennandi að fylgjast með honum á nýjum vettvangi.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tal var hluti af tónlistarflutningnum og kom illa út í hljómmiklum sal Hafnarborgar. En hljóðfæraleikurinn var flottur.



**Emilía Rós og Ástríður Alda fá góðan dóm fyrir hljóðfæraleikinn.**


Sannkallað hátíðarbragð!
Hátíðarkalkúnn
og meðlæti
Sama frábæra verð og í fyrra!
1.295,-
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2015

# BÍÓ



Eitt af eftirminnilegum atriðum úr myndinni þar sem pelíkani neitar að láta spilið af hendi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jumanji fagnar tuttugu ára afmæli

**Jumanji kom út árið 1995 en myndin skartar meðal annars Robin Williams og Kirsten Dunst í aðalhlutverkum. Áform um endurgerð fóru ekki vel í aðdáendur hennar.**

Það muna sjálfsagt margir eftir hinni æsispennandi atburðarás sem fór af stað þegar systkinin Judy og Peter grípa í gamalt borðspil sem þau finna uppi á háalofti í nýjum híbýlum sínum.

Atburðarásin á sér að sjálfsögðu stað í kvikmyndinni Jumanji sem frumsýnd var fyrir tuttugu árum og á enn þann dag í dag stað í hjarta fjölmargra áhorfenda.

Myndin skartar leikaranum Robin Williams í einu af aðalhlutverkjunum, en Williams lést í ágúst árið 2014, auk þess sem leikkonan Kirsten Dunst fer með hlutverk Judy.

Handritið að myndinni er skrifað upp úr samnefndri barnabók eftir Chris Van Allsburg sem kom út árið 1981.

Í upphafi myndarinnar sjást tveir ungir drengir grafa borðspilið og frá því berst dynjandi trommusláttur. Öld síðar finnur drengur að nafni Alan Parrish Jumanji og spilar það við vinkonu sína. Fljótlega verður þó ljóst að hér er ekki um einfalt Monopoly að ræða og kristalskúla á miðju borðinu sendir dullarfull skilaboð eftir hvert kast og eftir að hafa setið við spilið í stutta stund ásamt vinkonu sinni sogast Alan inn í spilið og kristalskúlan segir að hann muni dvelja á einangruðum stað þar til einhver fær upp fimm eða átta á teningnum. Rúmum þrjátíu árum síðar finna svo systkinin Judy og Peter spilið og fljótlega verður allt vitlaust. Óðir apakettir æða um allt og þegar Peter kastar teningnum og fær upp fimm kemur fullvaxta ljón og Alan sjálfur birtist fúlskeggjaður og fullorðinn úr spilinu eftir áralanga útlegð. Þríeykið áttar sig á því að þau þurfi að klára spilið til þess að martröðin endi og þau þurfa að fá vinkonu Alans, sem spilaði spilið með honum þegar hann sogaðist inn í það, til þess að taka þátt og hjálpa þeim að ljúka verkinu.




Myndin hlaut góðar viðtökur og var jafnvel ráðist í gerð sjónvarpsseríu og í fyrra seldist spilið sjálft, sem var leikmunur í myndinni á eBay, fyrir 60.800 Bandaríkjadali.

Í ágúst síðastliðnum tilkynnti Sony Pictures Entertainment að fyrirtækið hygðist endurgera myndina og stefnt væri að því að hún kæmi út þann 25. desember árið 2016. Tryggir aðdáendur myndarinnar brugðust ókvæða við og vöktu tíðindin ekki mikla lukku og gagnrýndi Bradley Pierce, sem fór með hlutverk Peters, áformin.

gydaloa@frettabladid.is



Kirsten Dunst fór með hlutverk Judy Shepherd í Jumanji þegar hún var þréttán ára gömul.

## Frumsýningar

### THE HUNGER GAMES: MOCKINGJAY PART 2



Ævintýramynd
Aðalhlutverk: Jennifer Lawrence, Josh Hutcherson, Liam Hemsworth og Woody Harrelson.
IMDB: 7,4/10 Rotten Tomatoes: 81%
Frumsýnd 20.11. 2015

### SOLACE




Spennumynd
Aðalhlutverk: Colin Farrell, Anthony Hopkins, Jeffrey Dean Morgan og Abbie Cornish
IMDB 6,5/10 Rotten Tomatoes 50%
Frumsýnd 20.11. 2015

### BRIDGE OF SPIES



Spennumynd
Aðalhlutverk: Mark Rylance, Tom Hanks og Alan Alda
IMDB 8,1/10 Rotten Tomatoes 47%
Frumsýnd: 27.11. 2015

Landssöfnun Samhjálpar

HJÁLPAÐU okkur að hjálpa ÖÐRUM



„Sem betur fer get ég borgað til baka, þú getur líka lagt þitt af mörkum."
GUÐRÚN MARÍA JÓNSDÓTTIR

VIÐ ERUM STOLTIR BAKHJARLAR HLAÐGERÐARKOTS

BYGGJUM UPP MEÐFERÐARHEIMILI Í HLAÐGERÐARKOTI

TAKTU ÞÁTT!

HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2002 TIL AÐ GEFA 2.000 KR.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2004 TIL AÐ GEFA 4.000 KR.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2006 TIL AÐ GEFA 6.000 KR.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2010 TIL AÐ GEFA 10.000 KR.

HRINGDU Í SÍMA 800 5000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.

ÞÚ GETUR MILLIFÆRT BEINT INN Á SÖFNUNARREIKNING
KENNITALA 551173-0389 BANKAREIKNINGUR 0322-26-58000

A4 BL ICELANDAIR EIMSKIP KFC BLUE LAGOON BYKO

Samhjálp
samhjalp@samhjalp.is
Sími 561 1000 • www.samhjalp.is


TNF MCMURDO - ALVÖRU ÚLPUR
Dregur nafn sitt af STÆRSTU RANNSÓKNARSTÖÐINNI Á ANTARKTÍKU, McMurdo
GÆSADÚNN einangrar og heldur á þér hlýju, jafnvel í versta vetrarkuldanum
Verð 75.990 kr.
HYVENT ÖNDUNARFILMA veitir frábæra vatnsvörn
NÓG AF VÖSUM, ytri og innri, fyrir allt sem þú þarft að hafa með þér
THERMOBALL™
POWERED BY PRIMALOFT.
JÓLATILBOÐ:
29.990 KR.
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar






| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HUNGER GAMES 4 3D | 10(P) |
| SPECTRE | 7, 10 |
| HANASLAGUR | 4:50 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | 5 |
| SICARIO | 8, 10:30 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| STEVE JOBS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| STEVE JOBS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| LEGEND | KL. 10:40 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| STEVE JOBS | KL. 8 - 10:40 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:10 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. 5 - 8 - 10 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. 5:20 - 8:30 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| BLACK MASS | KL. 8 - 10:30 |
| THE INTERN | KL. 5:30 - 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| STEVE JOBS | KL. 8 - 10:30 |
| SPECTRE | KL. 7 - 10:10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

**19. NÓVEMBER 2015**

## Tónlist

**Hvað?** Svavar Knútur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Edinborgarhúsið, Ísafirði
Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur fagnar útgáfu fjórðu breiðskífu sinnar, Brots, með tónleikum í kvöld. Á tónleikunum mun Svavar Knútur flytja nýtt efni í bland við gamalt. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Pétur Ben og Snorri Helga
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Tónlistarmennirnir Pétur Ben og Snorri Helgason vinna báðir að nýjum plötum og nú munu þeir flytja hluta af nýju efni í bland við eldra efni og ábreiður. Miðaverð 2.500 kr.

**Hvað?** Stuðmannavaka
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó
Hljómsveitin Stuðmenn verður í Bæjarbíói og segir sögur og syngur lög. Miðaverð er 4.900 krónur.

**Hvað?** Mosi Musik og Trúboðarnir
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn
Hljómsveitirnar Mosi Musik og Trúboðarnir flytja efni af nýjum plötum sínum. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvar?** Dj Hendrik P. Sig
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið

**Hvað?** Dj Ísar Logi
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bravó

**Hvað?** Dj Óli Dóri
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** BarAnanas

**Hvað?** Dj Yamaho
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

**Hvað?** Trúbadorinn Matti
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** American Bar

**Hvað?** Trúbadorarnir Hjálmur og Dagur
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** English Pub

## Sýningar

**Hvað?** The Valley
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Dansverkið The Valley verður frumsýnt í kvöld. Verkið er samið af dönsurunum Ingu Huld Hákonardóttur og Rósu Ómarsdóttur sem flytja einnig verkið. Verkið er hluti af Reykjavík Dance Festival sem hefst í dag, nánari dagskrá er hægt að nálgast á vefsíðunni Reykjavikdancefestival.com . Miðaverð að sýninguna er 2.500-2.900 krónur.

## Uppistand

**Hvað?** Uppistand
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Uppistand hjá Comedy Klúbbnum sem fagnar nú tveggja ára afmæli. Miðaverð er 1.000 krónur.

## Listamannaspjall

**Hvað?** Úlfur Karlsson
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Úlfur Karlsson ræðir við gesti um sýninguna Við erum ekki hrædd. Aðgangseyrir á sýninguna er 1.400 krónur og ókeypis fyrir gesti 18 ára og yngri sem og Menningarkortshafa.

## Uppákomur

**Hvað?** Íslensk litadýrð – Bókakynning og upplestur
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Bókasafnið, Norðlingaskóla
Grafíski hönnuðurinn Elsa Nielsen kynnir litabókina Íslensk litadýrð. Elsa les upp úr nýútgefinni bók sinni, Vinabókinni, en hana vann hún í samstarfi við Jónu Valborgu Árnadóttur. Áhugasamir geta spreytt sig á að lita myndir úr bókunum.

**Hvað?** Hulli og mamma: Mamma og Fjallkonan
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi
Mæðginin Ingibjörg Hjartardóttir og Hugleikur Dagsson fagna útgáfu bóka sinna, Fjallkonan og Mamma, í Máli og menningu. Léttar veitingar og allir velkomnir.

**Hvað?** Spilakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Spilavinir, Suðurlandsbraut 48
Spilað verður á ýmiss konar spil á mörgum borðum. Kvöldin eru miðuð fyrir fullorðna en börn tólf ára og eldri eru velkomin í fylgd með fullorðnum. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús
Ármann Jakobsson spjallar við Bergsvein Birgisson, Sjón og Kára Tulinius. Einnig munu höfundarnir lesa úr nýjum bókum sínum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur, allir velkomnir og veitingar innifaldar.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Tengsl Bandaríkjanna og Íslands: Brýn öryggismál á Norður-Atlantshafi.
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Robert Barber, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, flytur hádegisfyrirlestur í boði Varðbergs. Barber mun ræða tengsl Bandaríkjanna og Íslands og mikilvægi öryggismála á N-Atlantshafi. Fundurinn er öllum opinn.

## Málþing

**Hvað?** Konnect - Red Snow
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Konnect er norrænt verkefni sem tengir listnema og vísindamenn saman á sviði umhverfisfræða. Dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir, dósent við sálfræðideild Háskóla Íslands, mun leiða umræður. Málstofan fer fram á ensku og er opin öllum.

**Hvað?** Hvernig nýtast fræðin í samfélaginu?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel
Málþing á vegum Mannfræðifélags Íslands þar sem farið er ofan í saumana á því hvernig mannfræði nýtist í samfélaginu. Fyrirlesarar verða þau Helga Ögmundsdóttir, lektor við HÍ Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF, Ragnheiður Gestsdóttir, myndlistar- og kvikmyndagerðarmaður, Sigurjón B. Hafsteinsson, prófessor hjá HÍ og Íris Björk Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu.


**Dj Yamaho þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.**


HAFNARFJÖRÐUR midi.is BÆJARBÍÓ midi.is MLH Menningar & listafjelag Hafnarfjarðar
Bæjarbíó - Strandgata 6, Hafnarfirði - Sími 860 0631




Allsherjar Stuðmannahelgi helgi 19.-22. nóv. Hefst á fimmtudegi með tónleikum Stuðmanna og í framhaldi verður Stuðmannabíó alla helgina!


**Í takt við tímann**
Föstud. 20. nóv kl. 20:00
Sunnud. 22. nóv. kl. 18:00


**Með allt á hreinu**
Föstud. 20. nóv kl. 22:00
Sunnud. 22. nóv. kl. 15:00


**Hvítir mávar**
Föstud. 20. nóv kl. 24:00
Sunnud. 22. nóv. kl. 20:00


**Stuðmenn í Albert Hall**
Sunnud. 22. nóv kl. 22:00


**Ástin er diskó - lífið er pönk**
eftir Hallgrím Helgason.
Laugard. 21. nóv. kl. 20:00


**Lína langsokkur á ferð og flugi** 3 BÍÓ 500 kr
Laugard. 21. nóv. kl. 15:00




BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Valley of Love IS SUB 18:00, 22:00
Stúlkurnar á Kleppj. 18:00
Pawn Sacrifice IS SUB 18:00
Glænýja Testamentið IS SUB 20:00
Macbeth IS SUB 20:00
Virgin Mountain ENG SUB 20:00
Love 3d 22:15



# Nóvemberdagar

## -hagstæð innkaup til gjafa og heimilis

**BRAUN** Hársnyrtitæki

Verð: 29.900,-
Verð: 26.900,-
Verð: 7.900,-

**AEG**

Margar gerðir ryksuga í ýmsum litum.

20% afsláttur

**SteamOne**

SteamOne er sáraeinfalt í notkun og ekki tekur nema eina mínutu að gera tækið klárt fyrir afkastamikla gufusléttun á hvaða efni sem er, eða bara til að drepa rykmaurinn í rúminu.

15% afsláttur

Afsláttarverð: 33.900,-

**AEG**

Skaftryksugan frá AEG er snúrulaus og þægileg í notkun, hljóðlát og öflug.

20% afsláttur

**bodum**

Átta bolla pressukanna og hitakanna í senn.

Verð: 12.900,-

**bodum**

Gæða pressukönnur sem prýði er að, í góðu úrvali.

**Allinox**

Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.

**NIVONA**

NI300 600 626

Endingargóð kaffivél til heimilisnota frá traustum framleiðanda.

Verð: 69.900,-

**AEG**

**Þvottavél**
LW87680
8 KG. - 1600 SN.

Verð áður
kr. 169.900,-
**Tilboð kr. 129.900,-**

**AEG**

**Uppþvottavél**
FSILENCW2P

Hvít verð áður
kr. 129.900,-
**Tilboð kr. 99.500,-**
Stál verð áður
kr. 139.900,-
**Tilboð kr. 109.900,-**

**brabantia**

*TouchBin*

Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.

**SAMSUNG**

ULTRA HD

Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now

24/25 Bestu sjónvörpin

*JU6415:*
- 4K
- UHD
- SMART
- 1000 PQI

*JU6675:*
- 4K
- UHD
- SMART
- 1300 PQI

UE40"JU6415 kr.159.900.-
UE48"JU6415 kr.189.900.-
UE55"JU6415 kr. 239.900.-

UE40"JU6675 kr.169.900.-
UE48"JU6675 kr. 199.900.-
UE55"JU6675 kr. 279.900.-

Curved
ULTRA HD

24/25 Bestu sjónvörpin

**Pioneer** PIX-HM32V-K

*Pioneer Hljómtækjasamstæða með Bluetooth*

Verð: 52.500,-

**Pioneer** dv 2240

*DVD spilari*

Verð: 10.900,-

Wii U

Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.

Verð: 69.900,-

**Leikir frá kr. 4.990,-**

Splatoon
Super Smashbros
Mario Party 10

**NINTENDO 3DS**

Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri. Til í nokkrum litum.
Gott úrval leikja.

Verð: 39.900,-

XL
Verð: 46.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is

Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**2 | 19:25**
**JÓLASTJARNAN 2015**
Stöð 2 og Sena standa fyrir söngkeppni fyrir unga snillinga, fjórða árið í röð, og sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins, laugardaginn 12. desember á stórtónleikunum, Jólagestir Björgvins.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**2 | 19:55**
**ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS**
Eyþór galdrar fram spennandi og girnilega djúpsteikta rétti. Tempura grænmeti, fiskur og franskar með Tartarsósu og Mojito kleinuhringi í eftirrétt.



**2 | 20:25**
**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna dómarana á sitt band.



**2 | 21:10**
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**2 | 21:55**
**THE BLACKLIST**
James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Red Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



**2 | 22:40**
**THE PLAYER**
Öryggissérfræðingur sérhæfir sig í spilavítabransanum en er fenginn til að vinna fyrir dularfull samtök.



**G | 21:30**
**KLOVN**
Óborganlegir gamanþættir með þeim félögum Casper Christensen og Frank Havn. Þættirnir eru sýndir frá mánudegi til fimmtudags á Gullinu klukkan 21.30.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Geggjaðar græjur
**11.15** Jamie's 30 Minute Meals
**11.40** Um land allt
**12.10** Lýðveldið Lýðveldið er nýr og ferskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum, til dæmis um stefnumótamenningu landans og tilhugalíf.
**12.35** Nágrannar
**13.00** A.C.O.D.
**14.30** Harry Potter and the Prisoner of Azkaban
**16.55** Ninja-skjaldbökurnar
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Jólastjarnan 2015
**19.55** Eldhúsið hans Eyþórs Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu á sinn einstaka hátt. Í hverjum þætti af Eldhúsinu hans Eyþórs tekur hann fyrir vinsæl hráefni og töfrar fram úr þeim dýrindismáltíðir sem allir geta leikið eftir.
**20.25** Masterchef USA
**21.10** NCIS Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við flóknari mál.
**21.55** The Blacklist
**22.40** The Player
**23.25** Réttur
**00.15** Homeland
**01.00** Pacific Rim
**03.10** Need for Speed
**05.20** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**08.10** ÍR - Haukar
**09.35** Körfuboltakvöld
**11.15** Toronto - New Orleans
**13.15** Slóvenía - Úkraína
**15.00** Ungverjaland - Noregur
**16.45** Euro 2016 - Markaþáttur
**17.10** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**17.40** Rhein-Neckar Löwen - Montpellier
**19.00** Keflavík - KR Bein útsending
**21.00** NFL Gameday
**21.30** Danmörk - Svíþjóð
**23.10** UFC 193. Rousey vs. Holm

## SPORT 2

**12.40** Liverpool - Man. Utd.
**14.20** Stoke - Chelsea
**16.00** Messan
**17.15** Chelsea - Man. City
**19.00** PL Classic Matches: Liverpool - Manchester Utd, 2000
**19.30** Gary Neville
**20.00** Premier League World
**20.30** Arsenal - Tottenham
**22.10** Newcastle - Arsenal
**23.55** Euro 2016 - Markaþáttur
**00.20** Premier League World

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** European Tour 2015
**13.00** PGA Tour 2015
**16.15** PGA Tour 2015 - Highlights
**17.10** Golfing World 2015
**18.00** PGA Tour 2015
**21.00** European Tour 2015

## STÖÐ 3

**18.25** The Carrie Diaries
**19.10** Cougar Town
**19.30** Clipped
**19.55** Sullivan & Son
**20.20** Flash
**21.05** Gotham
**21.50** Arrow
**22.35** Who Gets the Last Laugh
**22.55** Lip Sync Battle
**23.20** Hollywood Hillbillies
**23.45** NCIS. Los Angeles
**00.25** Jonah. From Tonga
**00.55** Clipped
**01.20** Sullivan & Son
**01.40** Flash
**02.20** Gotham
**03.00** Arrow
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Lína Langsokkur
**07.00** Ljóti andarunginn og ég
**07.25** Lukku-Láki
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** UKI
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Brunabílarnir
**10.47** Latibær
**11.00** Ljóti andarunginn og ég
**11.22** Lukku-Láki
**11.44** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.54** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Brunabílarnir
**14.47** Latibær
**15.00** Ljóti andarunginn og ég
**15.22** Lukku-Láki
**15.44** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** UKI
**17.54** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Brunabílarnir
**18.47** Latibær
**19.00** Lási löggubíll

## GULLSTÖÐIN

**18.20** The Big Bang Theory
**18.40** Friends
**19.00** Modern Family
**19.30** New Girl
**19.55** Frikki Dór og félagar
**20.25**Tekinn 2
**20.55** Chuck
**21.45** Klovn
**22.15** Cold Case
**23.00** Cold Feet
**23.50** The Sopranos
**00.35** Broadchurch
**01.20** Frikki Dór og félagar
**01.45** Tekinn 2
**02.15** Chuck
**02.55** Klovn
**03.25** Cold Case
**04.10** Cold Feet
**05.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.25** Great Expectations
**12.15** Battle of the Year
**14.05** Ocean's Twelve
**16.10** Great Expectations
**18.00** Battle of the Year Skemmtileg mynd frá 2013 þar sem dansinn er allsráðandi. Stærsta danskeppni ársins er fram undan þar sem götudansarar frá öllum heimshornum berjast um sigurinn. Fyrrverandi körfuboltaþjálfari er fenginn til að þjálfa bandaríska liðið sem leggur allt í sölurnar til að sigra.
**19.50** Ocean's Twelve
**22.00** X-Men. The Last Stand
**23.45** Hercules Dwayne Johnson leikur Herkúles, hinn máttuga son Seifs konungs. Eftir miklar þjáningar og harðræði ákveður hann að snúa baki við guðunum og finna sjálfan sig en það reynist erfitt því hann er hvorki maður né guð. Hann verður málaliði og ferðast til Grikklands ásamt nokkrum tryggum samferðamönnum þar sem hann selur bardagaþjónustu sína hæstbjóðanda. Þegar konungur Þrakíu og dóttir hans leita eftir aðstoð Herkúlesar við að sigrast á illum stríðsherra áttar hann sig á því að til að réttlætið geti sigrað þarf hann að verða aftur sá sem hann var.
**01.25** A Good Day To Die Hard
**03.05** X-Men. The Last Stand

## RÚV

**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Stundin okkar
**18.19** Sveppir
**18.27** Kungfú Panda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Eldað með Ebbu
**20.45** Best í Brooklyn
**21.10** Ekkillinn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Evrópumót landsliða í skák
**22.35** Lögregluvaktin
**23.20** Downton Abbey
**00.10** Kastljós
**00.45** Fréttir
**01.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Generation Cryo
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.50** Dr. Phil
**14.30** Odd Mom Out
**14.55** Survivor
**15.40** The Muppets
**16.00** The Voice Ísland
**17.30** Dr. Phil
**18.10** The Tonight Show
**18.50** The Late Late Show
**19.30** Bakraddir
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Grandfathered
**20.35** The Grinder
**21.00** Scandal
**21.45** How to Get Away with Murder
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Blue Bloods
**00.35** Law & Order. Special Victims Unit
**01.20** Fargo
**02.05** Scandal
**02.50** How to Get Away with Murder
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



# Jólagjöf fagmannsins

KS TOOLS




179 stk.

**19.560.-**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Strákarnir eru fæddir á bilinu 1990 til 1994 og eiga framtíðina fyrir sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ HJÓLA Í ÞETTA, ÞAR SEM VIÐ HÖFÐUM VERIÐ AÐ VINNA Í TÍSKUFATAVERSLUNUM OG HÖFÐUM BRENNANDI ÁHUGA Á TÍSKU. OKKUR FANNST ÞÓ EITTHVAÐ VANTA, ÞAR SEM ALLIR ERU VOÐALEGA EINS KLÆDDIR HÉRNA.

# Heilluðu samfélagsmiðlasnilling með saumaskap

Oliver Luckett hefur tekið Inklaw Clothing undir sinn verndarvæng og ætlar að gera úr þeim stjörnur í Bandaríkjunum.

Oliver Luckett ætlar sumsé að koma okkur á kortið,“ segir Róbert Elmarsson, einn þríeykisins Inklaw Clothing sem hefur verið að gera það ansi gott undanfarið og kemur til með að færa út kvíarnar í byrjun næsta árs með hjálp þessa nafntogaða samfélagsmiðlasnillings. Auk Róberts eru þeir Guðjón Geir Geirsson og Anton Birkir Sigfússon mennirnir á bak við merkið, allir fæddir á tíunda áratug síðustu aldar í Hafnarfirði, með alls engan bakgrunn í fatahönnun. Liggur leið þessa íslenska herratískufatamerkis til Los Angeles í janúar þar sem stendur til að koma upp aðstöðu til framleiðslu.

„Luckett er náttúrulega einn sá fremsti á sínu sviði í heiminum í dag, og gríðarlega vel tengdur svo þetta verður spennandi,“ segir Róbert. Aðspurður hvernig standi á að þrír ungir Hafnfirðingar sem saumi og hanni föt rati í fangið á slíkum bandarískum stórlaxi segir Róbert það samstarf allt að því tilviljunarkennt. „Við fréttum af honum á landinu, og hittum hann svo fyrir slysni niðri í bæ. Þá gripum við gæsina og sögðum honum frá okkur, og hvernig við höfðum náð ansi góðum árangri á samfélagsmiðlunum með okkar vöru, og ætli hann hafi ekki bara séð eitthvað í okkur sem hann tengdi við. Auk þeirrar staðreyndar að Guðjón saumar allar vörurnar, og hann hefur sjálfur tekið upp á að læra að sauma með hjálp YouTube,“ segir Róbert og bendir á að Luckett sé enginn smákarl þegar kemur að stórsigrum á samfélagsmiðlunum en hann ber meðal annars ábyrgð á Selfiesong, sem tröllreið öllu, og rúmlega það, árið 2014. Þá hefur hann komið Disney á kortið á samfélagsmiðlunum og eflaust kannast flestir við herferðina „My Calvins“, fyrir nærfatalínu Calvin Klein, svo örfá dæmi séu nefnd.

Þá hafa þeir náð samningum við fjölmiðlafulltrúa vestanhafs svo nú er þeim ekkert að vanbúnaði með útrásina. „Við förum út til Los Angeles fyrr í haust í boði Lucketts, og þar sló hann upp viðburði þar sem áhrifamiklir einstaklingar létu sjá sig og vörumerkið okkar var svolítið kynnt,“ útskýrir Róbert, sem segir nánast fulla vinnu að halda sér niðri á jörðinni og skellir upp úr.



Luckett er býsna vel tengdur og mun eflaust reynast strákunum vel.



Segir Róbert meginmarkmiðið að heilla Bandaríkjamenn upp úr skónum, en hingað til hafa einmitt þeir, Ástralar og Bretar verið æstastir í Inklow-fötin. „Það sem oft þykir líka merkilegt, er að við auglýsum okkur ekkert nema bara á samfélagsmiðlunum og ég held ég geti sagt að við séum langstærsta fatamerkið á Íslandi á Instagram til dæmis, með okkar rúmlega þrjátíu og sex þúsund fylgjendur á Instagram.“

Strákarnir hafa eflst ansi hratt frá því að fyrirtækið var stofnað árið 2013, þá með áttatíu þúsund krónur í start sem þeir höfðu safnað sér í sumarvinnunni það árið. „Við ákváðum að hjóla í þetta, þar sem við höfðum verið að vinna í tískufataverslunum og höfðum brennandi áhuga á tísku. Okkur fannst þó eitthvað vanta, þar sem allir eru voðalega eins klæddir hérna,“ útskýrir Róbert. Fljótt vatt verkefnið upp á sig og síðan þá hefur greinilega ansi mikið vatn runnið til sjávar, og sífellt birtast fréttir þess efnis að stórstjörnur séu að skarta Inklaw-fatnaði og virðast heimsþekktir íþróttamenn hafa sérlegt dálæti á fötunum. „Það er svolítið sérstakt en auðvitað gaman, og frábær auglýsing fyrir okkur að sjá menn eins og Robert Lewandowski hjá Bayern München og NBA-leikmanninn Shaun Livingston, sem við sérsaumuðum á, nota fötin okkar,“ segir Róbert að lokum, yfir sig spenntur fyrir komandi tímum.



gudrun@frettabladid.is



# DEBENHAMS




## DIOR DAGAR Í DEBENHAMS 19.-25. NÓVEMBER

Kynnum nýja varaliti Dior Addict Lipstick og nýtt augnkrem í Capture Totale línunni. Sérfræðingar frá Dior verða á staðnum og veita þér faglega ráðgjöf varðandi förðum og við val á húðsnyrtivörum.

**20% afsláttur** af nýju Addict varalitunum.

**Glæsileg gjöf fylgir tveimur keyptum vörum í Dior.**

Vertu velkomin.

Finndu okkur á facebook

**Opið 11 til 21 í dag**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Íslandsvinurinn og poppprinsinn Justin Bieber er vinsælli en nokkru sinni fyrr og var umkringdur aðdáendum þegar hann tók nokkur lög í New York á dögunum.



Leikkonan Jennifer Lawrence var að sjálfsögðu viðstödd frumsýningu The Hunger Games: Mockingjay – Part 2 í Los Angeles en myndin verður frumsýnd hér á landi á föstudaginn.

# Frægir á ferð og flugi

Það er svo sannarlega búið að vera nóg um að vera hjá fræga fólkinu í vikunni enda nóg af tónleikum, frumsýningum og spjallþáttum sem þarf að sinna.



Leikkonan Cate Blanchett hnyklaði vöðvana þegar hún heimsótti Jimmy Fallon á dögunum.

Vilhjálmur prins sinnir hinum ýmsu verkefnum og heimsótti í gær Royal Marsden-spitalann í Sutton og skellti sér að sjálfsögðu í hvítan slopp við tilefnið.



Það var allt í gangi hjá Keanu Reeves þegar hann tók upp atriði fyrir myndina John Mick 2 í New York.

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 61,1%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.




Allt sem þú þarft ...

# Vinsælustu leikir 2015

Fallout 4 sló öll met þegar hann kom út fyrr í mánuðinum.

Fallout 4 hefur slegið öllum leikjum við og í raun öllu afþreyingarefni. Leikurinn halaði inn hvorki meira né minna en 750 milljónir dala eða tæpa 100 milljarða króna fyrsta sólarhringinn sem hann var í sölu. Áður hafði Call of Duty: Black Ops 3 verið í efsta sæti.

Fallout 4 seldist í tólf milljónum eintaka fyrsta sólarhringinn, en hann fór í sölu í Bandaríkjunum 10. nóvember. Vinsældirnar komu nokkuð á óvart, allavega að hann slægi nýjustu útgáfu Call of Duty við því sá leikur hefur verið talinn höfða til breiðari markhóps.

Aðrir leikir sem hafa gert vel í sölu það sem af er ári eru FIFA16, Batman: Arkham Knight og Metal Gear Solid svo dæmi séu tekin. Salan á Assasin's Creed fór einnig vel af stað, hann var vinsælasti leikur heims um skamma hríð í lok október.

Söluhæsta leikjatölvan sem telst til þeirrar kynslóðar sem nú er nýjust er Nintendo 3DS. Á þeim fjórum árum sem hún hefur verið í sölu hafa rúmlega 54 milljónir eintaka selst. PlayStation 4 hefur selst í rúmlega 29 milljónum eintaka, Nintendo Wii U hefur selst í tæplega 11 milljónum eintaka, Xbox One í tæplega 10 milljónum eintaka og tæplega fjórar milljónir af PlayStation Vita hafa selst síðan sú tölva fór í sölu árið 2011.

**FIFA 16**
vinsælasti íþróttaleikur ársins

**PLAYSTATION 4**
**29** milljónir seldar

**XBOX ONE**
**10** milljónir seldar

**NINTENDO 3DS**
**54** milljónir seldar

**Fallout 4**
Halaði inn 100 milljarða króna fyrsta sólarhringinn.

Umferð um klámvefinn
**Pornhub**
minnkaði umtalsvert þegar Fallout 4 kom út.


Það er nánast ómögulegt að fara frá A til B án þess að rekast á eitthvað forvitnilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/BETHESDA

# Jólunum vel varið í kjarnorkuauðn Boston

TÖLVULEIKIR
**Fallout 4**
★★★★★
PC

Fallout 4 er einhver stærsti og umfangsmesti leikur Bethesda. Hann lítur mjög vel út og spilun leiksins hefur tekið stakkaskiptum frá fyrri Fallout-leikjum. Leikurinn nýtir allt það besta úr fyrri leikjum Bethesda; Skyrim og Fallout 3. Þessi nýjasti leikur Fallout-seríunnar er sá besti hingað til og án efa einn af leikjum ársins.

Það er einstaklega erfitt að halda sig við efnið í Fallout 4. Að ætla sér að ferðast frá einum punkti til annars. Hvort sem leiðin er stutt eða löng er gífurlega margt sem hreinlega sýgur til sín athygli spilara. Auk meginsögu leiksins eru fjölmörg hliðarverkefni sem spilarar geta leyst. Í upphafi snýr saga leiksins að því að finna son aðalhetjunnar sem var rænt. Sú leit stökkbreytist þó fljótt í eitthvað mun stærra og umfangsmeira.

Fallout-leikirnir gerast í kjölfar kjarnorkustyrjaldar sem eyddi nær öllu lífi á jörðinni. Fámennir hópar fólks náðu þó að flýja í hvelfingar, þar sem kaldrifjaðar tilraunir voru framkvæmdar á flestum þeirra. Þeir byggja mikið á útliti og hugarfari í Bandaríkjunum eftir seinni heimsstyrjöldina, en í söguheimi Fallout er nánast allt kjarnorkuknúið og má þar nefna bíla og útvörp. Í raun er það verkefni spilara að byggja upp Boston og nærumhverfi borgarinnar rúmum 200 árum eftir stríðið sem eyddi nærri því öllu.

Sem svo oft áður í leikjum Bethesda eru margir litlir gallar og jafnvel stórir í leiknum. Þeir ná þó alls ekki að draga úr gæðum leiksins, þótt þeir geti verið pirrandi. Þá má gera ráð fyrir því að flestir þeirra verði lagaðir. Ef framleiðendur leiksins gera það ekki gera aðrir spilarar það. Bethesda ætlar að gefa út tól á næsta ári sem gerir spilurum kleift að breyta leiknum að vild eða „modda“ hann.

**FALLOUT-LEIKIRNIR GERAST Í KJÖLFAR KJARNORKUSTYRJALDAR SEM EYDDI NÆR ÖLLU LÍFI Á JÖRÐINNI. FÁMENNIR HÓPAR FÓLKS NÁÐU ÞÓ AÐ FLÝJA Í HVELFINGAR, ÞAR SEM KALDRIFJAÐAR TILRAUNIR VORU FRAMKVÆMDAR Á FLESTUM ÞEIRRA.**

Eldri leikir Bethesda lifa enn góðu lífi vegna mjög virkra samfélaga svokallaðra „moddara“ sem halda grafík leikjanna við og bæta gífurlega miklu við spilun þeirra. Í fyrsta sinn verður þeim sem spila leikina á leikjatölvunum Xbox One og PS4 gert kleift að nálgast modda, en þó ekki í því magni sem PC eigendur geta nálgast.

Niðurstaða: Fallout 4 er án efa einn af leikjum ársins. Það er nánast endalaust af verkefnum að leysa og uppbygging byggða kemur vel út og mun reynast tímafrek. Smáir gallar draga ekki mikið úr upplifuninni og endingartími leiksins verður langur. Hann hefur hátt endurspilunargildi, þar sem hægt er að ganga til liðs við mismunandi fylkingar í leiknum. Bardagakerfi leiksins hefur verið betrumbætt að miklu leyti og átök við einhverja af hinum fjölmörgu óvinveittu aðilum sem leikurinn hefur upp á að bjóða virka mun betur en í fyrri leikjum Bethesda. Þá hefur kjarnorkuauðn sjaldan eða aldrei litið betur út.

Samúel Karl Ólason

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.






# GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

## GJÖF SEM LIFNAR VIÐ

Gjafakortið er í fallegum umbúðum.
Gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

Sérstök jólatilboð



**Mamma Mia**
Miði fyrir tvo á ABBA söngleikinn sem enginn má missa af
12.900 kr.



**Njála**
Miði fyrir tvo á Njálu og eitt eintak af Brennu-Njáls sögu.
12.200 kr.



**Leikhúskvöld fyrir sælkera**
Gjafakort fyrir tvo og ljúffeng leikhúsmáltíð
12.500 kr.

**MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS**

# Túrað um Evrópu með OMAM

„Óraunveruleg upplifun að spila í Brussel daginn eftir hryðjuverkaárásina í París,“ segir Katrina Mogensen um lokasprett Evróputúrs sveitarinnar. Bandið er nú komið heim til að vera, að minnsta kosti þar til næsta plata er klár.



Það var einfaldlega magnað að spila fyrir svona rosalega marga á hverju kvöldi. Líkaminn er kannski kominn heim, en hausinn er líklega ekki væntanlegur til baka fyrr en um helgina,“ segir Katrina Mogensen, söngkona Mammút, sem fyrir andartaki sneri aftur eftir Evróputúr með Of Monsters And Men, þar sem Mammút sá um upphitun. „Við spiluðum í fimmtán borgum, og það var mjög gaman að sjá hve OMAM eru rosalega stórt band, með rosalega mikinn og stóran aðdáendahóp,“ segir Katrina og kveður það sannarlega sérstaka upplifun að spila í Brussel daginn eftir hryðjuverkaárásina í París á föstudagskvöld, þar sem Bataclan-tónleikahöllin var hertekin og fjöldi fólks myrtur á miðjum tónleikum.

„Það kom vissulega til tals að hætta við tónleikana en svo var ákveðið að gera það ekki. Þessir tónleikar voru því eins og ég segi mjög óraunverulegir og stemningin þrúgandi, en einhvern veginn stútfull af ást,“ útskýrir Katrina og á erfitt með að lýsa þessari upplifun. „Við í Mammút áttum jafnframt að fara til Lúxemborgar og spila á festivali þar, en sú hátíð var blásin af vegna voðaverkanna, þetta er auðvitað hrikalegt,“ segir hún.



Mammút naut sín að lang mestu leiti á meðan á túrnum stóð, en hér sést sveitin í sérlegu stuði fyrir tónleika í Hollandi. MYND/AÐSEND

**VIÐ KOMUM HEIM MEÐ MJÖG GOTT NESTI, BÚIN AÐ BIRGJA OKKUR UPP.**

Katrina segir Mammút og Of Monsters and Men hafa náð verulega vel saman og það hafi verið frábær reynsla og einstök upplifun að fara þennan túr með þeim. „Ætli maður sé nokkuð alveg búinn að átta sig alveg á þessu og meðtaka allt það sem var að gerast? Maður er í einhvers konar búbblu á meðan á ferðalaginu stendur.“

## Ný orka og innspýting með heim

Eftir dágóðan tíma saman um borð í einni rútu, segir Katrina ágætt að snúa aftur, en það sanni sig enn og aftur hve dýrmætt það er að ferðast með góðum vinum, sé ferðast svo náið og skellir upp úr. Nú séu þau komin heim í að minnsta kosti dágóðan tíma, enda plötusmíðar að fara á fullt og þau komi sannarlega innblásin til leiks.

„Við komum heim með mjög gott nesti, búin að birgja okkur upp fyrir veturinn og munum eyða honum í að semja nýtt efni fyrir plötuna sem kemur út í vor.“

Það er breski útgáfurisinn Bella Union sem hefur veg og vanda af útgáfunni. Aðspurð hvort pressa sé komin á þau frá aðdáendum um að fá nýtt efni svarar Katrina til: „Ætli það séum ekki við sjálf sem erum spenntust fyrir hvað kemur út úr þessu, við leyfum ferlinu einhvern veginn bara að gerast og reynum ekki að stjórna því of mikið, við tökum heilmikið úr þessum túr með okkur og blöndum við það sem við eigum fyrir. Eftirvæntingin er því okkar megin og spennan fyrir að sjá okkur sjálf og koma okkur á óvart,“ útskýrir hún glaðlega að lokum.

gudrun@frettabladid.is



# KLÚBBAKVÖLD

**25-40% AFSLÁTTUR** AF GARNI OG FYLGIHLUTUM

**25% AFSLÁTTUR** AF JÓLASERÍUM OG JÓLASKRAUTI

**15% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM KITCHENAID VÖRUM

**25% AFSLÁTTUR** AF GJÖCO MÁLNINGU

**20% AFSLÁTTUR** AF SMÁRAFTÆKJUM*

**25% AFSLÁTTUR** AF BÚSÁHÖLDUM

**25% AFSLÁTTUR** AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM

**25% AFSLÁTTUR** AF BARNABÍLSTÓLUM

**20% AFSLÁTTUR** AF SLÖKKVITÆKJUM OG REYKSKYNJURUM

**20% AFSLÁTTUR** AF LJÓSUM OG PERUM

**20% AFSLÁTTUR** AF RAFMAGNS-HANDVERKFÆRUM

**20% AFSLÁTTUR** AF HANDVERKFÆRUM

**25% AFSLÁTTUR** AF LISTMÁLARA-VÖRUM

**25% AFSLÁTTUR** AF HREINSIEFNUM

**25% AFSLÁTTUR** AF JOSERA GÆLADÝRAFÓÐRI

**15% AFSLÁTTUR** AF DEKKJUM

## FIMMTUDAGUR 19. NÓVEMBER KL. 18–21.

35 DAGAR TIL JÓLA!

**Allir velkomnir í verslanir okkar Breidd, Selfossi, Akureyri, Keflavík og Reyðarfirði.**

**Komið og gæðið ykkur á ljúffengum veitingum.**





**Hreimur Örn leikur ljúfa tóna á milli klukkan 19 og 20 í BYKO Breidd.**

### Verður heppnin með þér?

Heppnir viðskiptavinir fá miða á Línu Langsokk eða á Vegbúa með KK sem sýnd eru í Borgarleikhúsinu.




Viðskiptavinir geta unnið 10.000 króna gjafakort frá BYKO.

Kynningar verða á hinum ýmsu vörum. Ráðgjafar okkar verða á staðnum og aðstoða viðskiptavini.

Krono Original



**20% AFSLÁTTUR**

**Plastparket,** hnota, 6 mm, 3ja stafa, 193x1380 mm.

**895 kr./m²**
0113453
Almennt verð: 1.295 kr./m²

## ...OG VALDAR VÖRUR Á EINSTÖKU VERÐI!



**15% AFSLÁTTUR**

KitchenAid

**KitchenAid 150** hrærivél, hvít.
**75.995 kr.**
65602057
Almennt verð: 89.895 kr.



**40% AFSLÁTTUR**

Russell Hobbs

**RUSSELL HOBBS** George Foreman heilsugrill.
**8.395 kr.**
2083056
Almennt verð: 13.995 kr.



**42% AFSLÁTTUR**

BOSCH

**BOSCH AQT 37** háþrýstidæla, 130 bör.
**19.995 kr.**
74810237
Almennt verð: 34.595 kr.



**30% AFSLÁTTUR**

BOSCH

**BOSCH 500-RE** borvél, 500W, 13 mm sjálfherðandi patróna.
**6.925 kr.**
74860500
Almennt verð: 9.895 kr.

byko.is

Bæjarins beztu pylsur

**PYLSUVAGNINN Í BYKO BREIDD**

**Pylsa og drykkur á 400 kr.**
**Aðeins í BYKO Breidd.**



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Fíllinn í stofunni

Undanfarin vika hefur verið mannkyninu erfið. Fréttir af sjálfsmorðsárásum dynja á okkur úr öllum heimshornum. Margir setja upp franskan fána til þess að sýna samstöðu en aðrir eru brjálaðir yfir því að ekki sé boðið upp á líbanskan eða nígerískan fána. Hræsni er stóra vandamálið okkar.

En af hverju, hvernig og hvers vegna geta svona hræðilegir atburðir gerst í upplýstum samfélögum nútímans? Samfélögum sem hafa komið sér saman um það fyrir margt löngu að deilumál og ágreiningur skuli leyst án blóðsúthellinga, fyrir dómi eða með öðrum siðuðum sáttaleiðum.

Bent hefur verið á að auðvitað hafi þetta ekkert með trú að gera. Margir eru trúaðir en bara lítill hluti þeirra er vondur. Langflestir þeirra eru jafnvel rosalega góðir. Þetta getur ekki verið trúin. Er ekki líklegra að þetta orsakist af atvinnuleysi, útskúfun og slæmri félagslegri stöðu? Reyndar segja hryðjuverkamennirnir að þetta sé gert í nafni guðs. Spámaður þeirra hafi móðgast og það þurfi að refsa trúvillingum. En hvað vita þeir? Þeir eru bara orðnir vankaðir af slæmri meðferð Vesturveldanna og vita ekkert hvað þeir eru að segja. Auðvitað er þetta okkur að kenna en ekki trúnni.

Við megum alls ekki kenna trúnni um þetta. Því þá gætum við kannski þurft að endurskoða okkar eigin trú. Við komumst ekki langt í umræðunni með því að segja að Múhameð hafi verið rugludallur en Jesús hafi í alvörunni gengið á vatni. Þannig að við skulum bara hunsa fílinn í stofunni. Það má ekki stugga við honum. En þegar öllu er á botninn hvolft, þá hefði jafnvel aldrei verið neitt Ku Klux Klan án kristni. Og hugsanlega ekkert öfgaíslam án íslams. Eða hvað?


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

HJÁLPAÐU okkur að hjálpa ÖÐRUM
Landssöfnun Samhjálpar
TAKTU ÞÁTT!
SÍMI 905-2002 TIL AÐ GEFA 2.000 KR.
SÍMI 905-2004 TIL AÐ GEFA 4.000 KR.
SÍMI 905-2006 TIL AÐ GEFA 6.000 KR.
SÍMI 905-2010 TIL AÐ GEFA 10.000 KR.
Samhjálp
www.samhjalp.is


